

**SKOÐUN** Friðrik Rafnsson segir standklukkur í mannsmynd pínlega tímaskekkju. 18



**MENNING** XL, ný kvikmynd Marteins Þórssonar, verður frumsýnd á morgun. 46



**SPORT** Milan Stefán Jankovic var ráðinn aðalþjálfari Grindavíkur í þriðja sinn. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
17. janúar 2013
14. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



**Hjálparlína verði opnuð**
Fagaðilar leggja til að hjálparlína vegna kynferðisafbrota verði sett á laggirnar fyrir fórnarlömb, aðstandendur og gerendur. 6

**Draumurinn úti** Júlli neitar að yfirgefa verslunina Drauminn sem hann hefur misst til lánardrottna. 2

**Vilja óbreytt mengunarákvæði** Þrjú orkufyrirtæki hafa óskað eftir því að gildistöku mengunarákvæðis vegna brennisteinsvetnis verði frestað um sex ár. 4

**Efast um verðmat Ásvalla** Bæjarfulltrúi í Hafnarfirði segist enn hafa efasemdir um verðmat á Ásvöllum. 8




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 1° | A | 5 |
| Akureyri | 0° | SA | 3 |
| Egilsstaðir | 1° | S | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 5° | SA | 5 |
| Reykjavík | 3° | A | 7 |

**HVESSIR SÍÐDEGIS** Gengur í stífa suðaustan síðdegis með úrkomu um sunnan og vestanvert landið. Hiti 0-7 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**
Nýir bílar | Fólk




# Segja hættu á bólu á markaði vegna hafta

Íslandsbanki telur góða möguleika á vexti hlutabréfamarkaðar. Höftin geti þó skapað bólu á markaði. Skýrsla, ekki ætluð almenningi, var kynnt fjárfestum í síðustu viku. Hlutabréfaviðskipti tóku kipp og verð hækkaði eftir fundinn.

**VIÐSKIPTI** Miklir vaxtarmöguleikar eru á íslenskum hlutabréfamarkaði að mati greiningardeildar Íslandsbanka. Í skýrslu, sem rækilega er merkt þannig að hún sé ekki ætluð almenningi, er því spáð að gengi hlutabréfavísitölunnar muni hækka um 14 prósent á árinu 2013 og fjögur ný félög verði skráð á markað.

Skýrslan var kynnt á morgunverðarfundi með fjárfestum 10. janúar. Fjölmargir fjárfestar sátu fundinn, bæði fulltrúar verðbréfa- og lífeyrissjóða og einstaklingar.

Greiningardeildin segir að fjármagnshöft skekki verðmyndun og beini fjárfestum sem eigi krónur að innlendum fjárfestingarkostum. Það ýti verði þeirra upp. Þá haldi höftin vöxtum niðri, sem hækki eignaverð. Þetta geti valdið bólu á innlendum hlutabréfamarkaði.

Þrátt fyrir varnaðarorðin voru viðskipti gríðarlega mikil í kjölfar fundarins. Sama dag og hann var haldinn var velta með hlutabréf í Kauphöllinni 2,4 milljarðar og 2,6 milljarðar daginn eftir. Hlutabréfavísitalan hækkaði um 1,7 prósent og hefur hækkað áfram.

**128 milljarðar** er áætluð hrein fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna á árinu 2013.

- þsj, mþl / sjá síðu 12

Hékk sjálfur á netinu:
## Útvistaði vinnu sinni til Kína

**BANDARÍKIN Hugbúnaðarsérfræðingur í bandarísku fyrirtæki útvistaði allri vinnu sinni til Kína og eyddi dögum sínum í vinnunni á netinu. Upp komst um manninn þegar fyrirtækið lét kanna öryggismál sín.**

**Þá fundust tengsl við Kína og í ljós kom að maðurinn hafði gefið fyrirtæki í Shenyang aðgang að vinnutölvu sinni í marga mánuði. Við nánari skoðun fundust mörg skjöl með reikningum til mannsins frá kínverska fyrirtækinu.**

**Þá eru vísbendingar um að maðurinn hafi gert slíkt hið sama í vinnu hjá fleiri fyrirtækjum. Hann hafi verið með um 250 þúsund dollara í árslaun, eða rúmar 32 milljónir króna, en þurfti bara að borga Kínverjunum fimmtung launanna.** - þeb



**VONBRIGÐI** Ísland steinlá fyrir Danmörku á HM í handbolta í gær. Strákarnir okkar mæta Katar á föstudaginn og þurfa nauðsynlega sigur í þeim leik til að komast í 16 liða úrslitin. Þeir voru heldur daufir í dálkinn eftir leikinn í gær eins og sjá má á svip Björgvins Páls Gústavssonar. MYND/VILHELM

Stórt tap gegn Dönum:
## Strákarnir stóla á Danmörku

**HANDBOLTI** Ísland steinlá fyrir geysisterkum Dönum, 36-28, á HM í handbolta í gær. Strákarnir okkar héldu nokkurn veginn í við Danina í fyrri hálfleik en áttu aldrei möguleika í þeim síðari.

Úrslitin þýða að Danir eru öruggir með fyrsta sætið í riðlinum en Ísland er í fjórða sæti fyrir lokaumferð riðlakeppninnar á föstudaginn. Ísland mætir þá Katar í úrslitaleik um fjórða sætið en strákarnir geta skotist upp í þriðja sætið ef Danir vinna Makedóníu á sama tíma.

Ulrik Wilbek, landsliðsþjálfari Dana, lofaði því eftir leik að hans menn myndu gera sitt besta gegn Makedóníu. Hann getur þó leyft sér að gefa öllum sínum bestu leikmönnum frí í þeim leik.

Liðið sem endar í fjórða sæti B-riðils mætir líklega Frökkum, einu besta liði heims, í 16 liða úrslitum. Það vilja strákarnir okkar forðast í lengstu lög.

- esá / sjá síðu 40






Stofnanir telja best að láta náttúruna um niðurbrot síldar í Kolgrafafirði:
## Hægt að plægja síldina niður

**UMHVERFISMÁL** Verði veruleg ólykt af síldinni í fjörum Kolgrafafjarðar ætti að vera mögulegt að plægja hana niður eða grafa í skurði. Þetta er mat Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Vesturlands. Að öðru leyti fari best á því að láta náttúrulegt niðurbrot hafa sinn gang.

Stofnanirnar telja þó nauðsynlegt að fylgjast vel með og endurmeta stöðuna ef athuganir bendi til að fuglum stafi hætta af grút.

Umhverfisstofnun og Vegagerðin munu fara yfir upplýsingar um dýpi, vatnsskipti og strauma við brúna yfir Kolgrafafjörð. Umhverfisstofnun segir í tilkynningu að vatnsskipti í firðinum séu óbreytt frá því sem var áður en brúin var byggð.

Í Fréttablaðinu í dag kemur hins vegar fram að nokkuð skorti á vöktun lífríkis eftir að firðir séu þveraðir með brúm. - kóp, shá / sjá síðu 16



**ÚR KOLGRAFAFIRÐI** Um þrjátíu þúsund tonn af dauðri síld eru í firðinum. MYND/BJARNI SIGURBJÖRNSSON







## SPURNING DAGSINS



**Hrönn, verður Goðahverfið mest æsandi hverfi bæjarins?**

**„Það verður goðum líkast.“**
Hrönn Vilhelmsdóttir í Kaffi Loka er í áhugahópi sem vill styrkja ímynd svokallaðs Goðahverfis sunnan Skólavörðustígs með skreytingum sem minna á æsina sem götur hverfisins draga nöfn af.

Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í gær tillögur að hertri byssulöggjöf í Bandaríkjunum:

# Vill banna sjálfvirka riffla og auka eftirlit

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti biðlar til fulltrúadeildar Bandaríkjaþings að samþykkja víðfeðmar tillögur sínar um herta byssulöggjöf. Forsetinn kynnti tillögurnar á blaðamannafundi í Washington í gær.

Meðal þess sem forsetinn leggur til að þingið samþykki er að hríðskotarifflar verði bannaðir og að sala á skothylkjum sem geyma meira en tíu skot verði bönnuð. Þá vill hann að bakgrunnur kaupenda allra skotvopna verði skoðaður, en nú eru um fjörutíu prósent allra skotvopna keypt án eftirlits í einkasölu og á byssusýningum.

Forsetinn viðurkenndi á fundinum að tillögur hans myndu mæta mikilli andstöðu í þinginu. „Sjálfskipaðir spekingar, stjórnmálamenn og fulltrúar þrýstihópa munu vara við einræðislegri árás á frelsið, ekki af því að það er satt, heldur af því að þeir vilja vekja upp ótta eða auka gróðann sinn,“ sagði forsetinn meðal annars. „Og á bak við tjöldin munu þeir gera allt sem þeir geta til að koma í veg fyrir allar skynsamlegar tillögur og passa upp á að ekkert breytist.“

Obama skrifaði einnig upp á 23 aðgerðir sem ekki þarfnast fulltingis þingsins. Meðal þeirra eru rannsóknir á byssuofbeldi. - þeb

### 100.000 í landssamtök byssueigenda

Landssamtök byssueigenda í Bandaríkjunum, NRA, segja að hundrað þúsund manns hafi gengið í samtökin eftir harmleikinn í Sandy Hook-skólanum í Newton í desember síðastliðnum. Samtökin birtu auglýsingu fyrir blaðamannafundinn í gær þar sem forsetinn var sagður forréttindasinnaður hræsnari fyrir að láta vopnaða verði fylgja dætrum sínum í skólann en berjast gegn því að vopnaðir verðir yrðu í öllum skólum landsins. Talsmaður Hvíta hússins sagði í gær að auglýsingin væri ógeðfelld og hugleysisleg.



**SLYSIÐ** Brak úr þyrlunni dreifðist um göturnar á háannatíma, þegar mikill fjöldi fólks var á leið til vinnu. NORDICPHOTOS/AFP

Þyrla rakst á byggingakrana og hrapaði til jarðar:

## Mildi að fleiri létust ekki í London

**BRETLAND, AP Tveir létust og þrettán slösuðust þegar þyrla rakst á byggingakrana og hrapaði til jarðar á háannatíma í miðborg London í gærmorgun.**

**Flugmaður þyrlunnar og vegfarandi á götu létust í slysinu, auk þess sem einn hinna slösuðu er í lífshættu að sögn lögreglu. Yfirmaður hjá lögreglunni, Neil Basu, sagði það kraftaverki líkast að manntjón hafi ekki verið meira.**

**Flugmaðurinn hafði ætlað að fá að lenda á nálægum þyrlupalli vegna slæms veðurs, en þoka var í borginni.**

**Byggingakraninn stendur við háhýsi þar sem innréttaðar verða íbúðir fyrir auðmenn. - þeb**

Tíðar bílveltur í hálkunni:

## Ekki skal kippa snöggt í stýrið

**BÍLAR** Tíðar bílveltur undanfarið má rekja til þess að ökumenn hafa ekki verið viðbúnir hálku.

„Ef eitthvað bregður út af og menn missa stjórn á bílnum þá skiptir sköpum að bregðast við af yfirvegun og öfgalaust og reyna í rólegheitum að leiða bílinn aftur inn á veginn. Varast skal að kippa snöggt í stýrið eða hemla snögglega,“ segir í leiðbeiningum Umferðarstofu. Slík viðbrögð eru sögð geta gert illt verra og leitt til þess að bíllinn velti. - óká

**STJÓRNMÁL**

### Samstaða fer ekki fram

Sjö af níu stjórnarmönnum í Samstöðu, flokki lýðræðis og velferðar, eru hættir í stjórninni. Fráfarandi formaður segir að flokkurinn muni ekki bjóða fram í alþingiskosningum. Þá er til meðferðar innan flokksins tillaga um að breyta honum í þjóðmálafélag.

**ALSÍR**

### 41 gísl í haldi

Herskáir íslamistar tóku 41 gísl í grennd við gasvinnslustöð í Alsír í gær. Tveir létust þegar íslamistarnir réðust á rútu sem fólkið var í. Fólkið starfar fyrir gasvinnslustöðina, en talið er fullvíst að gíslatakan tengist hernaði Frakka í grannríkinu Malí.

# Júlli harðneitar að yfirgefa Drauminn

Dómari úrskurðaði í gær að kaupmaðurinn Júlíus Þorbergsson skyldi borinn út úr Draumnum við Rauðarárstíg og íbúð í sama húsi. „Hvernig dettur þeim það í hug?“ spyr Júlíus, sem hefur neitað að fara eftir nauðungaruppboð í október.

**DÓMSMÁL** „Ég fer bara ekki neitt,“ segir kaupmaðurinn Júlíus Þorbergsson, Júlli í Draumnum, sem býr sig nú undir það að menn á vegum Sýslumannsins í Reykjavík banki upp á hjá honum og beri hann út. Það gæti orðið á allra næstu dögum.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði um það í gær að bera skyldi Júlíus út úr verslunarhúsnæði Draumsins við Rauðarárstíg og íbúð í sama húsi. Verði af því er ljóst að saga Draumsins er á enda, að minnsta kosti á þessum stað þar sem verslunin hefur verið rekin í nærri aldarfjórðung við mismikinn fögnuð íbúa í nágrenninu.

Eignirnar tvær, sem skráðar eru á Draum ehf., voru settar að veði fyrir láni sem sonur Júlíusar tók. Lánið fór í vanskil og í hönd fór langt og strangt innheimtuferli sem reyndist árangurslaust. Í október síðastliðnum voru eignirnar því að lokum seldar á nauðungaruppboði. Júlíus hefur hins vegar harðneitað að fara.

Umráðaréttur yfir eignunum er nú hjá Íslandshótelum annars vegar og lögmanninum Jóni Magnússyni hins vegar. Magnús Jónsson, sonur Jóns, er lögmaður beggja aðila. Hann segir að eftir nauðungaruppboðið hafi Júlíus haft mánuð til að gera athugasemd við það til dómstóla. Það hafi ekki verið gert.

„Í kjölfarið fórum við fram á útburð,“ segir Magnús. Hann kveður líklegt að af honum verði á allra næstu dögum.

Júlíus segir málið hins vegar allt hið einkennilegasta, í ljósi þess að peningarnir sem sonur hans hafi átt að fá lánaða gegn veði í eignunum hafi aldrei skilað sér. Hann hafi verið svikinn og feðgarnir íhugi nú að fara í hart við lánveitandann. „Nú er hann að sigla í mjög mikil vandræði,“ segir hann. „Strákurinn skuldar honum ekki fimmaur.“

Og hann kveðst alls ekki ætla að láta bera sig út. „Ég fer náttúrulega ekki út úr mínu eigin húsnæði ef ég skulda ekki neitt. Hvernig dettur þeim það í hug?“

stigur@frettabladid.is



**JÚLLI Í DRAUMNUM** Júlli hefur rekið Drauminn í nærri 25 ár ár og hefur nokkrum sinnum fengið yfirvöld í heimsókn. Þessi mynd er tekin á góðri stundu árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ekki búinn að sitja af sér dóminn

Hæstiréttur staðfesti í lok september eins árs fangelsisdóm yfir Júlíusi fyrir að selja lyfseðilsskyld lyf út úr Draumnum. Júlíus kveðst ekki vera búinn að sitja af sér neinn hluta dómsins. „Ég veit ekki alveg hvernig þetta verður,“ segir hann.

Þegar lögregla gerði húsleit vegna þess máls í júní 2010 var Draumurinn innsiglaður. Lögregla taldi sig ekki geta haldið versluninni lokaðri eftir útgáfu ákæru og um áramótin 2011 og 2012 opnaði Júlíus hana á nýjan leik, einungis um mánuði áður en hann hlaut dóminn. Núna, ári síðar, er útlit fyrir að Draumurinn gæti verið á enda.


# SLAGUR VIÐ DRÓMA

Af hverju fáum við fyrrum viðskiptavinir Spron og Frjálsa fjárfestingabankans ekki banka eins og aðrir Íslendingar??

Nú er tækifærið, stöndum saman.
**„Þrotabú er ekki staður fyrir eðlilega bankastarfsemi“**

Samstöðufundur í kvöld 17. janúar kl. 20 í gamla Stýrimanna-Sjómannskólanum v/Háteigsveg 2.hæð

**Fundarstjóri:**
Ólafur Garðarsson, formaður H.H

**Facebook : SLAGUR VIÐ DRÓMA**
**slagurviddroma@gmail.com**


Lögregla réðst í húsleitir hjá Outlaws og handtók þrjá meðlimi:

# Fundu byssur og sprengiefni

**LÖGREGLUMÁL** Fjölmennt lögreglulið réðst til inngöngu í höfuðstöðvar samtakanna Outlaws í Hafnarfirði í fyrrakvöld og lagði þar hald á efni sem talið er að hægt sé að nýta til sprengjugerðar. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglu.

Í félagsaðstöðunni fannst einnig haglabyssa, sem reyndist vera stolin, og skotfæri. Húsleit var jafnframt gerð heima hjá félagsmönnum og þar fannst efni í sprengjugerð, loftskammbyssa og fíkniefni í söluumbúðum.

Þrír menn voru handteknir í aðgerðunum. Þeir eru á þrítugs-, fertugs- og fimmtugsaldri. Þremenningarnir voru yfirheyrðir í gær en sleppt úr haldi að því loknu.

Sérsveit lögreglu tók þátt í aðgerðunum og notaðist við sprengjuleitarhund og fíkniefnaleitarhund. - sh



**AÐALMAÐURINN** Víðir „tarfur“ Þorgeirsson var handtekinn í umfangsmikilli lögregluaðgerð í október. Gæsluvarðhaldskröfu á hendur honum var hafnað.

### „Þessu samtali er lokið“

„Ég tjái mig ekki við blaðamenn,“ sagði Víðir „tarfur“ Þorgeirsson, forsprakki Outlaws, þegar blaðamaður hafði samband við hann vegna málsins í gær.

Spurður hvort hann hefði verið einn hinna handteknu svaraði Víðir: „Því miður, ég get ekki svarað þér. Þessu samtali er lokið. Bless.“

# ÚTSALA



## Pottaplöntu-ÚTSALAN HEFST Í DAG!
### 20-50% afsláttur

friðarlilja, ástareldur, drekatré, burkni, fikus, alparós, þykkblöðungur & kaktusar orkidea, frúarlauf, gúmmítré zamioculcas, hawairós og margar fleiri plöntur!

**MIKIL VERÐLÆKKUN!**



**Fatnaður**
30-70% afsláttur



**Búsáhöld**
30-70% afsláttur



**Smáraftæki**
20-40% afsláttur



**Heimilistæki**
20-40% afsláttur



**Túlípanar**
10 stk
999 kr
1.499 kr



**Verkfæri**
15-30% afsláttur



**Líkamsræktartæki**
20% afsláttur



**Blöndunar- og hreinlætistæki**
20-25% afsláttur




**Málning**
20% afsláttur



**Parket og flísar**
10-30% afsláttur

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

## GENGIÐ
16.1.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,58 | 129,2 |
| Sterlingspund | 206,28 | 207,28 |
| Evra | 170,99 | 171,95 |
| Dönsk króna | 22,909 | 23,043 |
| Norsk króna | 23,05 | 23,186 |
| Sænsk króna | 19,752 | 19,868 |
| Japanskt jen | 1,4587 | 1,4673 |
| SDR | 197,66 | 198,84 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
233,7947

Lestur prentmiðla dróst lítillega saman á síðasta fjórðungi ársins 2012:

# Fréttablaðið áfram með yfirburði

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er áfram langmest lesna blað landsins samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent. 57,3 prósent landsmanna á aldrinum 12 til 80 ára lesa blaðið og 71,4 prósent í sama aldurshópi á höfuðborgarsvæðinu.

Mælingarnar eiga við um síðasta ársfjórðung 2012. Fréttatíminn er næstmest lesna blaðið með 41,3 prósenta lestur. Þriðja mest lesna blað landsins er Morgunblaðið, en 32,6 prósent landsmanna á aldrinum 12 til 80 ára lesa það. Þess má geta að lestur Bændablaðsins var mældur í fyrsta sinn í desember og reyndist þá 31 prósent. Þá les 19,1 prósent Monitor, 10,4 prósent DV og 9,4 prósent Viðskiptablaðið.

Lestur allra blaða nema Fréttatímans og Morgunblaðsins dregst saman milli ársfjórðunga, en hjá þessum miðlum jókst hann um tvö prósent. Mest dróst lestur DV og Viðskiptablaðsins saman, eða um 16 prósent. Samdrátturinn er þó minni sé aðeins litið til höfuðborgarsvæðisins.




Hættir eftir 29 ár:

# Sölvi seldi Björk

**VIÐSKIPTI** Sölvi Óskarsson hefur selt tóbaksbúðina Björk, en hann hefur rekið verslunina í 29 ár. Þetta kemur fram í Viðskiptablaðinu sem kemur út í dag. Kaupandinn er Johan Thulin Johansen en kaupverðið er ekki gefið upp.

Nokkur styr hefur staðið um sölu tóbaks hér á landi og þurfi úrskurð Hæstaréttar til að Sölvi mætti hafa vörur sínar sýnilegar í versluninni. Hann segir í samtali við Viðskiptablaðið að hann ætli að snúa sér að rabarbararækt á jörð sinni í Borgarfirði en verða þó með annan fótinn í Björk. **- kóp**



**ÚT AF SPORINU** Íbúa sakaði ekki þegar stolin lest fór út af sporinu og lenti á húsi þeirra í Saltsjöbaden í Stokkhólmi. NORDICPHOTOS/AFP

Stal lest og ók á hús:

# Konan illa slösuð eftir slysið

**SVÍÞJÓÐ** **Ekki var hægt að yfirheyra í gær hreingerningakonuna sem ók lest í fyrrinótt í Saltsjöbaden, einu af úthverfum Stokkhólms. Lestin fór út af sporinu og lenti á íbúðarhúsi en íbúana sakaði ekki.**

**Í ljós kom að lestinni hafði verið ekið um 1,5 kílómetra á 80 kílómetra hraða á klukkustund áður en slysið varð.**

**Sjálf slasaðist konan alvarlega og var flutt með þyrlu á sjúkrahús.**

**Íbúar í næstu húsum vöknuðu við mikinn hávaða og kváðust í viðtali við sænska fjölmiðla ekki hafa trúað sínum eigin augum þegar þeir litu út um gluggann.**

**Konan starfaði við að ræsta lestarvagna.** **- ibs**

**HAGSMUNASAMTÖK**

### FÍT verður deild í FÍH

Félag íslenskra tónlistarmanna (FÍT), sem stofnað var árið 1940 og gætir hagsmuna tónlistarmanna í sígildri tónlist, hefur gengið í Félag íslenskra hljómlistarmanna (FÍH). Fram kemur í tilkynningu að FÍT starfi áfram sem deild innan FÍH.

# Vilja að mengunarákvæði standi óbreytt næstu árin

Þrjú orkufyrirtæki hafa óskað eftir því að gildistöku mengunarákvæðis vegna brennisteinsvetnis verði frestað um sex ár. Verði óskinni hafnað kostar það milljarða fyrir fyrirtækin að kaupa tilskildan hreinsibúnað.

**UMHVERFISMÁL** Jarðhitafyrirtækin þrjú, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun og HS Orka, hafa óskað eftir því við umhverfisráðherra að gildistöku hertra ákvæða reglugerðar um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti verði frestað til ársins 2020. Reglugerðin var sett árið 2010, meðal annars til að draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í heild og á að taka gildi um mitt ár 2014.

Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri Orkuveitunnar, segir að aðalástæða þess að óskað er eftir frestuninni sé sú að þegar hert ákvæði reglugerðarinnar taki gildi þá verði fyrirtækið ekki tilbúið með mengunarvarnarbúnað á iðnaðarskala.

Orkuveitan hefur um árabil unnið að því að þróa nýja tækni til að draga úr styrk brennisteinsvetnis í útblæstri Hellisheiðarvirkjunar. Þá er brennisteinsvetnið skilið frá jarðgufunni og því blandað saman við affallsvatn sem leitt er um niðurrennslisholur aftur ofan í jarðhitakerfið. Ef þetta tekst er um hagkvæma og skilvirka lausn að ræða; reyndar umhverfisvænsta kostinn og þann hagkvæmasta, að sögn Hólmfríðar.

Aðrar lausnir eru mjög dýrar, en í ákvæðum starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem kann að valda mengun af völdum brennisteinsvetnis skal beita bestu fáanlegu tækni til að hamla loftmengun. Stofnkostnaður við að setja upp bestu fáanlegu tækni fyrir 90 megavatta virkjun, sem er skylt samkvæmt ákvæðum starfsleyfis fyrirtækisins, gæti orðið um tveir milljarðar króna og rekstrarkostnaður um einn milljarður króna. Hellisheiðarvirkjun er rúmlega 300 megavött.

**2014 2020**

**Orkufyrirtækin þrjú hafa óskað eftir því að gildistöku mengunarákvæðisins verði frestað um sex ár, til 2020.**

Umhverfisstofnun hefur tíma til 15. febrúar til að fjalla um ósk fyrirtækjanna og skila umsögn til ráðuneytis umhverfismála, sem fer með forræði í málinu. En hvað ef ósk fyrirtækisins um frestun gildistökunnar verður hafnað? Í viðtali við Fréttablaðið í maí 2011 fengust þau svör frá fyrirtækinu að ef tilraunaverkefnið skilaði ekki tilætluðum árangri yrði ráðist í fjárfestingar á hreinsibúnaði, enda væri ekki um neitt annað að ræða en mæta kröfum reglugerðarinnar.

Staða OR skipti þar engu um því fyrirtækið myndi mæta þeim kröfum sem fyrirtækinu væru settar varðandi mengun. Þessi afstaða fyrirtækisins er óbreytt, að sögn Hólmfríðar, enda ber fyrirtækinu að hlíta lögum og reglum. **svavar@frettabladid.is**



**Í FJARSKA** Hreinsibúnaður fyrir jarðhitavirkjanir krefst milljarða fjárfestingar, verði ósk um frestun hafnað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Óvissa ríkir um heilsufarsáhrif

Reglugerð um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti var sett sumarið 2010 þegar mengun frá Hellisheiðarvirkjun komst í hámæli. Rök Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra voru fyrrnefnd óvissa um heilsufarsáhrif og var það hennar mat að almenningur skyldi njóta vafans. Einnig eiga mörkin að koma í veg fyrir lyktarmengun og var talið nauðsynlegt að setja heilsuverndarmörkin við fimmtíu míkrógrömm í rúmmetra að meðaltali á 24 klukkustundum. Mörk Alþjóðlegu heilbrigðisstofnunarinnar (WHO) eru 150 míkrógrömm og eru sett með tilliti til mögulegra bráðaáhrifa á augu en ekki til langtímaáhrifa á heilsu fólks sem býr við þessa mengun að jafnaði.

Í reglugerð umhverfisráðherra er fyrirtækjum gefið aðlögunartímabil þannig að til að byrja með verður leyfilegt að fara fimm sinnum á ári yfir fimmtíu míkrógramma mörkin en frá og með júlí 2014 verður það óheimilt.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi.







**Á morgun**
10-20 m/s.




**Laugardagur**
Fremur stífur vindur.

**ROK OG RIGNING** Það kemur lægð upp að landi í dag með hvassri suðaustanátt og úrkomu um allt sunnan og vestanvert landið. Áfram hvasst á morgun og má gera ráð fyrir 20 m/s syðra og á miðhálendinu.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | -1° | Gautaborg | -3° | London | 0° | Orlando | 24° | San Francisco | 14° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 0° | Kaupmannahöfn | -3° | Mallorca | 18° | Ósló | -9° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 1° | Friedrichshafen | -4° | Las Palmas | 20° | New York | 5° | París | -3° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar. Geysir Skólavörðustíg og Akureyri, opið í dag frá 10 til 18. Sími 519 6000.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu mörg börn hafa fengið meðferð vegna óæskilegrar kynhegðunar hjá Barnaverndarstofu síðan 2009?
**2.** Hversu mörgum milljörðum munu lífeyrissjóðirnir tapa eftir uppgjör sín við föllnu bankana?
**3.** Eigendur hvaða kaffihúss vilja nota hið svokallaða Goðahverfi í Reykjavík sem aðdráttarafl fyrir ferðamenn?

**SVÖR:**
**1.** Um 60 börn **2.** Tæpum 70 milljörðum **3.** Kaffi Loka

Atvinnuleysi hefur haldist stöðugt í flestum ríkja OECD á meðan það hefur minnkað hér á landi:

# Færri án atvinnu hér en í nágrannaríkjum

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD var 8,0% í nóvember og breyttist ekki á milli mánaða. Alls eiga 34 þróuð ríki aðild að OECD.

Samanlagt eru því 48,2 milljónir án atvinnu í ríkjum OECD, en alls búa ríflega 1.245 milljónir í ríkjunum 34. Hæst fór atvinnuleysi í OECD í 8,9% árið 2009 skömmu eftir að alþjóðlega fjármálakreppan náði hámarki.

Atvinnuleysi í ESB hefur farið hækkandi síðustu mánuði, mest á evrusvæðinu. Í Bandaríkjunum og Kanada hefur atvinnuleysi hins vegar heldur farið lækkandi.

Sé Ísland borið saman við hin Norðurlandaríkin og Bretland kemur í ljós að á meðan atvinnuleysi hefur farið sífellt lækkandi á Íslandi síðustu misseri hefur það haldist nokkurn veginn stöðugt í hinum löndunum. Er atvinnuleysi því orðið lægst á Íslandi af þessum löndum ef frá er skilinn Noregur.

- mþl

**➜ Þróun atvinnuleysis 2009 – 2012**





Tenerife
30. janúar í 7 nætur
Frá kr. 108.775
með „öllu inniföldu“

Heimsferðir bjóða frábært verð á allra síðustu sætunum til Tenerife 30. janúar í viku. Í boði er einkar hagstætt verð á Hotel Adonis Isla Bonita með öllu inniföldu. Athugið að mjög takmörkuð gisting er í boði! Einnig önnur gisting í boði á afar hagstæðum kjörum.

Frá kr. 108.775 Hotel Adonis Isla Bonita
með „öllu inniföldu“
Netverð kr. á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi með allt innifalið.
Verð í tvíbýli kr. 134.500 með allt innifalið. Sértilboð 30. janúar í viku.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Komdu á kynningarfund núna í kvöld kl. 20:00



Fararstjórinn Jónas Þór kynnir ferðina „Hið stórbrotna Alaska“ sem stendur yfir frá 1. til 10. september 2013

„Hið stórbrotna Alaska“

Í kvöld kl. 20:00 halda Bændaferðir kynningarfund um ferðina „Hið stórbrotna Alaska“. Jónas Þór fararstjóri mun segja frá náttúru og menningu. Allir hjartanlega velkomnir.

Fáðu hagnýtar upplýsingar og heyrðu um stórfenglega landkosti í Matanuska -Susitna dalnum, McKinley fjallið í Denali þjóðgarðinum, einstakt dýralíf, undur Kodiakeyju og svo margt fleira.

Kynningarfundurinn verður haldinn í húsakynnum Bændaferða, Síðumúla 2 í Reykjavík, í kvöld (17. jan) kl. 20:00

Við erum fyrir alla landsmenn. Bókaðu utanlandsferðina núna. Bændaferdir.is.

Næstu kynningarfundir hjá Bændaferðum:
• Sri Lanka – sígræn og seiðandi. Mánudaginn 21. janúar kl. 20:00.
• Suður-Afríka. Þriðjudaginn 22. janúar kl. 20:00.
• Eþíópía – forn og framandi. Fimmtudaginn 24. janúar kl. 20:00.

Skoðaðu ferðirnar á bændaferðir.is
Hringdu í síma 570-2790, sendu póst á bokun@baendaferdir.is eða komdu til okkar í Síðumúla 2. Skrifstofan er opin frá kl. 8:30 -16:00 virka daga.
ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR


# Skoði möguleika á kynferðisbrotalínu

**Fagaðilar leggja til að hjálparlína sem fórnarlömb, aðstandendur og gerendur kynferðisbrota geta haft samband við verði sett á laggirnar. Hjálparlína var starfrækt á vegum Barnaheilla en gekk ekki vel. Þingnefnd tók vel í tillöguna á fundi.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Engin hjálparlína, hvorki í síma né á netinu, er starfrækt hér á landi fyrir þolendur kynferðisbrota. Fólk getur hringt í Neyðarlínuna í 112 eða í hjálparsíma Rauða krossins í síma 1717 og fengið þaðan samband við viðeigandi aðila.

Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, vakti athygli á málinu á fundi allsherjar- og menntamálanefndar á þriðjudag um viðbragðsáætlanir til að sporna við kynferðisbrotum gegn börnum. Flestir fundargestir tóku vel í tillögu Svölu, þá þingmenn sér í lagi, en Bragi Guðbrandsson benti á að hjálparlína fyrir börn hefði verið starfrækt undanfarin ár á vegum Barnaheilla og ekki gefist vel.

Svala telur slíka hjálparlínu fyrir þolendur, aðstandendur og mögulega gerendur kynferðisbrota mögulega geta hjálpað til við að koma kynferðisbrotamálum í eðlilegan farveg í kerfinu.

Hún bendir þá einnig sérstaklega á slíka línu fyrir gerendur sem finna fyrir hvötum sem þeir hafa áhyggjur af. Í 7. grein Evrópuráðssamningsins sé mælt fyrir um aðgang þeirra sem óttast að fremja brot af þessu tagi að aðstoð. Þó sé línan vissulega sér í lagi starfrækt fyrir þolendur og aðstandendur þeirra, en einnig fyrir aðra sem hafa grun um eða vita um aðstæður sem eru ekki í lagi og þurfa einhvern til að tala við og fá leiðsögn. Fólk sem ekki er tilbúið að snúa sér til yfirvalda, að minnsta kosti ekki á þessu stigi.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, og Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, tóku undir að hjálparlína sem þessi væri mikilvæg.

Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum, segir Ísland einfaldlega of fámennt til að það borgi sig að halda úti slíkri línu. Það hafi að minnsta kosti verið raunin þegar hjálparlínan Heyrumst.is var starfrækt í þrjú ár á vegum samtakanna. Hún segir flest málin sem rötuðu inn á línuna hafa verið mál tengd vinum, kærustum eða skólanum. „Sem betur fer voru mjög fá mál sem þurfti að bregðast við. Okkar reynsla er að þessi erfiðu mál endi ekki í svona línum,“ segir hún. „Það kostaði of mikið að halda þessu úti miðað við aðsóknina.“

sunna@frettabladid.is



**LEITAÐ EFTIR AÐSTOÐ** Vakin var athygli þingmanna á þeim möguleika að opna hjálparlínu fyrir þolendur og aðstandendur þolenda kynferðisbrota, sem og mögulega gerendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**112** Neyðarlínuna ættu allir að þekkja. Færri vita þó að hægt er að fá samband við barnaverndaryfirvöld, nótt sem dag, í gegn um númerið. Hægt er að tilkynna um möguleg brot eða annað slíkt í gegnum 112, sem gefur þér samband við viðeigandi aðila.

**1717** Hjálparsími Rauða krossins hefur verið starfræktur í mörg ár. Við hann starfar tæplega 100 manna hópur sjálfboðaliða við símsvörun. Meðal markmiða Hjálparsímans er að hlusta á og veita ráðgjöf fólki á öllum aldri, fólki sem þarf á stuðningi að halda.

Nýtt tilraunaverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins hefst í haust:

# Auka menntun á vinnumarkaði

**VINNUMARKAÐUR** Nýju tilraunaverkefni til að hækka menntunarstig á vinnumarkaði verður hleypt af stokkunum í haust. Það verður fjármagnað með afgangsfé úr vinnumarkaðs- og menntunarátaki síðustu tveggja ára. Þetta kynntu Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra og Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, í gær eftir fund með aðilum vinnumarkaðarins.

Verkefnið verður til eins árs og fer fram í Breiðholtshverfi í Reykjavík og í Norðvesturkjördæmi.

Þar verður meðal annars könnuð eftirspurn eftir endurmenntun, þróað samstarf milli símenntunarstöðva, framhaldsskóla og háskóla um endurmenntun, og nýjar námsleiðir út frá þörfum hvers svæðis, auk þess sem lagt verður mat á mögulegan kostnað við að beita úrræðunum um land allt.

Í minnisblaði sem var kynnt á fundinum kemur fram að 950 milljónum króna er óráðstafað hjá menntamálaráðuneyti og Atvinnuleysistryggingasjóði, miðað við áætlun vinnumarkaðs- og menntaátaks stjórnvalda og aðila vinnumarkaðsins árið 2011. Þeir fjármunir, auk þess sem af mun ganga í ár, verða notaðir til að fjármagna verkefnið.

- þj



**NÝTT ÁTAK Í MENNTUN** Ráðherrarnir Guðbjartur Hannesson og Katrín Jakobsdóttir kynntu í gær nýtt tilraunaverkefni í vinnumarkaðsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# ENN MEIRI AFSLÁTTUR

# 25%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 25% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 375 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 750 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 1125 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1500 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 2250 kr. |
| ~~7999-8999~~ kr. | ~~4000~~ kr. | 3000 kr. |

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




Kynntist unglingsstúlkum í skólanum og ungmennastarfi og braut á þeim:

# Braut gegn tveimur stúlkum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Vesturlands hefur dæmt 27 ára karlmann af Akranesi í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur unglingsstúlkum árið 2011. Honum er gert að greiða þeim 800 þúsund og eina milljón króna í miskabætur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa í tvígang brotið gegn annarri stúlkunni, sem þá var fjórtán ára gömul, með því að káfa á henni, kyssa hana og láta hana fróa sér. Hann hafði kynnst henni við störf sín í skólanum sem stúlkan gekk í.

Hinni stúlkunni, sem þá var þrettán ára, kynntist hann fyrst þegar hann lék trúð í ungmennastarfi og tók reglulega að sér að mála andlit krakka á skemmtunum. Eftir að kynni tókust með honum og stúlkunni braut hann gegn henni átta sinnum, strauk henni innan klæða, kyssti hana og áreitti kynferðislega.

Maðurinn var sakfelldur fyrir allt sem honum var gefið að sök þrátt fyrir að neita að hafa gert nokkuð af sér. Framburður hans var metinn ótrúverðugur. **- sh**

## Hæstiréttur ógilti fyrri dóminn

Þetta er í annað sinn sem Héraðsdómur Vesturlands dæmir í málinu. Hæstiréttur ógilti fyrri dóminn þar sem láðst hafði að þýða nauðsynleg málsskjöl fyrir sakborninginn, sem er frá Palestínu, yfir á arabísku. Í fyrra skiptið fékk hann einnig tveggja ára dóm.

# Bæjarfulltrúar efast um verðmat Ásvalla

Kaup Hafnarfjarðar á hlut Hauka í Ásvöllum voru samþykkt í tímapressu, segir bæjarfulltrúi. Hann hafi enn efasemdir um verðmatið en að orðið hafi að taka þá trúanlega sem veittu upplýsingar. Áhersla lögð á að samningurinn sé uppsegjanlegur.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ég hef vissar áhyggjur af verðmatinu sem lagt er til grundvallar,“ sagði Helga Ingólfsdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, á bæjarstjórnarfundi í Hafnarfirði í gær. Þar var ræddur samningur um kaup bæjarins á 20 prósenta hlut Hauka í íþróttamannvirkjum á Ásvöllum.

Samkvæmt samningnum, sem samþykktur var einróma í bæjarráði á 28. desember, eignast bærinn Haukahlutinn smám saman á 25 árum og greiðir fyrir hann 271 milljón króna á núvirði.

Geir Jónsson, fulltrúi minnihluta Sjálfstæðisflokks, sem sat bæjarráðsfundinn 28. desember sem varamaður, sagði á bæjarstjórnarfundinum í gær að ákvörðunin þá hefði verið tekin í tímapressu en hefði verið skásti kosturinn. Orðið hefði að taka trúanleg orð þeirra sem veittu bæjarráðinu upplýsingar. Enginn hefði viljað að Landsbankinn, sem er lánardrottinn Hauka, eignaðist hlut í Ásvöllum. „Það vorum við öll sammála um að væri mjög slæmur kostur í stöðunni,“ sagði Geir, sem eins og fleiri kvaðst hafa efasemdir um verðmat mannvirkjanna og bíða því nánari úttektar sem verið er að vinna.

Gunnar Axel Axelsson, formaður bæjarráðs úr Samfylkingu, undirstrikaði að ekki væri verið að færa skuldir Hauka yfir á bæjarsjóð því bærinn myndi eignast húsið fyrir sitt framlag. „Ég held að ég geti fullyrt að ekkert okkar hafi gert það með sérstakri ánægju,“ sagði Gunnar þó um samþykkt samningsins. Hann bætti við að samkomulag Hauka um afskriftir á skuldum við Landsbankann hefði „hangið á spýtunni“ því bankinn hefði gert aðkomu bæjarins að skilyrði fyrir afskriftunum.



**BÆJARSTJÓRN HAFNARFJARÐAR** Farið var yfir umdeildan samning um kaup bæjarins á hlut Hauka í Ásvöllum á bæjarstjórnarfundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég held að ég geti fullyrt að ekkert okkar hafi gert það með sérstakri ánægju.**
>
> *Gunnar Axel Axelsson, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar.*

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri úr Vinstri grænum, sagði verðmatið á Ásvöllum byggja á kostnaðarverði og afskriftum. Eins og fleiri undirstrikaði Guðrún að samningurinn væri uppsegjanlegur á hverju ári og því ekki endanlegur.

Rósa Guðbjartsdóttir úr Sjálfstæðisflokki sagði við Fréttablaðið að enginn hefði verið „sérstaklega ánægður“ með að þessi staða hefði komið upp.

„Eftir ýtarlega umræðu í okkar hópi var niðurstaðan sú að skynsamlegra væri að bærinn eignaðist þennan hlut með þessum hætti, en að þurfa að leigja fyrir sambærilega upphæð á hverjum mánuði,“ sagði Rósa. „Hefði þessi vandi ekki verið leystur þá hefði íþróttastarfsemi á þessu fjölmenna svæði verið sett í uppnám og þá sérstaklega íþróttakennsla.“ **gar@frettabladid.is**

Nauðsynlegt að rannsaka afleiðingar ofbeldis gegn börnum mun betur:

# Vonleysi einkennir fórnarlömb

**SAMFÉLAGSMÁL** Mikill munur er á andlegri líðan barna og unglinga eftir því hvort þau hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi eða ekki.

Um 70 prósent stúlkna sem orðið hafa fyrir slíku ofbeldi eru oft eða nær alltaf einmana. Þá eru drengir sem hafa verið beittir ofbeldi þrisvar til fjórum sinnum líklegri til að finnast framtíð sín vonlaus en þeir sem ekki hafa verið beittir kynferðisofbeldi.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu UNICEF á Íslandi um ofbeldi gegn börnum.

UNICEF óskaði eftir niðurstöðum úr eldri rannsóknum meðal 9. og 10. bekkja þar sem svör við spurningum um kynferðislegt ofbeldi eru borin saman við andlega líðan og ýmsa áhættuþætti. Forsvarsmenn UNICEF á Íslandi segja afar mikilvægt að rannsaka þessi mál í þaula og að slíkar rannsóknir séu á hendi eins aðila. **- sv**

## Framtíðin vonlaus eftir ofbeldið

**70%** stúlkna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hálfu fullorðins eru oft eða nær alltaf einmana.

**50%** stúlkna sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi finnst framtíðin vera vonlaus oft eða nær alltaf.

**3** sinnum líklegra er að stúlkum finnist framtíðin vonlaus ef þær hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi.

**70%** drengja sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að stundum eigi ofbeldi rétt á sér.

**5** sinnum líklegra er að drengjum sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi líði oft eða nær alltaf illa í skólanum en öðrum drengjum




# UM 50 MILLJÓNIR
## DREGNAR ÚT Í HVERJUM MÁNUÐI

**Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja.**
**SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.**

VERTU VINUR - **DRÖGUM Í DAG**

**Tryggðu þér vinanúmer núna á sibs.is eða í síma 560 4800**

25.308 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð: **1.200 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS

H:N Markaðssamskipti / SÍA

## HÆTTULEG STRUMPALJÓS INNKÖLLUÐ



Neytendastofa hefur vakið athygli á innköllun á strumpaljósi/moodlight. Í frétt á vef Neytendastofu segir að um sé að ræða 10 cm háan lampa með strikamerkinu 8717624274039 sem dreift hefur verið af fyrirtækinu NORSTAR AB í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Auðvelt er fyrir börn að fjarlægja rafhlöðulokið. Bent er á að það geti haft alvarlegar afleiðingar kyngi börn rafhlöðunum. Ekki er vitað til þess að þetta strumpaljós hafi verið selt hér á landi. Neytendastofa biður þá sem kunna að eiga lampa af umræddri gerð að farga honum á öruggan hátt eða senda hann aftur til NORSTAR og fá endurgreitt.

## TE & KAFFI FRAMLEIÐIR LÍFRÆNT KAFFI



Te & kaffi verður fyrsta lífræna kaffibrennslan hér á landi. Fyrirtækið fékk á dögunum vottun frá vottunarstofunni Túni um framleiðslu á lífrænu kaffi, að því er segir í fréttatilkynningu. Kaffibrennslan hóf nýlega að framleiða kaffiblöndu úr lífrænum kaffibaunum fyrir vörulínuna Himneskt sem fyrirtækið Aðföng markaðssetur. Yfir 100 fyrirtæki og bændur hafa hlotið vottun til lífrænnar framleiðslu hér á landi. Auk þess vottar Tún nú framleiðslu fyrirtækja á náttúruvörum og aðföngum til lífrænnar framleiðslu.

# Mikilvægt að gert sé skriflegt tilboð

**Neytendasamtökin aðstoða við að útkljá deilur við iðnaðarmenn. Hægt að skjóta málum til þriggja nefnda. Viðskiptavinir kvarta vegna fúsks og hárra reikninga.**

Neytendur sem ósáttir eru við þjónustu iðnaðarmanna geta snúið sér til Neytendasamtakanna. Takist ekki að útkljá deilur er hægt að skjóta málunum fyrir þrjár mismunandi kæru- og úrskurðarnefndir. „Sú nefnd sem langmest er leitað til er kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa sem hýst er hjá Neytendastofu. Ekki þarf að greiða málskotsgjald sem er kostur en ákvörðun nefndarinnar er hins vegar ekki bindandi,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, starfsmaður Neytendasamtakanna. Samtökin vilja að þau fyrirtæki sem ekki virða úrskurð nefndarinnar séu nafngreind opinberlega og benda á að slíkt þekkist annars staðar á Norðurlöndum.

Úrskurðarnefnd Neytendasamtakanna, Samtaka iðnaðarins, Meistarafélags húsasmiða, Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði og Húseigendafélagsins var sett á fót 1998. Að sögn Brynhildar hafa afar fá mál farið fyrir þessa nefnd sem hún segir meðal annars skýrast af því að oft tekst að leysa ágreininginn. „En erfiðustu málin snúa oft að iðnaðarmönnum sem ekki eru í meistarafélagi.“

Árið 2010 var sett á fót ný úrskurðarnefnd, að því er segir í frétt á vef Neytendasamtakanna. Aðild að henni eiga Meistaradeild byggingagreina innan Samtaka iðnaðarins, MSI, Neytendasamtökin og Húseigendafélagið. Nefndin úrskurðar um deilumál sem upp koma vegna viðskipta neytenda við félagsmenn MSI og varða viðskipti yfir 100.000 krónur. Málskotsgjald er 15.000 krónur en jafnframt geta aðilar þurft að greiða málskostnað að hámarki 100.000 krónur tapi þeir máli fyrir nefndinni.

Bent er á að kosturinn við nýju nefndina sé sá að iðnaðarmenn sem heyra undir eitthvert meistarafélaganna skuldbinda sig, eða því sem næst, til að fara eftir niðurstöðu nefndarinnar auk þess sem kaupanda eru tryggðar þær bætur sem hann á rétt á í gegnum ábyrgðasjóð MSI.



**ÞJÓNUSTA** Þeir sem ósáttir eru við þjónustu iðnaðarmanna geta snúið sér til Neytendasamtakanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **En erfiðustu málin snúa oft að iðnaðarmönnum sem ekki eru í meistarafélagi.**
>
> *Brynhildur Pétursdóttir*
> *starfsmaður neytendasamtakanna*

Stundum er kvartað yfir fúski en algengast er að kvartað sé vegna reikninga sem neytendur telja of háa eða ekki í samræmi við það sem um var samið. „Oft nær maður samkomulagi og iðnaðarmaðurinn lækkar reikninginn en sumir setja strax í innheimtu,“ segir Ingibjörg Magnúsdóttir, fulltrúi leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna.

Hún leggur áherslu á að það sé beggja hagur að gert sé skriflegt tilboð í upphafi.

ibs@frettabladid.is






# eBOX

*auðveldar smásendingar*

**Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA SMÆRRI SENDINGAR**

**EINFÖLD REIKNIVÉL Á eBOX.IS**

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

FITON / SÍA

EIMSKIP

eBOX

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!




LAND ROVER DISCOVERY 4S
Nýskr. 06/11, ekinn 53 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151662

Glæsilegt eintak kr. 9.980 þús.





NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/12, ekinn 24 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 7.690 þús.
Rnr.2141447.

SUZUKI GRAND VITARA LUX
Nýskr. 06/10, ekinn 92 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð kr.3.790.000
TILBOÐ kr. 3.090 þús.




HYUNDAI I30 CLASSIC
Nýskr. 03/10, ekinn 61 þús km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 1.890 þús.
Rnr.280354.

SUZUKI SWIFT 4WD
Nýskr. 05/11, ekinn 44 þús. km. bensín, beinskiptur.
Verð kr.2.280.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.





NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 06/11, ekinn 29 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 4.990 þús.
Rnr.141350.

HYUNDAI SONATA GLS
Nýskr. 07/07, ekinn 67 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 1.990 þús.
Rnr.190703.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

# Hætta á bólumyndun á hlutabréfamarkaði

Í spá Íslandsbanka um þróun hlutabréfamarkaðs, sem er ekki ætluð almenningi, kemur fram að bankinn telji mikla vaxtamöguleika vera á honum. Mælt er með kaupum í Icelandair, Eimskip og Högum. Hætta er talin á að höftin skapi bólu.

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is
Magnús Þorlákur Lúðvíksson
magnusl@frettabladid.is



Gengi hlutabréfavísitölunnar mun hækka um 14 prósent á árinu 2013, fjögur ný félög verða skráð á markað og töluverð hætta er á verðbólu á hlutabréfamarkaði. Þetta eru helstu niðurstöður í spá greiningardeildar Íslandsbanka sem kynnt var í síðustu viku. Strax í kjölfar kynningarinnar jukust viðskipti á hlutabréfamarkaði umtalsvert.

Íslandsbanki hélt morgunverðarfund með fjölmörgum fjárfestum fimmtudaginn 10. janúar síðastliðinn. Þann fund sátu meðal annars valdir einstaklingar ásamt fulltrúum lífeyris- og verðbréfasjóða. Á honum kynnti bankinn afkomuspá sína fyrir íslenskan hlutabréfamarkað árið 2013. Spáin, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, er kirfilega merkt þannig að hún sé ekki ætluð almenningi.

Í niðurstöðum Íslandsbanka kemur fram að greining bankans telur að hlutabréfavísitalan muni hækka um fjórtán prósent á árinu 2013. Það er aðeins minni hækkun en á árinu 2012 þegar vísitalan hækkaði um 16,5 prósent. Einstök félög hækkuðu þó meira á því ári. Icelandair hækkaði til dæmis um 63 prósent og Hagar um tæp 40 prósent.

Þetta er í andstöðu við þá þróun sem á sér stað í nágrannalöndum okkar þar sem vaxtarmöguleikar hafa víðast hvar dregist saman samhliða minnkandi hagvexti.

Í spánni segir að bankinn telji að „spurn eftir innlendum hlutabréfum verði talsverð á árinu. Hrein fjárfestingaþörf lífeyrissjóðanna er áætluð um 128 ma.kr. á árinu 2013. Reikna má með því að stór hluti þess fjármagns leiti inn á hlutabréfamarkaðinn m.a. vegna þess að eign þeirra í innlendum hlutabréfum er enn talsvert undir fjárfestingastefnu sjóðanna. Því til viðbótar er mikið af innlánum sem munu eflaust leita í hlutabréf þegar kostirnir þar verða fleiri“.




**SKRÁNINGAR** Síðasta félagið sem skráð var á markað var Vodafone, en bréf þess voru tekin til viðskipta í desember 2012. Íslandsbanki spáir því að fjögur félög verði skráð á markað í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kennitölusamanburður Íslandsbanka bendir til þess að Icelandair, Hagar og Eimskip séu þeir fjárfestingarkostir sem helst ætti að fjárfesta í auk þess sem kauptækifæri séu í Regin, sem sé þó langtímafjárfesting.

Íslandsbanki telur enn fremur að fjögur félög verði skráð á markað á þessu ári. Þau eru Reitir, TM, N1 og Advania. Bankinn áætlar að samanlagt markaðsvirði eiginfjár þeirra verði á bilinu 39 til 44 milljarðar króna. Til samanburðar má nefna að markaðsvirði Eimskips og Icelandair er hvort um sig tæplega 50 milljarðar króna. Því er stærð þeirra félaga sem búist er við að komi inn á markaðinn tiltölulega hófleg.

Í niðurstöðum greiningar Íslandsbanka segir að fjármagnshöftin sem eru við lýði skekki verðmyndun á innlendum hlutabréfamarkaði og öðrum eignamörkuðum. Þau beini fjárfestum sem eiga krónur að innlendum fjárfestingarkostum og þrýsti þar af leiðandi verði þeirra upp. Þá haldi þau vöxtum niðri sem hækkar eignaverð. Í spánni segir að hvort tveggja geti valdið verðbólu á innlendum hlutabréfamarkaði. Kennitölusamanburður á íslenskum og erlendum samanburðarfélögum þykir ekki benda til að bóla sé að myndast á íslenska hlutabréfamarkaðnum enn sem komið er en að „hættan á að slík verðbóla skapist er þó talsverð og vex hættan eftir því sem höftin eru hér lengur“. - þsj / mþl

**9,9%** er sú hækkun sem hefur orðið á úrvalsvísitölunni OMXI6 frá áramótum.

**14%** er spáð hækkun á hlutabréfavísitölu Kauphallarinnar á árinu 2013.

**63 prósent** er hækkun bréfa í Icelandair í fyrra.

**4 FÉLÖG** eru talin verða skráð á markað á árinu 2013. Þau eru:

REITIR, TM, N1, advania

**128 milljarðar** er áætluð hrein fjárfestingaþörf lífeyrissjóðanna á árinu 2013.

## Gríðarlega mikil viðskipti í kjölfar fundarins

Morgunverðarfundur Íslandsbanka með fagfjárfestum um horfur á íslenskum hlutabréfamarkaði fór fram á fimmtudag í síðustu viku, þann 10. janúar. Hvort það er tilviljun skal ósagt látið en í kjölfarið tóku við tveir allra æsilegustu viðskiptadagar á hlutabréfamarkaði frá bankahruni. Á fimmtudeginum var velta með hlutabréf í Kauphöllinni 2,4 milljarðar króna og daginn eftir var veltan 2,6 milljarðar. Til samanburðar var meðalvelta á dag 356 milljónir á síðasta ári. Velta þessa tvo daga var því ríflega sjöföld á við meðaltalið í fyrra og hækkaði úrvalsvísitalan OMXI6 um 1,7% á þessum tveimur dögum. Síðan hefur hún raunar haldið áfram að hækka og er árshækkunin orðin 9,9% á fyrstu ellefu viðskiptadögum ársins.

Í afkomuspá þeirri sem kynnt var á fundinum var sérstaklega bent á Icelandair Group, Haga og Eimskip sem hagkvæma fjárfestingarmöguleika. Þá var sagt kauptækifæri í bréfum Regins þótt um langtímafjárfestingu væri að ræða. Öll félögin hækkuðu nokkuð í kjölfarið.

Á fimmtudag og föstudag hækkaði verð bréfa í Icelandair Group um 5,9%, verð bréfa í Högum um 1,2%, verð bréfa í Eimskip um 1,6% og verð bréfa í Reginn um 6,0%. Síðan hefur Icelandair Group hækkað um 1,5% til viðbótar, Eimskip um 1,2%, Reginn um 2,3% til viðbótar og þá hefur hlutabréfaverð Haga haldist óbreytt.

# SALATBAR

INNIHALDSLÝSING OG NÆRINGARGILDI ER Á ÖLLUM RÉTTUNUM

## FERSKUR OG FJÖLBREYTTUR




ENDUR-VINNANLEGAR UMBÚÐIR

Yfir 40 spennandi réttir t.d.

- Pastaskrúfur í paprikudressingu
- Hvítlaukspasta
- Tortelini með engifer
- Núðlur í súrsætrisósu
- Heilhveitipasta í tómatdressingu
- Núðlur í BBQ sósu
- Rifinn kjúklingur
- Kínakálsblanda
- Garðsalat
- Spínat
- Klettasalat
- Paprikublanda
- Rifnar Gulrætur
- Agúrkur
- Rauðlaukur
- Rauð Paprika söxuð
- Kús kús
- Hummus
- Sæt kartöflumús
- Skinkuréttur
- Cherry tómatasalat
- Buffaló kjúklingavængir
- Olífumix í kryddolíu
- Surimi salat
- Hrásalat með mangó
- Asíublanda
- Ferskt salsa
- Quinoasalat með trönuberjum
- Kartöflusalat úr sætum kartöflum
- Baunasalat
- Perusalat
- Kartöfluréttur
- Maíssalat
- Rótargrænmeti
- Grísakjöt með grænmeti
- Kjúklingabollur
- Melónur
- Brauðteningar
- Túnfiskur
- Ananas
- Kotasæla
- Egg



### POPITAS ZERO KYNNINGAR

Í Garðabæ í dag kl. 15-19, í Skeifunni föstudag kl. 15-19 og í Smáralind og Kringlunni laugardag kl. 12-16




**POPITAS ZERO ÖRBYLGJUPOPP**
Örbylgjupopp án viðbætrar fitu.

### ALOE KYNNINGAR

í Smáralind í dag, í Spönginni á föstudag og í Garðabæ á laugardag.




**OKF ALOE VERA KING**
Acaiberja, bláberja og gojiberja

TILBOÐ 3.899 V.Á. 4.899




**CLA 1000 FITUSÝRUR**
öflugur stuðningur við fitubrennslu ásamt því að vera ein öflugasta krabbameinsvörn sem þekkist í matvælum.

### PROFITT KYNNINGAR

í Skeifunni í dag og föstudag, í Spönginni í dag og laugardag. Á Akureyri og í Garðabæ föstudag og laugardag og í Smáralind laugardag.

TILBOÐ 2.897 V.Á. 3.979




**PROFITT**
Megrunarfæði, prótein og mysuprótein

20% AFSLÁTTUR Á KASSA




### NOW KYNNINGAR

Í Garðabæ í dag kl.15-18, í Skeifunni föstudag og laugardag kl.16-19 og í Kringlunni laugardag kl.13-16

**NOW VÍTAMÍN**
NOW vörurnar bera GMP stimpilinn (Good Manufacturing Practices).




10% AFSLÁTTUR Á KASSA

**ÞORSKALÝSI**
Hrein hollusta með háu hlutfalli af fjölómettuðum fitusýrum og auðug af A- og D- vítamínum. Með E-vítamíni.

Gildir til 20. janúar á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*




PIPAR\TBWA • SÍA • 130077

**COLUMBIA** NORTHBEND HERRA- OG DÖMUSKÓR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 22.990 KR.

**DIDRIKSONS** VONZO PEYSA
**3.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.990 KR.

**COLUMBIA** ANTI PEAK HERRASKÓR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.

**RISA-SKÓMARKAÐUR**

**MOUNTAIN HARDWEAR** MONKEY PEYSA
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.

**COLUMBIA** SKYWAY DÖMUSKÓR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 28.990 KR.

**VIKING** WOODPECKER VATNSHELDIR BARNAGÖNGUSKÓR
**10.900 KR.**
VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.

**MOUNTAIN HARDWEAR** DOWNTOWN ÚLPA
**34.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

**SOREL** YOOT PAC BARNAKULDASKÓR
**14.392 KR.**
VERÐ ÁÐUR 17.990 KR.

**COLUMBIA** ROPE TOW BARNASKÓR
**10.493 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.

**30-50% AFSLÁTTUR AF SCOTT VÖRUM**

**BERGANS** MITTISTASKA
Svört.
**5.618 KR.**
VERÐ ÁÐUR 7.490 KR.

**COLEMAN** XYLO SVEFNPOKI
**4.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 7.990 KR.

**MOUNTAIN HARDWEAR** KELVINATOR ÚLPA
**34.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

**30% AFSLÁTTUR AF GRILL AUKAHLUTUM**

**COLUMBIA** TASKA 50 LÍTRA
**12.912 KR.**
VERÐ ÁÐUR 16.990 KR.

**DIDRIKSONS** STELLA PARKA ÚLPA
**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

**ALLAR VÖRUR FRÁ NIKE MEÐ 30% AFSLÆTTI**

**ELLINGSEN** GASGRILL, 4 BRENNARAR
YFIRBREIÐSLA FYLGIR
**80.000 KR.**
VERÐ ÁÐUR 109.990 KR.

**EL PRADO** 2200 WOODY
2 BRENNARAR
**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

**MERIDA** ROAD RACE
**109.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 189.990 KR.

**MERIDA** RACER RIDE
**79.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 139.990 KR.

**MERIDA** BIG NINE
29" FJALLAREIÐHJÓL
**99.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 169.990 KR.


ÚTSALA
ELLINGSEN
HEFST Í DAG!
OPIÐ TIL
21:00
20-70%
AFSLÁTTUR
CRESTO JAKKI
5.400 KR.
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.
PERCEPTION
PRODIGY II KAJAK
124.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 194.900 KR.
MENSA OMNIS
PALLAHITARI
29.900 KR.
VERÐ ÁÐUR 39.900 KR.
ELLINGSEN
FORTJALDSHITARI
19.990 KR.
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.
SKOGSTAD MIKKA
BARNAÚLPA
13.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.
DIDRIKSONS VONZO
BARNAPEYSA
3.743 KR.
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.
COLEMAN HITABRÚSI
0,75 L.
Léttur hitabrúsi með
tvöfaldri einangrun.
3.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 3.990 KR.
EASTON ATR-75
GÖNGUSTAFIR
Rauðir.
13.592 KR.
VERÐ ÁÐUR 16.990 KR.
SKOGSTAD PANTHER
BARNAHLÍFÐARBUXUR
11.992 KR.
VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.
ALLAR
VÖRUR FRÁ
DEVOLD
MEÐ 20%
AFSLÆTTI
DIDRIKSONS ALPI
BARNAFLÍSBUXUR
2.993 KR.
VERÐ ÁÐUR 3.990 KR.
20-50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VEIÐI-
VÖRUM
20-50%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM SKOT-
VEIÐIVÖRUM
SNOWLINE
KEÐJUBRODDAR
7.192 KR.
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.
Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.
REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is
Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

SÍLDARDAUÐINN Í KOLGRAFAFIRÐI

# Vöktunar á lífríkinu sárt saknað

Skýringar á síldardauðanum í Kolgrafafirði liggja ekki fyrir. Þverun fjarðarins er nefnd í því sambandi, en orsakasamband verður vart sannað. Í umhverfismati kemur fram að lítið var vitað um lífsferil fiska í firðinum og að hluta byggt á rúmlega aldargömlum rannsóknum.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Þegar ráðist var í framkvæmdir við Snæfellsnesveg um Kolgrafafjörð var lítið vitað um lífríkið í firðinum. Náttúruvernd ríkisins, nú Umhverfisstofnun, mæltist til þess á sínum tíma að lögð yrði fram vöktunaráætlun til að fylgjast með því hvort áhrifin af framkvæmdinni, þverun fjarðarins, yrðu raunverulega þau sem gert var ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Það var ekki gert, og stóð aldrei til. Sérfræðingur gagnrýnir hart að framkvæmdum eins og þverun Kolgrafafjarðar skuli ekki vera fylgt eftir með vöktun.

**30.000 tonn dauð**

Við tilraunir til að skýra síldardauðann í Kolgrafafirði í desember hefur verið nefnt að þverun fjarðarins árið 2004 geti verið hluti skýringarinnar. Hafrannsóknastofnun hefur í tvígang farið í sérstakar vettvangsferðir og er niðurstöðu þeirrar síðari beðið. Bráðabirgðaniðurstöður stofnunarinnar í desember voru þær að mikið magn síldar drapst þar á stuttum tíma; á botni fjarðarins liggja allt að þrjátíu þúsund tonn af síld sem er tekin að rotna. Súrefnismettun í firðinum mældist þá mjög lág, lægri en áður hefur mælst í sjó við landið. Hún er talin meginorsök síldardauðans.

**Brýrnar full stuttar?**

Héðinn Valdimarsson, haffræðingur á sjó- og vistfræðisviði Hafró, segist ekkert þora að fullyrða um hugsanlegt samhengi á milli síldardauðans og þverunar fjarðarins. Hann bendir á að sögur megi finna um síldardauða í Kolgrafafirði fyrr á árum, löngu áður en þverun fjarðarins kom til álita. „Hitt er annað mál að maður veit ekki fyrir víst hverjir staðhættir væru þarna ef þverunin hefði ekki komið til, og þá í samhengi við það mikla magn af síld sem þar safnaðist fyrir. Það er mikil hreyfing í gegnum þennan ál sem brúin liggur yfir en hvort það dugir til, er annað mál.“

Héðinn segir það gilda spurningu hvort ítarleg vöktun á lífríki, og fleiri þáttum, eigi ekki að fylgja framkvæmdum eins og þverun Kolgrafafjarðar, og þá óháð því hvort síld sé að finna eða ekki. „Maður hefur spáð í það að þessar brýr, á þessum þverunum hér á landi, séu full stuttar,“ segir Héðinn.

Héðinn bætir við að það sé þekkt að síld gangi mjög á súrefni þar sem hún safnast saman, óháð því hvort fjörðurinn sé opinn eða lokaður. Í Grundarfirði hafi mælingar Hafrannsóknastofnunar sýnt nákvæmlega þetta, og segir Héðinn það með ólíkindum hvað síldin liggur þétt. „Jafnvel svo þétt að síldin kom sér ekki undan og blóðslóð var á eftir bátum, eins og var tilfellið í Grundarfirði.“

**Mat á umhverfisáhrifum**

Í mati á umhverfisáhrifum vegna Snæfellsnesvegar um Kolgrafafjörð, sem unnið var af Vegagerðinni, kemur fram að vatnsskipti fjarðarins voru eitt af grundvallaratriðunum við hönnun vegarins. Í matsskýrslu kemur fram að búast megi við einhverri breytingu á vatnsbúskap og sé sú breyting algerlega háð brúarlengd. Ákveðið hafi verið að vatnsmagnið sem falla þurfi inn og út úr firðinum til að breytingar á sjávarföllum verði sem minnstar hafi ráðandi áhrif á lengd brúarinnar, og niðurstöður útreikninga úr straumlíkaninu hafi verið notaðar við ákvörðun brúarlengdar. Brúin varð 230 metra löng með 150 metra löngu virku vatnsopi. Með svo langri brú töldu sérfræðingar á vegum Vegagerðarinnar það tryggt að sjávarföll yrðu nær óbreytt og áhrif brúarinnar á lífríki fjarðarins óveruleg, segir í matsskýrslunni.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins um umhverfismatið kemur fram sú skoðun að umfjöllun um áhrif straumbreytinga í Kolgrafafirði hefði þurft að vera nákvæmari. Eins að stofnunin leggi til að lögð verði fram vöktunaráætlun vegna framkvæmdanna þar sem fylgst verði með hvaða áhrif þverun Kolgrafafjarðar hafi raunverulega í för með sér, og hvort það standist sem gert sé ráð fyrir í mati á umhverfisáhrifum. Þannig sé brýnt að kanna hvort brúin sé í raun nógu löng til að tryggja full vatnsskipti og nauðsynlegt að fylgjast með straumhraða sjávar, lífríki í sjó, fuglalífi og gróðurbreytingum.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að sjávarföll verði mæld að loknum framkvæmdum í Kolgrafafirði til að kanna hvort forsendan um að brúin hafi mjög lítil áhrif á sjávarhæð í innanverðum firðinum standist. Aldrei stóð hins vegar til að Vegagerðin myndi vakta breytingar á lífríki í sjó eða breytingar á fuglalífi, nema í ljós kæmi að mannvirkið hefði haft meiri áhrif á vatnsskipti í firðinum en reiknað hafði verið með. Í úrskurði Skipulagsstofnunar um umhverfismatið vegna framkvæmdarinnar segir að stofnunin fallist á fyrirhugaða lagningu vegarins „með því skilyrði að tryggt verði að því sem næst óbreytt vatnsskipti verði í Kolgrafafirði að loknum framkvæmdum.“

**21 mínúta**

Vegagerðin fékk verkfræðistofuna Mannvit til þess að gera mælingar á sjávarföllum innan og utan þverunar í Kolgrafafirði árið 2011, til þess að kanna áhrif vegamannvirkja á sjávarföll innan þverunar í firðinum; áhrif þeirra á tíma og sjávarhæð flóðs og fjöru. Niðurstaðan varð sú að munur á sjávarhæð á fjöru innan og utan þverunar var níu sentímetrar og seinkun á fjöru var um 21 mínúta.

Skilgreining á fullum vatnsskiptum er sú að ekki verði breytingar á sjávarföllum við þverun. Miðað við skilgreininguna er því ekki um að ræða full vatnsskipti innan þverana í Kolgrafafirði, eins og Vegagerðin stefndi að. Þetta kemur fram í rannsókn Björns H. Barkarsonar, umhverfisfræðings og ráðgjafa hjá VSÓ ráðgjöf, sem hefur rannsakað þverun fjarða á Íslandi sérstaklega. Hins vegar telur Vegagerðin að niðurstaða rannsóknarinnar hafi staðfest að þverunin hafi haft „óveruleg áhrif á sjávarföll,“ eins og segir í frummatsskýrslu vegna Vestfjarðavegar.

**Vöktun æskileg**

Björn vill ekkert gefa sér um hvort þverunin hafi haft nokkur áhrif á vistkerfið í firðinum eða tengist síldardauðanum að einhverju leyti. Hins vegar segir Björn mestu skipta að almennt eigi menn það til að einfalda hlutina í kringum þveranir hér á landi. „Mér finnst að menn eigi að setja spurningarmerki við þetta. Alla vega að þegar farið er í svona framkvæmd sé eitthvað gert til að fylgjast með því hvort breyting verður. En það var einfaldlega ekki gert.“ Hér vísar Björn til vöktunar til lengri tíma litið; nokkurra ára.

Björn segir helstu rökin fyrir því að vakta framkvæmdasvæði ekki síst þau að staðfesta að vel hafi tekist til, eða vita þá af því ef eitthvað hefur misfarist. Það sé ekki síst mikilvægt til að undirbúa önnur verkefni, sem eru þegar á teikniborðinu.

Niðurstaða rannsóknar Björns, sem ber nafnið Þverun fjarða – áhrif á náttúru, landslag og landnotkun og var styrkt af Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar, er í stuttu máli þessi: Áætlanir um þverun fjarða byggja undantekningalítið á rökum um minni tíðni umferðarslysa, skemmri ferðatíma og styttingu vegalengda. Auknar kröfur um umferðaröryggi hafa aukið umfang vegamannvirkja og erfitt getur reynst að nota eldri veglínur við endurbætur á vegi. Umhverfisþættir sem helst geta orðið fyrir áhrifum af þverun fjarða eru eðlisþættir sjávar (sjávarföll, straumar, selta og alda), lífríki fjöru og sjávar, jarðmyndanir og landslag.

„Breytilegt er eftir aðstæðum á hverjum stað hvort umhverfisáhrif af þverun fjarða eða uppbyggingu vegar fyrir fjörð eru meiri. Við undirbúning þverunarverkefna hefur takmörkuð áhersla verið lögð á rannsóknir á samspili eðlisþátta sjávar og lífríkis, þrátt fyrir að talsverð óvissa ríki um áhrif þverana á þetta samspil. Óvissa í spám um umhverfisáhrif ætti að ýta undir það að sett sé af stað vöktun í tengslum við leyfisveitingar og að sannreynt sé hvernig til hefur tekist við mat á umhverfisáhrifum.“

## Ellefu firðir hafa verið þveraðir á Íslandi




### → Möguleg umhverfisáhrif í sjó

**Möguleg umhverfisáhrif í sjó vegna vegfyllinga.**

- Rask og eðlisbreytingar
- Beint rask á búsvæði
- Aukinn efnisburður/efnisflutningar
- Breytingar á vatnsskiptum innan þverunar
- Aukið grugg
- Breytingar á hitastigi
- Tap á búsvæðum undir mannvirki
- Hnignun aðliggjandi búsvæða vegna eðlisbreytinga
- Breytingar á búsvæðum til hrygningar og seiðauppeldis
- Skert fiskgengd að hrygningarstöðvum og frá uppeldisstöðvum
- Breytingar í næringarefnaflutningi

*Heimild (kort og texti): Björn H. Barkarson: Þverun fjarða.*

### → Lítið vitað

Þegar mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar í Kolgrafafirði er gaumgæft vekur athygli að lítið var vitað um fiska og lífsferil þeirra innan fjarðarins. Tekið er fram að „upplýsingar um fiska í Kolgrafafirði eru fremur fátæklegar.“ Byggt var að hluta á rannsóknum Bjarna Sæmundssonar, náttúrufræðings, frá því um miðjan júlí 1909. Er minnst á það hér því rannsóknir hans náðu sérstaklega til síldarinnar. Niðurstaða hans var að síld, af öllum stærðum, sé oft á innfirðinum, og hún hafi þar stundum vetursetu. Eins segir að gögnin beri með sér að fiskalíf í Kolgrafafirði sé allnokkuð, en þó ekki sérlega mikið eða sérstætt. Er þar vitnað til niðurstöðu Bjarna Sæmundssonar um að „töluvert er þar af uppvaxandi ungfiski“. Í stuttum kafla um áhrif vegagerðarinnar á fiska segir svo að endingu að þess sé ekki að vænta að vegagerð með langri brú, sem tryggi full vatnsskipti, muni hafa merkjanleg áhrif á fiska í firðinum.

Viltu takast á við sykurfíknina?

**GUÐRÚN BERGMANN** rithöfundur og fyrirlesari kennir leiðir til að takast á við þessa földu fíkn, sem hefur ótrúlega eyðileggjandi áhrif á heilsuna og sýnir hvernig hægt að eiga „sætt“ líf án sykurs!



Fimmtudaginn 24. janúar

Á námskeiðinu verður farið vandlega yfir:

- Hvernig sykurfíknin birtist og hvaða skaðlegu áhrif hún hefur á heilsuna.
- Hvernig hægt er að forðast sykur í mat með því að þekkja „dulnefni“ hans hjá framleiðendum matvæla.
- Mismunandi sykurstuðla fæðuflokka og hvaða sætuefni ber að nota.
- Hvernig frelsið frá fíkninni veitir þér aukna líkamlega orku, heilbrigðari og stinnari húð, bætta meltingu og betra skap.

*Guðrún Bergmann hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða sem tengjast sykurfíkn og er annar höfundur bókarinnar um CANDIDA SVEPPA-SÝKINGAR*

**Staður og stund:** Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl. 18:30 - 21:00. Námsgögn með víðtækum upplýsingum innifalin. Verð 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

heilsuhúsið


ÚTSALA
20-80%
AF VÖLDUM VÖRUM
59.900
Áður 129.900
MONTARIO
-70.000
BAST 60%
PÚÐAR
3 FYRIR 2
KERTI
3 FYRIR 2
50%
VASAR
40%
SKART
SNYRTIVÖRUR
3 FYRIR 2
NÝ SENDING
BLACK PEARL
SEA OF SPA
JÓLAVÖRUR
80%
SÍÐASTA VIKAN
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Umfjöllun um kynferðisbrot opnar flóðgáttir:

# Til mikils að vinna

Mál kynferðisbrotamannsins Karls Vignis Þorsteinssonar hefur komið við þjóðina. Fólk er slegið óhugnaði yfir því að maður skuli í skjóli meðvirkni og þagnar hafa komist upp með að níðast á börnum í marga áratugi.

Umfjöllun fjölmiðla um mál Karls Vignis hefur verið sett í víðara samhengi, meðal annars í því skyni að stuðla að aukinni meðvitund almennings um kynferðisbrot gegn börnum, um mikilvægi þess að hlusta á börn sem segja frá ofbeldi og fræða þau án þess að hræða þau. Þannig hefur fjölmiðlaumfjöllun um þetta tiltekna mál orðið til þess að auka þekkingu og meðvitund um þessi alvarlegu brot.



Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is

Umfjöllunin hefur einnig orðið til þess að fólk sem burðast hefur eitt með misnotkun frá barnæsku hefur öðlast kjark til að rísa upp og segja frá. Þannig er ekki aðeins óvenjumikið um að vera hjá Stígamótum heldur hefur lögreglan undanfarna daga tekið við kærum og tilkynningum vegna brota sem mislangt er síðan áttu sér stað.

Ekki er nóg með það heldur hafa kynferðisbrot gegn börnum verið tekin á dagskrá og rædd bæði í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis og í borgarstjórn Reykjavíkur. Allsherjarnefnd kallaði til sín fulltrúa meðal annars frá Barnaverndarstofu, Stígamótum, lögreglu og Ríkissaksóknara. Meginumræða þess fundar snerist um auknar heimildir lögreglu til að nota tálbeitur í því skyni að hafa uppi á kynferðisbrotamönnum.

Í umræðu undangenginna daga hefur ríkt talsverð meðvitund um mikilvægi þess að umræða um barnaníðinga sé ekki vægðarlaus vegna þess að slík vægðarlaus umræða geti orðið til þess að börn segi síður frá ofbeldi af því að þau óttist um afdrif þess sem brotið hefur á þeim, sem í flestum tilvikum eru menn sem eru þeim venslaðir.

Þögnin sem hjúpað hefur kynferðisbrot gegn börnum alltof lengi hefur ekki bara verið vörn barnaníðinganna og það skjól sem þeir hafa þurft til að halda brotum sínum áfram. Hún hefur líka gert afleiðingar brotanna enn óbærilegri fyrir þolendur en þær hefðu orðið ef þeir hefðu sagt frá reynslu sinni og fengið viðhlítandi meðferð.

Hreyfing eins og sú sem orðið hefur síðustu daga er þannig afar mikilvæg. Hún eykur þekkingu og vitund um málaflokkinn auk þess sem hún dregur fram og minnir á þau býsna mörgu úrræði sem standa bæði þolendum og gerendum til boða. Auk þess vekur hún almenning til umhugsunar um ábyrgð borgara sem telja sig vita um barnaníð og þær leiðir sem almenningi eru færar til að gera viðvart um slíkar grunsemdir.

Hver flóðgátt sem opnast verður þannig varða á leiðinni til að fækka ofbeldisglæpum gagnvart börnum og draga úr þeim miska sem þolendur verða fyrir. Auk þess má leiða að því líkur að umræðan skili fleiri brotamönnum í meðferð. Þá er þó til nokkurs unnið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kaldar kveðjur

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, var á heimspekilegum nótum á þingi í gær þegar hann velti fyrir sér hvað ylli því að þingmenn skiptu um flokka. „Er það ekki valdabrölt í sinni skýrustu mynd þegar menn annaðhvort skipta um flokka, eða stofna nýja, til þess að komast til valda, til að fá völd,“ spurði hann á þingi. Þetta eru kaldar kveðjur til félaga hans í þingflokknum og á framboðslista flokksins í Norðvesturkjördæmi, Ásmundar Einar Daðasonar, sem kom einmitt í Framsókn úr Vinstri grænum á kjörtímabilinu.

### Spjaldtölvur fyrir alla!

Guðmundur Franklín Jónsson og félagar í Hægri grænum eru stórhuga fyrir komandi kosningar. Á vef þeirra má finna langan lista af stefnumálum og eitt þeirra hljóðar svo: „XG ætlar að útvega öllum grunn-, fjölbrauta- og menntaskólanemendum ásamt öllum kennurum spjaldtölvur eftir næstu kosningar þeim að kostnaðarlausu. Spjaldtölvur spara bókakostnað og létta töskuburð skólabarna og beinan kostnað skattborgaranna.“ Þetta er frábær hugmynd. Spjaldtölvur eru skemmtileg tæki og rannsóknir benda til þess að þær geti nýst vel í kennslu.



### Þrír milljarðar

Lítum samt nánar á dæmið. Á Íslandi eru um 42 þúsund grunnskólanemar. Framhaldsskólanemarnir eru um 30 þúsund og háskólanemarnir 19 þúsund. Það gerir 91 þúsund nemendur, eða hér um bil. Þá eru kennararnir eftir. Þeir eru samtals um níu þúsund. Til að standa við þetta loforð munu Hægri grænir því þurfa að kaupa 100 þúsund spjaldtölvur strax eftir kosningar. Ímyndum okkur að keyptar yrðu sæmilegustu spjaldtölvur á magnafslætti og að hver þeirra kostaði 30 þúsund krónur. Það er líklega ekki svo óraunhæft. Það mundi þýða þriggja milljarða útgjöld í einu vetfangi. Mikið má sparast í bókakostnaði á móti til að það gangi upp.



kolbeinn@frettabladid.is
stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Uppfærum klukkurnar

STJÓRNMÁL



Friðrik Rafnsson
þýðandi, í fjórða sæti á framboðslista Bjartrar framtíðar í Reykjavík norður

Borgundarhólmsklukkur eru töfrandi fyrirbæri. Stórar, virðulegar og fagurskreyttar tifa þær hikstalaust árum og áratugum saman og minna mannfólkið á framvindu tímans með þungum, taktföstum slætti á heila og hálfa tímanum. Það er eitthvað heillandi, nánast dáleiðandi, við að fylgjast með kólfinum í slíkri klukku sveiflast hægt frá hægri til vinstri, frá vinstri til hægri. Stoppi hann í miðjunni þarf svo að trekkja klukkuna upp eða koma henni í viðgerð.

### Pendúll stjórnmálanna?

Myndlíkingar geta verið gagnlegar til að skýra og draga saman flókinn veruleika. Stundum getur veruleikinn hins vegar orðið nokkurs konar fórnarlamb myndlíkingarinnar og farið að laga sig að henni, orðið vanahugsun. Hægri og vinstri í stjórnmálum er eitt skýrasta dæmið um þetta: flokkunarkerfi sem búið er til hægðarauka fyrir margt löngu en fer að stýra innihaldi þess sem flokkað er. Pendúll stjórnmálanna sveiflast samkvæmt þessu kerfi til hægri eða vinstri eins og óhagganlegt náttúrulögmál. Slík tvíhyggja er ófrjó og varla lengur neinum til gagns nema tímaskökkum stjórnmálamönnum, stjórnmálafræðingum og blaðamönnum sem eiga erfitt með að fóta sig í breyttum heimi, minnir einna helst á kaldastríðshugsunarháttinn sem nú er sem betur fer kominn á ruslahauga mannkynssögunnar. Eða hvað?

**➜ Hægri og vinstri í stjórnmálum er eitt skýrasta dæmið um þetta: flokkunarkerfi sem búið er til hægðarauka fyrir margt löngu en fer að stýra innihaldi þess sem flokkað er.**

### Standklukkur í mannsmynd

Gömlu, stóru, þungu, virðulegu Borgundarhólmsklukkurnar með kólfi sem sveiflast taktfast til hægri og vinstri eru sannarlega töfrandi, en slíkar standklukkur í mannsmynd, ég tala nú ekki um í mynd stjórnmálamanns, eru pínleg tímaskekkja. Þó eru furðu margir slíkir á vappi í samfélaginu og sumir þeirra sitja á Alþingi. En það er löngu tímabært að breyta þessu, stilla þeim upp í stássstofunni með þökkum fyrir vel unnin störf og uppfæra þjóðþingið okkar. Við lifum nefnilega á margpóla fjölmenningartímum þar sem mun skilvirkara og frjórra er að hugsa í raunverulegum lausnum en í tvípóla, úreltum hugmyndakerfum hægri- og vinstrimanna.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Leikbúningar stjórnmálamanns

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Brosum við athafnir borgarstjóra í Reykjavík hefur fjölgað síðan Jón Gnarr varð borgarstjóri. Það er kynlegt, að minnsta kosti stundum, að sjá mann, sem gegnir formlegu embætti, í Star Wars-búningi, skátabúningi, draggi, á kanó, með tattú og sjá hann senda frá sér jólakveðju íklæddur apagrímu.

Kjósendur treystu á að þeir fengju eitthvað nýtt með kosningu Jóns. Besti flokkurinn lofaði ýmsu sem allir vissu að væri tóm vitleysa. Jón gaf þó eitt risastórt loforð sem var forsenda framboðsins í sjálfu sér en það var loforðið um óhefðbundna stjórnmálaflokkinn. Ef til vill er ekki alveg skýrt hvað felst í slíku loforði. Í því felst þó einhvers konar loforð um traust, samstarf, sanngirni og að segja satt og rétt frá þegar mál eru kynnt fyrir borgarbúum. Þetta er jú allt hegðun sem hefðbundnir stjórnmálamenn áttu fyrir löngu að hafa týnt.

Nú þegar kjörtímabil Jóns Gnarr er hálfnað er fróðlegt að velta fyrir sér hvernig þessu eina raunverulega loforði Besta flokksins hefur reitt af. Við slíka skoðun er rétt að líta fyrst til þess, að þegar kemur að málefnum borgarinnar tjá stjórnmálamenn Besta flokksins sig lítið. Í fjölmiðlum fer mest fyrir borgarstjóranum íklæddum búningum eða í fylgd með frægu fólki af ýmsu tagi. Sjaldnar heyrist borgarstjórinn ræða skólamál, velferðarmál eða fjármál borgarinnar. Aðrir borgarfulltrúar meirihlutans tjá sig lítið en beita þess í stað fyrir sig embættismönnum borgarinnar í fjölmiðlum þegar umdeild mál komast á dagskrá. Kannski er þetta óhefðbundin leið en aumt er það að senda embættismenn út af örkinni til að verja óvinsælar pólitískar ákvarðanir.

**Úr hægri vasa í vinstri**

Nýlega tilkynntu Besti flokkurinn og Samfylking að Reykvíkingar hefðu eignast Perluna fyrir tæpan milljarð króna. Seljandi byggingarinnar var Orkuveita Reykjavíkur en Reykjavíkurborg á nánast allar eignir og skuldir Orkuveitu Reykjavíkur. Með þessu voru fjármunir því færðir úr hægri vasanum í þann vinstri. Engin raunveruleg sala átti sér stað. Stjórn Orkuveitunnar gengur nefnilega ekkert að selja eignir eins og stefnt var að. Í stað þess að upplýsa heiðarlega um þá staðreynd eins og óhefðbundinn stjórnmálaflokkur hefði eflaust gert valdi Besti flokkurinn bókhaldsbrelluleið og setti á fót leikrit um að búið væri að selja Perluna. Fyrir tveimur árum hefði Jón Gnarr lýst þessu sem hefðbundnum stjórnmálum.

Besti flokkurinn hefur raunar aldrei rætt um að létta byrðar fjölskyldna í Reykjavík. Flokkurinn hefur þó fullyrt að velferð og þjónusta eigi að njóta forgangs við ráðstöfun fjármuna. Þegar fjárhagsáætlun 2013 er skoðuð sést að fjölskyldur njóta sannarlega ekki forgangs hjá meirihlutanum. Á tímabilinu sem um ræðir, frá árinu 2010-2013, hefur vísitala neysluverðs hækkað um 13% en hækkanir á þjónustu borgarinnar nema um 20% á sama tíma. Sleppt var að upplýsa af hverju gjöld sem fjölskyldur verða að greiða hafa hækkað 7% umfram vísitölu. Afleiðing þessa er að meðalstór fjölskylda í Reykjavík með börn í grunnskóla og leikskóla mun á næsta ári greiða 330.000 krónum meira fyrir grunnþjónustu hjá Reykjavíkurborg en árið 2010. Hugsanlega hefði verið óhefðbundið að upplýsa um þetta á mannamáli, en Jón Gnarr kaus að láta það ógert.

> Besti flokkurinn hefur raunar aldrei rætt um að létta byrðar fjölskyldna í Reykjavík. Flokkurinn hefur þó fullyrt að velferð og þjónusta eigi að njóta forgangs…

**Klassískur leikur**

Á mánudaginn síðasta kvittaði borgarstjórinn upp á grein í Fréttablaðinu sem sagði frá verkefni um virkjun hugmynda borgarbúa að bættum hverfum í Reykjavík. Svo má skilja að verkefnið hafi byrjað í fyrra og tekist afar vel. Látið er liggja milli hluta að verkefnið hófst fyrir rúmlega fjórum árum, eða árið 2009, þegar borgarbúar tóku í fyrsta sinn þátt í netkosningunni „Kjóstu verkefni í þínu hverfi“. Greinarhöfundur gleymir af ásettu ráði að minnast á þetta enda iðka hefðbundnir stjórnmálamenn víst oft þann leik að eigna sér verkefni sem ganga vel þótt þeir eigi í raun ekkert í þeim. Klassískur leikur í pólitíkinni sem enginn vill að sé við lýði.

Einnig er í fersku minni skilgreining meirihlutans á samráði og samstarfi. Kennarar og nemendur finna enn fyrir því að farið var í stórtækar sameiningar á skólum þrátt fyrir mikla andstöðu foreldrafélaga og samtaka kennara. Hvorki meira né minna en 12.000 foreldrar skrifuðu undir mótmæli. Forsenda verksins, hagræðingin, hefur líka heldur betur látið á sér standa enda lá fyrir að lítið sem ekkert sparaðist við alla þessa vinnu og allt þetta brölt. Lofað var að hlusta á sjónarmið foreldra en þau voru virt að vettugi við fyrsta tækifæri. Í kosningabaráttu Besta flokksins árið 2010 hefði þetta vafalítið flokkast undir hefðbundin og gamaldags stjórnmál.

Þegar litið er fram hjá leikbúningum og húðflúri er Jón Gnarr og meirihlutinn í Reykjavík í besta falli hefðbundinn. Þetta er ekki það sem kjósendur Besta flokksins vildu. Jón Gnarr bauð sig fram með það að leiðarljósi að tími væri kominn til að skipta út hefðbundnum stjórnmálamönnum. Stjórnmálamennirnir sem Besti flokkurinn gerði gys að aðhafðist nefnilega lítið annað en að svíkja loforð og setja verk sín í búninga sem villtu um fyrir fólki. Þá list virðist Jón sjálfur hins vegar hafa fullkomnað á síðustu tveimur árum. Bókstaflega.

# Mannauður og fundabann

KJARAMÁL
Halla Hauksdóttir
lífeindafræðingur



Eins og fram hefur komið í fréttum hefur ekki verið staðið við endurskoðun stofnanasamnings við lífeindafræðinga innan Landspítala, en þeir er önnur stærsta stétt háskólamanna á spítalanum og leggur vinna þeirra grunn að miklum hluta sjúkdómsgreininga innan deilda spítalans.

Markmið stofnanasamninga í kjarasamningi er m.a.
- að skapa betri starfsskilyrði.
- að auka gæði þjónustu með eflingu samstarfs starfsmanna og stjórnenda.
- að gefa starfsmönnum möguleika á að þróast og bæta sig í starfi og auka möguleika á bættum kjörum.

Stofnanasamning skal endurskoða innan eins árs frá staðfestingu kjarasamnings og eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Lífeindafræðingar hafa sýnt mikla stillingu og kurteisi við að reyna að knýja á um endurskoðun stofnanasamnings, við höfum fundað reglulega og boðað velferðarráðherra og forstjóra spítalans á okkar fund og átt fund með fjármálaráðherra, en ekkert þokast.

Nýjasta útspil yfirmanna okkar er bann við starfsmannafundum á vinnutíma. Væri ekki nær að yfirstjórn spítalans talaði máli mannauðsins á stofnuninni, að meira fjármagn þurfi inn til að halda í gott starfsfólk til að auka gæði þjónustunnar með ánægðum starfsmönnum í stað þess að auka á reiði og óánægju allra? Er góður starfsandi og samheldni ekki betri árangurs?

SÉRVERÐ




Nú eru þeir kaldir hjá Eirvík

Bjóðum takmarkað magn af kæli- og frystiskápum frá Liebherr. Þeir eru búnir nýjustu tækni, hannaðir af alúð og framleiddir af þýskri nákvæmni. **Einstök framtíðareign.**

| Nr. | litur | Hæð | Stærð í ltr. | Orkufl. | Sérverð |
|---|---|---|---|---|---|
| CUsl 3503 | grár | 181,7 cm | K 232 F 91 | A+ | 183.440 |
| CPesf 3523 | stál | 181,7 cm | K 230 F 91 | A++ | 209.995 |
| CP 3523 | hvítur | 181,7 cm | K 230 F 91 | A++ | 190.045 |
| Ces 4023 | stál | 201,1 cm | K 281 F 91 | A+ | 204.745 |
| C 4023 | hvítur | 201,1 cm | K 281 F 91 | A+ | 164.845 |

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

40%
afsláttur af umgjörðum fimmtudag og föstudag
greiðsludreifing í boði



facebook.com/linsan.is
LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

## 100 vinsælustu vefir Íslands 2012

| # | vefur | notendur | innlit | flettingar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | mbl.is/... | 366.417 | 2.147.987 | 10.892.072 |
| 2 | visir.is/... | 279.665 | 1.408.435 | 6.119.209 |
| 3 | dv.is | 206.432 | 1.074.555 | 4.795.627 |
| 4 | ja.is | 173.375 | 423.587 | 1.738.995 |
| 5 | pressan.is | 172.407 | 674.878 | 2.426.971 |
| 6 | ruv.is | 135.602 | 393.998 | 1.492.127 |
| 7 | vedur.is | 99.766 | 294.511 | 891.142 |
| 8 | bland.is | 97.342 | 380.108 | 4.594.947 |
| 9 | fotbolti.net | 68.230 | 385.553 | 1.718.106 |
| 10 | blog.is | 59.352 | 122.364 | 381.772 |
| 11 | bleikt.is | 32.005 | 91.097 | 243.863 |
| 12 | blogcentral.is | 30.543 | 48.468 | 146.796 |
| 13 | eyjan.is | 28.928 | 119.769 | 396.270 |
| 14 | midi.is | 28.247 | 38.964 | 196.667 |
| 15 | reykjavik.is | 26.943 | 43.907 | 205.526 |
| 16 | vb.is | 22.475 | 57.963 | 161.904 |
| 17 | straetó.is | 21.120 | 36.361 | 184.712 |
| 18 | leit.is | 20.906 | 104.572 | 290.567 |
| 19 | visindavefur.hi.is | 20.207 | 25.559 | 51.775 |
| 20 | smugan.is | 18.739 | 36.988 | 101.749 |
| 21 | mila.is | 17.305 | 37.281 | 200.307 |
| 22 | vf.is/... | 16.909 | 62.793 | 218.173 |
| 23 | icelandreview.com | 15.741 | 22.580 | 68.748 |
| 24 | sambio.is | 15.497 | 20.280 | 75.483 |
| 25 | bb.is | 15.324 | 51.202 | 162.591 |
| 26 | timarit.is | 14.803 | 19.321 | 135.180 |
| 27 | rsk.is | 13.936 | 24.889 | 165.699 |
| 28 | althingi.is | 13.568 | 29.436 | 147.333 |
| 29 | visiticeland.com | 13.342 | 15.482 | 77.219 |
| 30 | grapevine.is | 11.739 | 15.240 | 38.481 |
| 31 | 433.is | 10.859 | 44.587 | 145.708 |
| 32 | textavarp.is | 9.987 | 19.497 | 29.252 |
| 33 | nams.is | 9.879 | 14.186 | 105.515 |
| 34 | airserverapp.com | 9.820 | 12.181 | 65.732 |
| 35 | pjattrofurnar.is | 9.738 | 17.831 | 44.267 |
| 36 | belgingur.is | 8.468 | 22.140 | 47.308 |
| 37 | ordabok.is | 7.690 | 24.257 | 160.836 |
| 38 | skra.is | 7.446 | 11.963 | 37.572 |
| 39 | hestafrettir.is | 7.286 | 26.189 | 123.562 |
| 40 | doktor.is | 7.205 | 8.556 | 46.448 |
| 41 | bonus.is | 7.029 | 8.051 | 17.594 |
| 42 | skessuhorn.is | 6.960 | 19.766 | 38.622 |
| 43 | hagstofa.is | 6.507 | 9.157 | 63.102 |
| 44 | gegnir.is | 6.266 | 18.962 | 86.324 |
| 45 | visitreykjavik.is | 6.087 | 7.031 | 41.329 |
| 46 | akureyrivikublad.is | 6.086 | 9.022 | 17.112 |
| 47 | sedlabanki.is | 6.013 | 9.435 | 32.026 |
| 48 | menn.is | 6.012 | 18.809 | 53.906 |
| 49 | tonlist.is | 5.589 | 7.468 | 42.226 |
| 50 | landspitali.is utvefur | 5.583 | 9.760 | 35.370 |
| 51 | akureyri.is | 5.290 | 10.766 | 35.974 |
| 52 | skemman.is | 5.258 | 7.384 | 39.365 |
| 53 | www.flass.is | 5.171 | 7.764 | 16.065 |
| 54 | tollur.is | 4.992 | 10.326 | 54.045 |
| 55 | www.dfs.is | 4.741 | 9.670 | 21.241 |
| 56 | vikudagur.is | 4.657 | 12.570 | 28.668 |
| 57 | www.iceland.is | 4.415 | 4.799 | 15.761 |
| 58 | dagskrain.is | 4.345 | 11.611 | 120.154 |
| 59 | syslumenn.is | 4.330 | 8.832 | 29.811 |
| 60 | mottumars.is | 4.294 | 6.928 | 32.641 |
| 61 | kki.is | 4.174 | 10.567 | 40.172 |
| 62 | gardabaer.is | 4.095 | 7.885 | 26.479 |
| 63 | eidfaxi.is | 4.022 | 11.817 | 40.028 |
| 64 | ljosmodir.is | 3.892 | 6.480 | 42.559 |
| 65 | femin.is | 3.660 | 4.480 | 28.236 |
| 66 | tr.is | 3.658 | 5.079 | 18.897 |
| 67 | sporttv.is | 3.638 | 5.400 | 13.699 |
| 68 | vr.is | 3.609 | 4.702 | 33.988 |
| 69 | freisting.is | 3.535 | 5.410 | 17.990 |
| 70 | natturan.is | 3.152 | 3.471 | 13.708 |
| 71 | utvarpsaga.is | 3.130 | 8.120 | 22.802 |
| 72 | hlaup.is | 3.066 | 5.823 | 68.854 |
| 73 | n1.is | 3.044 | 3.711 | 15.755 |
| 74 | sigling.is | 3.043 | 9.394 | 26.721 |
| 75 | island.is | 2.944 | 3.339 | 13.007 |
| 76 | ils.is | 2.729 | 3.725 | 15.679 |
| 77 | rasmus.is | 2.696 | 3.317 | 15.562 |
| 78 | foreldrahandbokin.is | 2.659 | 3.668 | 8.007 |
| 79 | austurglugginn.is | 2.601 | 4.442 | 10.375 |
| 80 | heilsubankinn.is | 2.526 | 2.844 | 8.509 |
| 81 | leikjaland.is | 2.423 | 7.085 | 35.115 |
| 82 | www.vestur.is | 2.307 | 4.084 | 10.286 |
| 83 | veitingastadir.is | 2.291 | 2.497 | 9.719 |
| 84 | boksala.is | 2.259 | 2.951 | 15.493 |
| 85 | www.buy.is | 2.191 | 3.214 | 25.831 |
| 86 | visitakureyri.is | 2.029 | 2.480 | 11.632 |
| 87 | isnic.is | 1.950 | 3.058 | 23.300 |
| 88 | landsbokasafn.is | 1.853 | 2.692 | 7.324 |
| 89 | votnogveidi.is | 1.642 | 5.186 | 9.018 |
| 90 | si.is | 1.603 | 1.998 | 5.230 |
| 91 | redcross.is | 1.524 | 2.242 | 9.602 |
| 92 | reykjanesbaer.is | 1.500 | 2.685 | 8.434 |
| 93 | akranes.is | 1.489 | 3.193 | 12.226 |
| 94 | skagafjordur.is | 1.388 | 2.748 | 8.672 |
| 95 | seltjarnarnes.is | 1.360 | 2.361 | 8.377 |
| 96 | bgs.is | 1.331 | 1.677 | 5.273 |
| 97 | dalvik.is | 1.308 | 3.268 | 14.617 |
| 98 | hjukrun.is | 1.298 | 1.979 | 9.080 |
| 99 | ljod.is | 1.283 | 1.520 | 9.599 |
| 100 | motocross.is | 1.277 | 3.061 | 12.244 |

Samræmd Vefmæling® árið 2012

modernus

Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | veflistinn.is




# Liðsstyrkur

ATVINNA



**Guðbjartur Hannesson**
velferðarráðherra

Nú um áramót hófst átaksverkefnið Liðsstyrkur, samstarfsverkefni velferðarráðuneytisins, sveitarfélaga, stéttarfélaga og atvinnurekenda. Markmið verkefnisins er að virkja atvinnuleitendur sem hafa fullnýtt eða munu fullnýta rétt sinn innan atvinnuleysistryggingakerfisins á árinu 2013 til þátttöku að nýju á vinnumarkaði.

Öllum í þessum hópi verður boðið tímabundið starf eða starfsendurhæfing á þessu ári skrái þeir sig til þátttöku á lidsstyrkur.is. Megininntak þessa umfangsmesta atvinnuátaksverkefnis sem ráðist hefur verið í er þannig vinna fyrir vinnufæra og vinnufúsa á sama tíma og þeim sem eru óvinnufærir er boðin atvinnutengd starfsendurhæfing. Heildarkostnaður Atvinnuleysistryggingasjóðs við verkefnið er áætlaður 2,7 milljarðar króna.

Reiknað er með að um 60% einstaklinga í þessum hópi þiggi starfstilboð svo skapa þarf 2.200 tímabundin ný störf fyrir langtímaatvinnuleitendur á þessu ári. Sveitarfélög munu bjóða 660 störf, ríkið 220 og almenni vinnumarkaðurinn 1.320 störf.

Markmið Liðsstyrks er að enginn falli af atvinnuleysisbótum án þess að fá tilboð um starf. Atvinnuleysistryggingasjóður niðurgreiðir stofnkostnað atvinnurekenda við ný störf fyrir þennan hóp tímabundið og nemur styrkur með hverri ráðningu grunnatvinnuleysisbótum ásamt 8% framlagi í lífeyrissjóð, samtals 186.417 kr. á mánuði. Atvinnurekandi gerir síðan hefðbundinn ráðningarsamning við atvinnuleitanda og greiðir honum laun samkvæmt kjarasamningi.

**Skilyrðin:**

1. Ráðning viðkomandi atvinnuleitanda feli í sér fjölgun starfsfólks.
2. Fyrirtæki hafi að minnsta kosti einn starfsmann á launaskrá.
3. Fyrirtæki hafi síðastliðna sex mánuði ekki sagt upp starfsmönnum sem gegnt höfðu starfinu sem ráða á til.
4. Ráðning feli ekki í sér verulega röskun á samkeppni innan atvinnugreinar á viðkomandi svæði.
5. Staðfesting á launagreiðslu til starfsmanns samkvæmt kjarasamningi fylgi með reikningi til Vinnumálastofnunar vegna greiðslu styrks á grundvelli samnings um Liðsstyrk.

**➜ Markmið Liðsstyrks er að enginn falli af atvinnuleysisbótum án þess að fá tilboð um starf.**

Með þessu metnaðarfulla átaki hafa ríkið og hagsmunaaðilar á vinnumarkaði sameinast með einstökum hætti til að tryggja langtímaatvinnulausum tækifæri til að komast inn á vinnumarkaðinn að nýju. Samstarf sem þetta er óþekkt í nágrannalöndum okkar og gríðarmikil vinna er fram undan til að ná þessu metnaðarfulla markmiði. Forsenda árangurs er gott samstarf aðilanna sem hrinda hér sameiginlega af stað þjóðarátaki gegn langtímaatvinnuleysi. Ég vil þakka samtökum launafólks, Samtökum atvinnulífsins og Sambandi íslenskra sveitarfélaga fyrir gott samstarf við undirbúning og framkvæmd þessa verkefnis sem sýnir hverju hægt er að áorka þegar unnið er sameiginlega að úrlausn samfélagslegra mála.

# Botnlausa tjaldið

KYNBUNDIÐ OFBELDI



**Þórey Vilhjálmsdóttir**
framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins

Ég horfði á endursýningu á áramótaskaupinu með 7 ára dóttur minni og þar sem við sátum í mestu makindum í sófanum lítur hún spyrjandi á mig; „Mamma, af hverju er maðurinn að kaupa tjald með engum botni?“ Það stóð á svari frá mér enda finnst mér það óásættanlegt að ég þurfi að útskýra fyrir dóttur minni að menn beiti konur slíku skipulögðu ofbeldi. Hvers konar samfélag er það, þar sem ég þarf að útskýra fyrir henni að hún gæti mögulega lent í þessu einhvern tíma á lífsleiðinni? Í raun eru líkurnar miklar þar sem ein af hverjum fjórum konum verður fyrir kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni.

**Ofbeldi á besta stað í heimi**

Mikil umræða var um kynbundið ofbeldi yfir hátíðirnar: hryllileg nauðgun í strætisvagni á Indlandi og smábær í Bandaríkjunum klofnaði í tvær fylkingar með og á móti meintum nauðgurum úr vinsælu fótboltaliði bæjarins. En við minnum okkur þá á að breska dagblaðið The Independent valdi á síðasta ári Ísland sem besta stað í heimi til að vera kona á og samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er jafnrétti hvergi meira en á Íslandi. Á besta stað í heimi fyrir konur var samt opnuð Facebook-síða fyrir nokkrum vikum þar sem upplegg ið var að lemja þyrfti konur reglulega og birtar voru myndir af baráttukonum gegn kynbundnu ofbeldi þar sem búið var að setja inn marbletti og sár á andlit þeirra. Á besta stað í heimi fyrir konur er nokkrum þeirra nauðgað um hverja einustu verslunarmannahelgi og því miður telst það enn til ákveðins fórnarkostnaðar útihátíðanna. Þá er ótalið allt annað kynbundið ofbeldi á besta stað í heimi. Sem alþjóðleg fyrirmynd ber okkur, konum og körlum, skylda til þess að binda enda á þetta ofbeldi – fyrir umheiminn, okkur sjálf og fyrir komandi kynslóðir.

**➜ Á besta stað í heimi fyrir konur er nokkrum þeirra nauðgað um hverja einustu verslunarmannahelgi...**

**Stöndum með baráttukonunum**

Ég er innilega þakklát þeim baráttukonum sem hafa hugrekki til að benda á þessar staðreyndir og þá hugsanavillu í samfélagi okkar að kynbundið ofbeldi sé á einhvern hátt konum sjálfum að kenna. Þessar baráttukonur verða fyrir ótrúlegum árásum og hótunum um ofbeldi fyrir það eitt að draga fram í dagsljósið orðræðu og hegðun sem viðheldur kynbundnu ofbeldi. Með því að opna umræðuna minnka töluvert líkurnar á því að kynslóð dóttur minnar lendi í slíku ofbeldi. Svarið mitt við spurningunni hennar um botnlausa tjaldið var „Ég bara veit það ekki“. Sem ein af konunum í besta landi í heimi vildi ég einfaldlega ekki þurfa að útskýra þetta fyrir dóttur minni – enda verður hennar veruleiki vonandi annar.

# Hvað meinar þú Ögmundur?

ESB-AÐILD



**Andrés Pétursson**
formaður Evrópusamtakanna

Allt frá því að aðildarviðræður við Evrópusambandið hófust árið 2009 hafa andstæðingar aðildar reynt með alls konar brögðum að torvelda ferlið. Alls kyns gróusögum um ímyndaðar hindranir hefur verið haldið á lofti, meðal annars að Íslendingar þyrftu að senda hermenn í einhvern ímyndaðan Evrópuher og að landsmenn yrðu að breyta ýmsu í sinni stjórnsýslu áður en af aðild yrði. Eftir því sem viðræðunum hefur miðað áfram hefur komið í ljós að flestar ef ekki allar þessar flökkusögur hafa ekki átt við nein rök að styðjast.

Ein af lífseigustu sögunum hefur verið sú að það hafi skaðað hagsmuni Íslendinga að fara af stað í þennan leiðangur án nægjanlegs sterks pólitísks baklands á Íslandi. Samhentari ríkisstjórn hefði sjálfsagt haldið betur á málinu en ég hef aldrei skilið þetta „bjölluats“-tal sem andstæðingar hafa klifað á. Staðreyndin er sú að Íslendingar uppfylla öll skilyrði Evrópusambandsins fyrir aðild, meðal annars að hér sé virkt markaðshagkerfi og virðing fyrir mannréttindum sé í hávegum höfð. Alþingi Íslendinga sótti um aðild með öruggum meirihluta. Þingið hefur einnig þegar einu sinni fellt tillögur um að hætta aðildarviðræðunum. Hvað er ekki rétt við þetta ferli?

**Þvæla**

Það væri óðs manns æði að reyna að leiðrétta alla þá þvælu sem öfgafyllstu andstæðingar aðildar hafa haldið fram. En þegar ágætlega vel gefnir menn eins og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra halda fram órökstuddum fullyrðingum um skaðsemi aðildarviðræðna þá verður maður að drepa niður penna. Í grein í Morgunblaðinu nýverið hélt ráðherrann því fram að Norðmenn hefðu skaðast af því að sækja um aðild. „Er það mál manna að Norðmenn hafi lengi þurft að súpa seyðið af því að draga ESB-ríkin á asnaeyrum,“ segir Ögmundur í greininni.

Ég fór því á stúfana og talaði við vini mína í norsku utanríkisþjónustunni og norska fræðasamfélaginu og spurði þá út í þessar yfirlýsingar. Einnig ræddi ég við embættismenn í íslenska utanríkisráðuneytinu. Enginn kannaðist við að Norðmenn hefðu verið látnir gjalda fyrir að fara í það lýðræðislega ferli að sækja um aðild að Evrópusambandinu og láta síðan norsku þjóðina kjósa um það hvort landið yrði meðlimur eður ei. Í þessu sambandi má einnig benda á að ég spurði Joe Borg, fyrrverandi utanríkisráðherra Möltu, þegar hann var hér í heimsókn árið 2010 hvort það hefði skaðað hagsmuni Maltverja að umsóknarferli þeirra dróst mjög á langinn. „Nei, alls ekki. Evrópusambandið gengur út á pólitískar lausnir. Þeir hafa því mikinn skilning á að stundum þurfa þjóðir lengri tíma til að útkljá svona stórt pólitískt hitamál,“ var svar þessa reynda stjórnmálamanns.

**➜ Alls kyns gróusögum um ímyndaðar hindranir hefur verið haldið á lofti...**

Veit Ögmundur um einhver dæmi sem hann getur deilt með okkur hinum um þessi meintu vandamál Norðmanna? Ef ekki þá bið ég hann og aðra að ræða þetta mikla hitamál af yfirvegun en ekki sleggjudómum eða órökstuddum fullyrðingum.

# Lagersala

**17. - 20. janúar**

66° NORÐUR

### Dömur & herrar



**Arnarhóll** special edt.
~~39.800 kr.-~~
**15.000 kr.-**

### Dömur



**Laki** dúnjakki
~~39.800 kr.-~~
**14.000 kr.-**

### Börn



**Máni** trefill
~~4.900 kr.-~~
**2.500 kr.-**

# 50-80% afsláttur

### Börn



**Máni** peysa
~~8.500 kr.-~~
**4.000 kr.-**

### Herrar



**Kjölur** Primaloft skyrta
~~24.500 kr.-~~
**10.000 kr.-**

### Herrar



**Vindur** jakki
~~38.800 kr.-~~
**12.000 kr.-**

### Dömur



**Frost** vesti
~~14.500 kr.-~~
**6.000 kr.-**

### Dömur



**Frost** jakki
~~19.500 kr.-~~
**8.500 kr.-**

### Börn



**Máni** húfa
~~4.800 kr.-~~
**2.500 kr.-**

**Faxafeni 12** | 108 Reykjavík — **Opnunartími: Fim til fös 08-18 | Lau 11-16 | Sun 12-16**
**Skipagata 9** | 600 Akureyri — **Opnunartími: Fim til lau 10-18 | Sun 11-16**
**Miðvangur 13** | 700 Egilsstaðir — **Opnunartími: Fim til fös 10-18 | Lau 11-16**

# Orð og efndir „vinstri“ ríkisstjórnar í jafnréttismálum

JAFNRÉTTI



**Atli Gíslason**
alþingismaður

Ég gekk til liðs við VG á sínum tíma einkum til að vinna að hugsjónum um jafnrétti og umhverfi. Að báðum þessum málaflokkum hafði ég unnið sem lögmaður en gerði mér vonir um að ég næði meiri árangri á vettvangi Alþingis og innan VG, sem hefur kvenfrelsi og umhverfismál að kjarnaatriðum í stefnuskrá sinni. Nokkuð hefur áunnist fyrir tilstilli sporgöngumanna Kolbrúnar Halldórsdóttur sem fylgdu eftir málum hennar um vændiskaup og nektarstaði. Þá beitti Lilja Mósesdóttir sér sem formaður viðskiptanefndar til að tryggja að lög um kynjakvóta yrðu samþykkt. Bjartar vonir vöknuðu við samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í kjölfar alþingiskosninga vorið 2009, með jafnaðar- og jafnréttiskonuna Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra í fararbroddi. Í samstarfsyfirlýsingunni segir um jafnréttismálin:

„Málaflokkur jafnréttismála fái aukið vægi innan stjórnkerfisins. Jafnréttisstofa verði efld og sjálfstæði hennar aukið.

Jafnréttismál verði flutt í forsætisráðuneytið. Áhrif kvenna í endurreisninni verði tryggð. Því mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að jafna hlutfall kvenna á öllum sviðum samfélagsins og grípa til sértækra aðgerða sé þess þörf. Jafnframt verði kynjasjónarmið höfð að leiðarljósi í aðgerðum til atvinnusköpunar, svo þær gagnist bæði körlum og konum með fjölbreyttan bakgrunn.

Ríkisstjórnin grípi til aðgerða til að útrýma kynbundnum launamun í samvinnu við hagsmunasamtök og aðila vinnumarkaðarins. Lokið verði við gerð jafnréttisstaðla á kjörtímabilinu og starf jafnréttisfulltrúa ráðuneyta verði efld. Unnið verði úr tillögum jafnréttisvaktarinnar.

Ríkisstjórnin grípi til aðgerða til að útrýma kynbundnu ofbeldi……….“

**Verri staða kvenna**

Nú undir lok kjörtímabils ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboð má með sanni segja að vart standi steinn yfir steini hvað þessi loforð snertir. Niðurskurður í heilbrigðis- og félagsmálum hefur bitnað á konum og landsbyggðinni, en um 80% tapaðra starfa voru kvennastörf. Fögur fyrirheit um að útrýma kynbundnum launamun hafa snúist upp í andhverfu sína, kynbundinn launamunur hefur aukist á kjörtímabilinu. Staða kvenna í íslensku samfélagi hefur versnað síðastliðin fjögur ár. Þær hafa verið þolendur endurreisnar fjármálakerfisins, forgangsverkefnis að fyrirmælum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins sem hafa falið í sér eignatilfærslur frá skuldsettum heimilum til fjármálastofnana og félagslegan niðurskurð. Sjóðurinn verður seint talinn velviljaður norrænu velferðarsamfélagi. Var það ekki þessi sjóður sem stuðlaði að kynlífstengdri ferðaþjónustu í Taílandi?

Fjárframlög til Jafnréttisstofu hafa í hlutfalli við verðlagsbreytingar lækkað umtalsvert á kjörtímabilinu. Jafnréttisstofa hefur ekki verið efld, þvert á móti skorin niður. Tillögur greinarhöfundar og Lilju Mósesdóttur við þriðju umræðu fjárlaga fyrir árið 2013 um tímabundin 75 milljóna króna framlög til Jafnréttisstofu árin 2013 til 2015, samtals 150 milljónir, til að vinna gegn kynbundnum launamun voru felldar með atkvæðum allra stjórnarþingmanna. Stjórnarliðar greiddu einnig einbeitt

**➜ Fögur fyrirheit um að útrýma kynbundnum launamun hafa snúist upp í andhverfu sína, kynbundinn launamunur hefur aukist á kjörtímabilinu.**

atkvæði gegn einkar hófsömum tillögum okkar Lilju um 10 milljóna króna viðbótarframlag til Kvennaathvarfsins í Reykjavík, 5 milljóna króna til Stígamóta, sömu fjárhæð til Aflsins, samtaka gegn kynbundnu ofbeldi á Norðurlandi, og UN Women. Við forgangsröðuðum í þágu baráttu gegn kynbundnum launamun og kynbundnu ofbeldi í samræmi við grunngildi VG. Sambærilegar tillögur okkar vegna fjárlaga fyrir árið 2012 voru einnig kolfelldar af stjórnarliðum. Af hverju hafna þeir tillögum sem eru kjarnaatriði í stefnuskrám ríkisstjórnarflokkanna?

# Pönkast á Alþingi

EINELTI



**Karl Garðarsson**
skipar 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi suður

Ónefndur ritstjóri hér í bæ varð frægur fyrir nokkrum árum þegar hann sagði í tveggja manna trúnaðarsamtali að blað hans væri að „pönkast“ í óvinum sínum og „taka þá niður“ eins og það var orðað. Síðan hefur orðalagið „að pönkast“ áunnið sér sess, m.a. í Slangurorðabókinni þar sem það er skilgreint á þann hátt að verið sé að hamast í einhverjum eða gera honum lífið leitt. Í raun má segja að stutt sé á milli eineltis og þess að pönkast í öðrum einstaklingum. Tilgangurinn er að koma höggi á einstaklinga og niðurlægja þá á ýmsan hátt.

Þetta er rifjað hér upp vegna viðtals sem birtist í síðustu viku við Vigdísi Hauksdóttur, þingmann Framsóknarflokksins í Reykjavík. Þar segir hún frá kerfisbundinni niðurlægingu sem hún hafi mátt þola í þinghúsinu, sem flokka megi undir einelti. Niðurlægingu, sem feli m.a. í sér að ákveðinn hópur þingmanna stundi það að flissa og skvaldra á meðan hún er í ræðustól. Þá megi hún vart mismæla sig eða skipta um skoðun án þess að þurfa að þola niðurlægjandi ummæli í netheimum og í fjölmiðlum.

**„Kóa“ saman**

Það sem Vigdís tiltekur hefur flestum raunar verið ljóst lengi. Hún hefur verið skotspónn pólitískra andstæðinga og hefur mátt þola óvægnari umfjöllun um sig en aðrir þingmenn. Í þeirri orrahríð hafa málefni ekki skipt máli – maðurinn hefur verið tæklaður í stað þess að fara í einstök mál. Þannig hafa ákveðnir þingmenn gert sig seka um að pönkast í Vigdísi með það fyrir augum að taka hana niður. Ekki er langt síðan einn þeirra bloggaði að hann þakkaði guði fyrir að þurfa ekki lengur að sitja við hlið hennar í þinghúsinu, án þess að útskýra það nánar. Sumum finnst þetta eflaust léttvægt, en minnir þó óneitanlega á eineltistilburði í skólum þar sem fórnarlambið er einangrað og niðurlægt. Þessi framkoma gagnvart starfsfélögum er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Þjóðin hefur fylgst með þessu eineltisleikriti innan veggja þingsins í góðan tíma. Besti vinur eineltisins er þögnin og svo virðist sem fjölmargir þingmenn líti til hliðar og þykist hvorki sjá né heyra. Strákarnir í hópnum „kóa“ saman, enda sjá þeir ekkert athugavert við það þó sparkað sé aðeins í andstæðinginn og djöflast í honum.

**Ekki einsdæmi**

Mörgum hefur þó ofboðið. Í umræðu um stjórnarskrármálið fyrir jól sagðist Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins, hafa ítrekað orðið vitni að því að hæst hafi verið að þingmönnum sem komu upp til að ræða málefnalega um stjórnarskrá Íslands. Birna Lárusdóttir, varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins, fékk líka nóg í sömu umræðu. Hún var ný á þingi og var að átta sig á hefðum og venjum í þingsal. Hún sagði: „Ég hef fylgst með, einkanlega þeim sem sitja hér á aftasta

**➜ Þjóðin hefur fylgst með þessu eineltisleikriti innan veggja þingsins í góðan tíma. Besti vinur eineltisins er þögnin og svo virðist sem fjölmargir þingmenn líti til hliðar og þykist hvorki sjá né heyra.**

bekk í dag, taka sérstaklega fyrir einn þingmann úr röðum Framsóknarflokksins. Mér hefur þótt það sem ég hef heyrt og ég hef séð ljótt.“ Undir þessa gagnrýni tók Elín Hirst, frambjóðandi sama flokks, í ágætri grein á eyjunni.is.

Framkoman gagnvart Vigdísi er ekkert einsdæmi. Á hverjum tíma virðist alltaf verða til pólitísk fórnarlömb sem allir mega pönkast í. Góður vinur minn í blaðamannastétt taldi upp nokkur nöfn í samtali fyrir nokkrum dögum. Þannig þótti sjálfsagt að djöflast á fólki eins og Júlíusi Sólnes, Halldóri Blöndal og Guðna Ágústssyni, að ógleymdum Ólafi F. Magnússyni sem var nánast tekinn af lífi í fjölmiðlum í borgarstjórnartíð sinni. Jafnvel mætti bæta Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni við þennan lista, auk fjölmargra annarra.

Skömm þeirra sem taka þátt í einelti og hæða og niðurlægja samborgara sína er mikil. Ekki er síður sorglegt að sitja hjá og láta sem ekkert sé. Það er löngu orðið tímabært að stöðva þennan ósóma. Að sjá hann læðast inn í þingsali, þar sem kjörnir fulltrúar þjóðarinnar sitja, er þyngra en tárum taki. Það er mál að linni. Er furða að traust almennings þegar kemur að alþingismönnum sé við frostmark?

# Þjóðhagslegt mikilvægi lítilla fyrirtækja

ATVINNU-REKSTUR



**Brynhildur S. Björnsdóttir**
framkvæmdastjóri Hagsýnar og skipar 3. sæti á lista Bjartrar framtíðar, Rvk-Suður

Þótt ótrúlegt megi virðast samanstendur íslenskt atvinnulíf að stærstum hluta af litlum fyrirtækjum. Samkvæmt Hagstofu og Viðskiptaráði Íslands skiptist hlutfallið þannig að um 90% allra íslenskra fyrirtækja eru svokölluð örfyrirtæki (1-9 starfsm.), um 7% falla undir lítil fyrirtæki (10-50 starfsm.), 2% teljast meðalstór (51-250 starfsm.) en aðeins um 1% flokkast sem stór (>251 starfsm.). Þrátt fyrir að skráð fyrirtæki hjá Hagstofu Íslands hafi verið um 62.000 í árslok 2011 má ætla að um helmingur þeirra sé með virka starfsemi eða um 30.000 talsins.

Stærstu vinnuveitendur landsins

Samkvæmt Viðskiptaráði eru lítil og meðalstór fyrirtæki þar með stærstu vinnuveitendur landsins en ætla má að um helmingur launþega í landinu starfi hjá þeim eða um 90.000 manns. Þar af starfar um helmingur hjá örfyrirtækjum (40-45.000). Þar á sér stað gríðarleg verðmætasköpun sem lítið fer fyrir og gleymist oft í umfjöllun um atvinnulífið, bæði í fjölmiðlum og ekki síst innan stjórnsýslunnar.

**Ólíkt umhverfi**

Á hverjum degi heyrum við fréttir af þessum örfáu stóru fyrirtækjum landsins sem eru að mörgu leyti að glíma við alveg sömu hluti en þau smærri. Til að mynda er ekki óalgengt að greint sé frá miklum afskriftum, yfirtökum og gjaldþrotaskiptum þar sem stjórnendur ganga jafnvel frá skútunni án þess að bera neina persónulega ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum félagsins. Raunin er allt önnur hjá þeim smærri. Þá virðist sem svo að stjórnvöld setji öll fyrirtæki undir sama hatt og miði öll úrræði, laga- og reglugerðir við heildarlausnir fyrir öll fyrirtæki landsins þrátt fyrir ólíkar þarfir, innra og ytra umhverfi þessara fyrirtækja.

**Ábyrgðir**

Ör- og lítil fyrirtæki eru oftar en ekki stofnuð af einstaklingi eða hópi einstaklinga og þá fyrst og fremst af ástríðunni einni saman og/eða til að sjá fyrir sér og sínum. Þeir leggja oftar en ekki allt undir; setja sparifé sitt í stofnun þess, veðsetja eigur sínar, fá styrki og lán frá vinum og ættingjum og vinna jafnvel árum saman launalaust í þeirri von að byggja upp verðmæti sem skila þeim síðar ávinningi. Þessi hópur hefur ekki átt kost á því að taka lán án þess að leggja fram haldbærar tryggingar og persónuleg veð. Ef illa fer bera

**➜ Finna þarf leiðir til að búa til samfélag sem hvetur til fjölbreytts atvinnulífs um leið og það skilar sanngjörnum hluta í ríkiskassann...**

eigendur þessara fyrirtækja því oftar en ekki persónulega ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum félagsins.

**Markvissar aðgerðir**

Samkvæmt Viðskiptaráði svipar hlutfallslegri skiptingu fyrirtækja í öðrum Evrópulöndum mjög til skiptingarinnar hérlendis. ESB hefur hins vegar, ólíkt íslenskum stjórnvöldum, gert sér grein fyrir því að lítil og meðalstór fyrirtæki eru burðarásinn í evrópsku atvinnulífi og leggja mikla áherslu á að ríki innan sambandsins vinni markvisst að því að styrkja rekstrarumhverfi lítilla fyrirtækja. Í efnahags- og atvinnumálum hafa þeir tileinkað sér reglruna „think small first“ og miða við að taka tillit til sérstöðu og þarfa lítilla fyrirtækja við gerð laga- og reglugerða. Aðgerðirnar hafa m.a. miðað að því að einfalda regluverk, draga úr samkeppni ríkisrekinna fyrirtækja við lítil fyrirtæki, auka markvisst aðgengi fyrirtækjanna að fjárfestum og fjármögnun, skapa almennt rekstrarumhverfi sem hvetur til nýsköpunar, koma á samvinnu milli stjórnsýslunnar og lítilla fyrirtækja við gerð reglugerða, flýta greiðslum hins opinberra til fyrirtækja sem þeir kaupa þjónustu af auk tilskipana um lækkun og samræmingu á virðisaukaskattsþrepum.

**Viðurkennum vandann**

Fyrsta skrefið í því að leysa vanda er alltaf að viðurkenna að hann sé fyrir hendi og hefja samtal. Stjórnvöld þurfa fyrst og fremst að átta sig á þjóðhagslegu mikilvægi lítilla fyrirtækja og hefja samstarf við þau sem miðar að því að styrkja rekstrarumhverfi þeirra. Skapa ytri skilyrði sem hvetja til frumkvæðis og verðmætasköpunar ásamt því að auka skilning sinn á þörfum þessa hóps. Finna þarf leiðir til að búa til samfélag sem hvetur til fjölbreytts atvinnulífs um leið og það skilar sanngjörnum hluta í ríkiskassann – án þess að draga úr hvata til að stofna og reka lítil fyrirtæki. Ákvarðanir sem lúta að atvinnulífinu ættu ávallt að hefjast með spurningunni: „Hvaða áhrif hefur þetta á lítil fyrirtæki og styrkir ákvörðunin stoðir þeirra?“ Þau eru bróðurparturinn af íslensku atvinnulífi.

ABI-Burstamottur

Viltu losna við 80 %
- af óhreinindunum og bleytunni við innganginn?

Burstamotta ABI®




Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV 0113


ÚTSALA
ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á SUNNUDAGINN!
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

†



**JÓN ÞÓR PÁLSSON**
**frá Skeggjastöðum í Fellum,**

lést þann 11. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Áskirkju í Reykjavík föstudaginn 18. janúar kl. 15.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Páll Jónsson**

---

†



Ástkær fósturmóðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGVELDUR ÁSMUNDSDÓTTIR**
**Höfða, Akranesi,**
**áður Vesturgötu 80,**

lést laugardaginn 12. janúar. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 18. janúar klukkan 14.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðmundur Garðarsson.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GÚSTAF ADOLF GUÐMUNDSSON,**
**Skógarbæ,**
**áður Fiskakvísl 1,**

lést sunnudaginn 6. janúar. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju laugardaginn 19. janúar klukkan 14.

**Guðný Helga Björnsdóttir**
**Guðmundur Viktor Gústafsson Birna S. Richardsdóttir**
**Guðbjörg Gústafsdóttir**
**Magnús Gústafsson Röfn Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR**
**Litlu-Eyri, Bíldudal,**

sem lést aðfaranótt sunnudagsins 13. janúar verður jarðsungin frá Bíldudalskirkju laugardaginn 19. janúar klukkan 14.00.

**Hannes Bjarnason Birna Jónsdóttir**
**Helga Bjarnadóttir Úlfar B. Thoroddsen**
**Sigríður Bjarnadóttir Guðmundur Sævar Guðjónsson**
**Finnbjörn Bjarnason**
**Theodór Agnar Bjarnason Ágústa Ísafold Sigurðardóttir**
**Svanhvít Bjarnadóttir Ólafur Arnar Kristjánsson**
**Jón Sigurður Bjarnason Heba Harðardóttir**
**Arndís Bjarnadóttir Skarphéðinn Guðmundsson**
**Jóhanna Bjarnadóttir Lúðvík Guðjónsson**
**Hreinn Bjarnason Guðný Sigurðardóttir**
**Erna Bjarnadóttir**
**Gísli Ragnar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Hjartkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR KRISTINN KLEMENZSON**
**bóndi, Presthúsum í Mýrdal,**

lést laugardaginn 12. janúar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi. Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal laugardaginn 19. janúar kl 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hollvinasjóð Hjallatúns í Vík.

**Hrefna Finnbogadóttir**
**Kristín Einarsdóttir Sigurjón Rútsson**
**Elísa B Adolfsdóttir**
**Klemens Árni Einarsson**
**Finnbogi Einarsson**
**Heiða Dís Einarsdóttir Snorri Snorrason**
**Signý Einarsdóttir Flosi Arnórsson**
**Haukur Einarsson Sóley Rut Ísleifsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Verslun Guðlaugs A Magnússonar,**
Skólavörðustíg verður lokuð vegna jarðarfarar **Magnúsar Hauks Guðlaugssonar**, fyrrverandi framkvæmdastjóra og eiganda verslunarinnar,
**fimmtudaginn 17. janúar til kl. 14.00**
**og lokuð föstudaginn 18. janúar.**

---

# Árslöng afmælishátíð

## Fyrstu þrjár sýningar 150. starfsárs Þjóðminjasafns Íslands eru opnaðar um helgina.

Þjóðminjasafn Íslands heldur upp á 150 ára afmæli sitt á þessu ári en safnið var stofnað 24. febrúar 1863 og var þá fyrsta safn Íslendinga. Bryndís Sverrisdóttir, sviðsstjóri miðlunarsviðs safnsins, segir mikla dagskrá vera áætlaða á afmælisárinu og hefst hún óformlega um helgina. „Viðburðum verður dreift yfir allt árið og að sjálfsögðu verður mikil hátíð haldin á afmælisdaginn sjálfan, 24. febrúar. Um helgina opnum við fyrstu þrjár sýningar ársins," segir Bryndís.

Í stóra myndasal safnsins verður opnuð sýningin Íslensk ljósmyndun frá 1970 til 1990, þar sem fjórtán ljósmyndarar sýna úrval ljósmynda frá þessu tímabili. Á Veggnum verður sett upp ljósmyndasýning Harðar Geirssonar, safnvarðar Minjasafnsins á Akureyri, Nýjar myndir – gömul tækni. „Hörður hefur síðustu tvö ár tekið myndir á votar plötur, en það er tækni sem var mikið notuð frá 1851 og fram undir aldamótin 1900. Þetta er rosalega áhugaverð og skemmtileg tækni og það tekur til dæmis mjög langan tíma að taka hverja mynd. Maður skilur núna af hverju fólk er alltaf svona stíft á myndum frá því í gamla daga," segir Bryndís og hlær. Þriðja sýningin sem opnar um helgina er svo sýning á gripum sem Minjar og saga, vinafélag safnsins, hefur gefið á undanförnum árum. Félagið var einmitt stofnað á 125 ára afmæli Þjóðminjasafnsins og fagnar því 25 ára afmæli þetta árið. Í tilefni þess bjóða þau áhugasömum að ganga endurgjaldslaust í félagið þetta ár. Æskan og framtíðin er þema afmælisársins á Þjóðminjasafninu og er stefnt á að vekja áhuga ungs fólks á því. „Margir halda að hér sé bara að finna rykfallna gripi en það er svo fjarri lagi. Hér er margt skemmtilegt í gangi fyrir fólk á öllum aldri og við viljum vekja athygli yngri kynslóðarinnar á því, svo safnið lifi nú í önnur 150 ár og lengur," segir Bryndís.

Einnig verða gefnar út þrjár stórar og veglegar bækur á árinu, auk þess sem afmælisbæklingur safnsins hefur verið gefinn út og verður dreift inn á öll heimili landsins á morgun. „Þar segjum við frá starfsemi safnsins, hvað sé á döfinni á árinu og stiklum á stóru varðandi söguna. Auk þess verða nokkrir af starfsmönnunum okkar teknir fyrir og þeir segja frá starfinu sínu og hvað þeim þykir mest heillandi og skemmtilegt við það. Við leyfum því fólki aðeins að gægjast á bak við tjöldin hjá okkur með þessum bækling," segir Bryndís.

tinnaros@frettabladid.is



**ÍSLENSK LJÓSMYNDUN** Á eini af sýningunum sem opnaðar verða um helgina er úrval ljósmynda frá árunum 1970 til 1990. Bryndís er hér með mynd af sýningunni og í bakgrunni má sjá ljósmyndir eftir ljósmyndara Fréttablaðsins, Gunnar V. Andrésson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar

**ÁRNA INGVARSSONAR**
**Skipalóni 22, Hafnarfirði.**

**Gerða T. Garðarsdóttir**
**Elsa Aðalsteinsdóttir**
**Björn Árnason**
**Auðunn Gísli Árnason Fríða J. Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri,

**GRÉTAR ÓLAFUR SÍMONARSON**
**bóndi, Goðdölum,**
**Skagafirði,**

lést laugardaginn 12. janúar sl. á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki. Útförin fer fram frá Goðdalakirkju laugardaginn 19. janúar klukkan 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigþór Smári Borgarsson Sigríður Sveinsdóttir**

---

†



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORSTEINN SIGURÐSSON**
**leigubílstjóri,**

lést laugardaginn 29. desember á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Elsa Sólveig Þorsteinsdóttir**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÁGÚST GUÐJÓNSSON**
**blikksmíðameistari,**
**Ásgarði 4, Reykjanesbæ,**

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 18. janúar kl. 14.00.

**Hulda Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Svavarsson Sigríður V. Árnadóttir**
**Margrét Ágústsdóttir Árni Ásmundsson**
**Skúli Ágústsson Stella María Thorarensen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur faðir okkar,

**BALDUR SVEINSSON**
**húsasmiður frá Sveinsstöðum,**

lést 13. janúar á gjörgæsludeild Landspítalans. Útför verður gerð frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 23. janúar kl. 13.

**Fyrir hönd allra aðstandenda,**
**Aðalbjörg og Þóra Björk Baldursdætur.**

---

†



Okkar ástkæri,

**SKJÖLDUR TÓMASSON**
**Furulundi 21, Akureyri,**

lést á heimili sínu föstudaginn 11. janúar. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 21. janúar klukkan 13.30.

**Hulda Tómasína Skjaldardóttir**
**Drífa Sól Sveinsdóttir**
**Björk Nóadóttir og systkini hins látna.**

---

†



Kær móðir okkar,

**HRAFNHILDUR EYGLÓ ÓLAFSDÓTTIR**
**Höfða, Akranesi,**
**áður til heimilis að Háteigi 1,**

andaðist 13. janúar. Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju 22. janúar kl. 14.00.

**Jóhanna Margrét og Sigrún Guðjónsdætur**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

†



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur, afi og langafi,

**BJARNI DAGBJARTSSON**
**Eirhömrum, Mosfellsbæ,**

lést á Hjartadeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 2. janúar sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 18. janúar nk. kl. 15.00.

**Aðalheiður Bjarnadóttir Kristján Þór Ingvarsson**
**Dagbjartur Bjarnason Guðrún Steinþórsdóttir**
**Guðbjörg Bjarnadóttir Viðar Sigurðsson**
**Margrét Þyri Sigurðardóttir Jónas Eydal Ármannsson**
**Jóhann Haukur Sigurðsson Guðrún Leósdóttir**
**Hjálmtýr Dagbjartsson Hjördís Bogadóttir**
**Jón Sverrir Dagbjartsson Þóra M. Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## EFTIRSÓTTAR HANDTÖSKUR

**Brasilíski hönnuðurinn Serpui Marie hannar eftirsóttar handtöskur sem frægar konur á borð við Madonnu og Jennifer Aniston ganga með. Hönnuðurinn sækir innblástur í sveitina í heimalandinu og blandar saman skemmtilegum efnum. Fjallað hefur verið um Marie í helstu tískublöðum heims. Sjá serpuimarier.com.**

Eirberg
Blóðrásarörvun fyrir fætur
• Aukið blóðflæði
• Minni bólga og bjúgur
• Minni verkir
Verð: 44.950 kr.
Ný kynslóð
Opið kl. 9 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



NÝ SENDING - NÝR LITUR
teg 42027 - fæst í C,D,E skálum á kr. 5.800,- buxur við kr. 1.995,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
Laugardaga frá kl. 10-14
Vertu vinur



ÚTSALA
MEIRI VERÐLÆKKUN
50-60% AFSLÁTTUR



TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

# ÖMMU LEIST EKKI Á

**HÚÐFLÚR** *Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður beit á jaxlinn í sjö klukkustundir meðan hún fékk húðflúr á handlegginn. Nú langar hana í fleiri.*

Ég var með manga-fígúru eftir japanska listakonu innan á handleggnum, sem var alls ekki nógu vel gerð. Eins var ég ekki viss um að ég yrði ánægð með manga-fígúru þegar ég yrði áttræð og vildi fá eitthvað annað yfir,“ segir Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður þegar hún er spurð út í nýlega húðflúraðan upphandlegginn.

„Mig langaði í einhvers konar útfærslu á japanskri þjóðsagnafræði. Thomas Asher húðflúrari er sérfræðingur í japönskum stíl og ég sagði honum bara að ég vildi blóm og trönu og hann útfærði þetta á handlegginn á mér.“

Þrátt fyrir að nýja húðflúrið sé talsvert stærra og litskrúðugra hefur Ragnheiður litlar áhyggjur af því að það valdi henni hugarangri þegar hún kemst á áttrætt, það eigi vel við hennar karakter.

„Ég elska Japan og hef alltaf gert. Sumir eru auðvitað ekki hrifnir af húðflúri og nokkrum í fjölskyldunni leist ekkert á þetta.

Amma spurði mig einmitt hvað ég ætlaði að gera þegar ég yrði gömul! En húðflúr er svo mikið í tísku í dag að þegar ég fer á elliheimilið verður þetta bara „normið“.“

Alls tók sjö klukkutíma að fullgera flúrið, sem Ragnheiður segir hafa tekið á. Hún er með fjögur önnur húðflúr á líkamanum en segir þau ekki standast samanburð þegar kemur að sársaukastigi.

„Við tókum pásur á milli en þetta var rosalegt. Ég hef aldrei fundið svona mikið til. Mig langaði oft til að fara að skæla en beit bara á jaxlinn og bölvaði í hljóði. Ég hugsaði líka „aldrei aftur“ meðan á þessu stóð, en um leið og þetta var búið var ég farin að hugsa um að fá mér fleiri,“ segir Ragnheiður hlæjandi.

Hún hefur þó lítinn tíma fyrir húðflúrsvangaveltur þessa dagana því Notknot-púðarnir hennar eru á leið á sýningu í Danmörku. „Það á að kynna púðana formlega í Skandinavíu á Form-land-sýningunni nú í byrjun febrúar. Þar verður þeim líka stillt upp af stílistum í sérstökum sýningarherbergjum. Einn stílistanna vinnur líka fyrir tímaritið Bo Bedre og ætlar að mynda púðana fyrir blaðið svo það eru mjög spennandi hlutir að gerast.“

■ heida@365.is



**LANGAR Í MEIRA** Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður harkaði af sér sjö klukkustunda pínu á bekknum og er strax farin að hugsa um fleiri húðflúr. MYND/VALLI

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Útsala
20-70% afsláttur
Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
25% afsláttur af Wallhugger stillanlegum rúmum Ath. takmarkað magn
40% afsláttur af teppasettum frá Portúgal
Allt að 50% afsláttur af mjúkvöru, lökum, hlífðardýnum, sængurverasettum, sloppum, handklæðum og lömpum
70% afsláttur af öllum pífum
ÓTRÚLEGT VERÐ
Valhöll heilsudýna 80x200 cm með botni og fótum Verð nú aðeins kr. 54.900



Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
BOAS leðurhægindastólar nú frá kr. 79.900.-
www.svefn.is
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00


















**VELGENGNI** Tinna Alavis hefur verið vinsæl fyrirsæta hér á landi sem erlendis. Hún vekur athygli fyrir smekklegan klæðaburð, enda hefur hún mikinn áhuga á öllu er snertir tísku.

MYNDIR/BRAGI KORT

**TÍSKUBLOGG** | TINNA ALAVIS, FYRIRSÆTA OG BLOGGARI

# FAGURKERI MEÐ TÍSKUÁHUGA

**Tinna Alavis er ein þekktasta fyrirsæta landsins þótt hún hafi að mestu lagt þau störf á hilluna. Hún er tískubloggari á netmiðlinum vinsæla secrets.is sem fjallar um tísku, förðun og fleira. Spennandi verkefni bíða Tinnu sem hún segir fullsnemmt að ræða nú. Tinna varð í öðru sæti í keppninni Ungfrú Ísland árið 2003 þegar Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir bar sigur úr býtum. Frá þeim tíma hefur hún starfað sem fyrirsæta víða um heim, meðal annars í París, Þýskalandi, Indlandi og Los Angeles. Tinna var fús til að svara nokkrum spurningum.**

**Hvað ert þú að starfa um þessar mundir og hvar?** Ég er að vinna að mjög spennandi verkefni sem tengist tísku og kemur í ljós síðar.

**Hefur þú alltaf haft áhuga á tísku?** Já, ég er mikill fagurkeri og hef alltaf haft mikinn áhuga á öllu sem snertir tísku.

**Hvað leggur þú áherslu á þegar þú bloggar?** Ég legg aðaláherslu á heimsþekkta hönnuði, hártískuna, förðun og götutískuna. Ég fjalla einnig mikið um stóra viðburði erlendis, núna síðast var ég að blogga um fallegustu kjólana á Golden Globe-hátíðinni, sem voru margir hverjir glæsilegir að mínu mati.

**Hvaða hönnuðir eru í uppáhaldi?** Ég er ástfangin af Rachel Roy, hún er frábær hönnuður í alla staði. Einnig er ég mjög hrifin af Roberto Cavalli, hann er með mjög kvenleg og elegant snið. Carolina Herrera er frábær hönnuður. Mér finnst herrafötin frá Gucci einstaklega falleg.

**Er einhver flík sem þú stenst ekki?** Ef ég sé einhverja flík sem heillar mig upp úr skónum þá stenst ég aldrei mátið og kaupi hana.

**Einhver skemmtileg tískuupplifun?** Mér fannst mjög skemmtilegt og öðruvísi að sjá tískuna í Indlandi þegar ég var að vinna þar.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Uppáhaldsverslanirnar mínar hérna heima eru Eva, Zara og Kultur fyrir dömur og herra.

**Eyðir þú miklu í föt?** Já, ég geri það.

**Hvort verslar þú meira á Íslandi eða í útlöndum?** Ég versla mikið á Íslandi og enn meira erlendis.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


ÚTSALA
Enn meiri verðlækkun
50%
afsláttur
af öllum útsöluvörum
gallerisautján
Kultur
gs skór
focus
Kultur menn
KARAKTER KONUR
COMPANYS
Deres
SMASH
Sparkz
URBAN
eva







# ÞEKKT NÖFN MÆTA

**HÖNNUNARMARS 2013** *Fjöldi erlendra blaðamanna sækir Hönnunarmars í ár. Sari Peltonen segir áhuga á íslenskri hönnun að aukast um allan heim og fagleg umfjöllun erlendis geti reynst stökkpallur fyrir hönnuði.*

Áhugi á Hönnunarmarsinum er greinilega að aukast. Íslensk hönnunarsena þykir fersk og spennandi á alþjóðavettvangi og í ár eigum við von á fleiri erlendum blaðamönnum á Hönnunarmars en nokkru sinni áður," segir Sari Peltonen, kynningarfulltrúi hjá Hönnunarmiðstöð Íslands. „Þeir koma einnig víðar að en fyrr og spanna fjölbreyttara svið."

Von er á fjölmiðlum frá Evrópu og Bandaríkjunum og stærstu dagblöðunum í Skandinavíu svo sem Politiken og Dagens Nyheter, að sögn Sari. Hún nefnir einnig Der Spiegel, ABC og hönnunartímaritin FORM, Creative Review, Wallpaper, Dezeen og Design Week svo fáein séu nefnd. Þá gætu enn fleiri átt eftir að bætast við. Reykjavík Fashion Festival verður einnig haldið á sama tíma og fjöldi blaðamanna tískutímarita verður því einnig á landinu.

Einhverjir þessara fjölmiðla eru að koma í annað og þriðja sinn. Margir hafa fylgst með frá upphafi eins og David Golling, sem var áður ritstjóri FORM, en heldur nú úti podcast-þættinum Summit. Hann mun gera þátt um Hönnunarmars 2013. Þá eru þó nokkrir að koma í fyrsta skipti. „Í ár koma fleiri frá Bandaríkjunum og Þýskalandi en áður og þá fáum við gesti frá Frakklandi, Spáni, Kanada og Eistlandi. Eins kemur einn af þekktari hönnunarbloggurunum, Emma Fexeus, en hún heldur úti blogginu Emmas Designblogg," segir Sari og bætir við að ekki hafi reynst erfitt að fá fólk til að koma til Íslands.

„Ég þarf ekki að biðja tvisvar. En þetta eru bestu blaðamennirnir á sínu sviði og þar af leiðandi mjög uppteknir og bókaðir um allan heim. Því voru ekki allir á lausu sem vildu koma, en það þýðir bara að ég er þá þegar komin með góðan lista fyrir næsta ár," segir Sari sposk og bætir við að það hafi ómælda þýðingu fyrir hönnuði að fá umfjöllun fagfjölmiðla á sviði hönnunar.

„Hönnunarmars er vettvangur fyrir íslenska hönnuði til að sýna sín verk hérlendis en ekki síður til að koma sér á framfæri á erlendum vettvangi. Það gerist að stórum hluta með umfjöllun erlendra fjölmiðla. Slík umfjöllun bæði stækkar tengslanetið og þá er ekki síður mikilvægt að fá faglega umsögn og álit utanaðkomandi aðila á verkum sínum," segir Sari.

Hönnunarmars fer fram dagana 14. til 17. mars. Nánar má fylgjast með á vef Hönnunarmiðstöðvar, www.honnunarmidstod.is en einnig á designmarch.is og honnunarmars.is. Þá er Hönnunarmars á Facebook. ■ **heida@365.is**

**UPPSKERUHÁTÍÐ ÍSLENSKRA HÖNNUÐA** Dagskrá Hönnunarmars 2013 er þegar orðin þétt en hátíðin verður nú haldin í fimmta sinn, dagana 14. til 17 mars. Myndin er frá Hönnunarmars 2012. MYND/VALLI



**ÁHUGINN STÖÐUGT AÐ AUKAST** Sari Peltonen, kynningarfulltrúi Hönnunarmiðstöðvar Íslands, segir fleiri erlenda blaðamenn munu mæta á Hönnunarmars í ár en nokkru sinni fyrr. MYND/VALLI




# LJÓTUSTU KJÓLARNIR

**MISMUNANDI SMEKKUR** *Þær eru margar tískulöggurnar sem taka út kjólatískuna á stórhátíðum eins og Golden Globe.*

Verðlaunahátíðin var haldin í Los Angeles á sunnudaginn og flottustu kjólarnir hafa skreytt helstu fjölmiðla heimsins. Kjólarnir fá þó mismunandi einkunn og nokkrir þeirra lentu í „ruslflokki" þetta árið. Á myndunum má sjá leikkonurnar sem mættu til leiks í ljótustu kjólunum þetta árið. Meðal þeirra voru frægar leikkonur eins og Jessica Chastain, sem fékk verðlaun á hátíðinni, og leikkonan Halle Berry.


ARIEL WINTER


JESSICA CHASTAIN


LUCY LIU


HALLE BERRY



# NÝIR BÍLAR

**Kynningarblað**
**Tækninýjungar, rafmagnsbílar, fjölskyldubílar, sendibílar, framtíðarbílar og bílasmíði**

FIMMTUDAGUR **17. JANÚAR 2013**




## Volt er langdrægur rafmagnsbíll

Bílabúð Benna frumsýndi nýlega Chevrolet Volt, sem er langdrægur rafmagnsbíll með bensínrafal. Það leysir þau vandamál sem fylgja bílum sem eingöngu eru knúnir rafmagni og hafa stutt ökudrægi.

„Volt er í stuttu máli þannig gerður að hann er knúinn rafmagni, en þegar rafmagnshleðslan nær lágmarki tekur bensínrafall við og framleiðir rafmagn inn á rafhleðsluna,“ segir Benedikt Eyjólfsson hjá Bílabúð Benna.

„Þetta er lykilatriðið, fólk lendir því aldrei í þeim leiðindum sem fylgja því að verða stopp einhvers staðar vegna rafmagnsleysis, hvort sem það er innan- eða utanbæjar.

Rafmagnið getur klárast í öðrum rafmagnsbílum og þá þarf að draga þá í burtu – slíkt gerist aldrei í Volt,“ segir Benedikt.

Chevrolet Volt er fyrsti langdrægi rafbíll sögunnar og kemst um 500 km á einni rafhleðslu og fullum bensíntanki. „Á rafhleðslunni einni saman kemst hann um 60 km. En 60 km drægi dugir í flestum tilvikum fyrir allan daglegan akstur og menn geta því jafnvel sagt bless við bensínið fyrir fullt og allt. Chevrolet Volt er því mjög raunhæfur möguleiki hér og nú og áhugi markaðarins er samkvæmt því,“ segir Benedikt.





**Hluti af staðalbúnaði Spark LT:** 1.2L / 82 hestafla vél • 14” álfelgur • 6 líknarbelgir • Loftkæling • Aksturstölva • Hiti í speglum • Öryggisnemar í aftursæti • Fjarstýrðar samlæsingar • Rafmagn í rúðum og speglum • Hljómflutningstæki með USB tengi • Aðgerðarstýri • Hiti í sætum o. fl.

**Chevrolet Spark LS 1.0 • 2013 • Verð: 1.890 þús. kr.** | **Chevrolet Spark LT 1.2 • 2013 • Verð: 2.090 þús. kr.**

**Verið velkomin í reynsluakstur og kaffi**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 • 590 2000 | Njarðarbraut 9 • Reykjanesbæ • 420 3330 | Bílaríki • Glerárgötu 36 Akureyri • 461 3636 | www.benni.is

# Ör þróun í staðalbúnaði

**Mikil þróun hefur orðið á staðalbúnaði bifreiða síðustu ár. Framleiðendur leggja mesta áherslu á öryggisbúnað, mengunarþáttinn og eldsneytiseyðslu auk þess sem snýr að afþreyingu.**

Miklar breytingar hafa orðið á staðalbúnaði bifreiða undanfarin ár og þróunin er ör. Aukabúnaður sem áður var í boði hjá dýrari bílum er nokkrum árum síðar oft orðinn staðalbúnaður í ódýrari bílum. Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir breytingarnar í raun hafa verið gríðarlega miklar og staðalbúnaðinn hafa margfaldast frá 1990. „Á þeim tíma voru rafmagnsrúður orðnar staðalbúnaður, sem þótti mikil bylting. Í dag er auðvitað staðalbúnaður misríkulegur milli bílategunda en segja má að þegar kemur að staðalbúnaði leggi bílaframleiðendur mesta áherslu á öryggisbúnað, eldsneytiseyðslu og mengunarþáttinn auk þess sem snýr að afþreyingu. Þannig skiptir miklu máli hjá þeim að öryggisbúnaðurinn fái fimm stjörnur, að bíllinn eyði sem minnstu af eldsneyti og að hann losi sem minnst af óæskilegum efnum út í umhverfið. Þetta er keppikefli allra bílaframleiðenda í dag.“

Hann segir ABS-hemlalæsinguna, sem kom fram árið 1984, hafa verið mikla byltingu sem leiddi af sér fækkun slysa. Nú séu öryggispúðar komnir nánast allan hringinn í flesta bíla. „Einnig má nefna hemlajöfnun sem vinnur að því að rétta bílinn af svo hann skriki ekki til. Síðan eru skynjarar komnir í marga bíla sem meðal annars láta bílinn bremsa sé hann að klessa á. Nálægðarskynjarar eru einnig orðnir algengir.“

Özur segir erfitt að spá fyrir um framtíðina. Hann sér þó fyrir sér staðalbúnað sem taki völdin af bílstjóranum þegar við á, til dæmis ef hann er að keyra á annan bíl sem hann sér ekki. „Einnig má nefna stöðugleikakerfið sem í dag er ekki komið í alla bíla. Það hefur sýnt sig að kerfið hefur fækkað banaslysum í Evrópu og Evrópusambandið vill sjá það sem staðalbúnað í öllum bílum innan skamms. Annars er vont að spá um framhaldið. Þegar ABS kom á sjónarsviðið fannst manni það stórkostlegt en nú þykir það sjálfsagt. Nú er verið að prófa bíla sem þarfnast ekki bílstjóra þannig að hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér.“



„Segja má að þegar kemur að staðalbúnaði leggi bílaframleiðendur mesta áherslu á öryggisbúnað, eldsneytiseyðslu og mengunarþáttinn,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. MYND/GVA


Á Ford Escape er nóg að sparka með öðrum fæti undir stuðarann og skottið opnast.

## *Nýjasta tækni 2013*

Fyrst ber að nefna nýtt myndavélakerfi í JX35 frá japanska framleiðandanum Infiniti. Kerfið sýnir 360 gráðu mynd á skjá inni í bílnum af því sem er í kringum hann. Þá bremsar bíllinn sjálfkrafa ef hlutur kemur of nálægt þegar bakkað er.

Chevrolet kynnir nýjung í loftpúðum sem eru á milli farþegasætanna. Þeir koma í veg fyrir að fólk slasist þegar það kastast til og skellur á hvert öðru í árekstri.

Í Ford Escape er hægt að opna skott bílsins án þess að nota hendurnar. Viðkomandi verður reyndar að hafa lykil bílsins á sér en þarf aðeins að sparka með fæti undir afturstuðarann og skottið opnast upp á gátt. Til að loka skottinu er aftur sparkað undir stuðarann. Þetta kemur sér einkar vel þegar fangið er fullt af vörum. Svipaðan búnað er einnig að finna í SL-Glass hardtop roadster frá Mercedes-Benz.

Í Cadillac XTS lúxusbílnum er ný tækni sem varar bílstjórann við ýmsum hættum í umhverfinu með titringi í bílstjórasætinu. Ef bíllinn fer yfir á rangan vegarhelming titrar sætið. Þegar verið er að bakka og bíllinn er nálægt því að klessa á titrar sætið þeim megin sem hættan er.

Í Nissan Altima er að finna tækni sem aðstoðar ökumenn við að skrifa textaskilaboð með tengingu snjallsíma við bílinn. Kerfið les upp skilaboð og hægt er að gefa raddskipanir um samþykki eða breytingar. Í stýrinu eru flýtitakkar sem hægt er að nota til að senda stöðluð SMS eins og „mér seinkar“ eða „er að keyra, get ekki talað“. Tæknin er hugsuð í öryggisskyni svo að ökumaður þurfi ekki að vera að handfjatla síma meðan hann keyrir og truflast því síður við aksturinn.

# Ný framtíðarsýn

**Fáir hugmyndabílar komast óbreyttir á framleiðslulínu bílaframleiðenda enda eru flestir þeirra bæði yfirdrifnir í tæknilegu tilliti og ævintýralegir útlits. Þrátt fyrir það eru hugmyndabílar boðberar nýrra tíma þar sem fjöldaframleiddir bílar eru oft og tíðum byggðir á þeim.**

Hugmyndabílar eru skrautfjaðrir bílaframleiðenda og því nýta þeir tækifærið til að frumsýna bílana á stórum bílasýningum sem vekja mikla athygli. Ein slík er alþjóðlega bílasýningin í Detroit sem stendur nú yfir en hún verður opnuð almenningi hinn 19. janúar. Hér fyrir neðan gefur að líta nokkra hugmyndabíla sem sýndir hafa verið á bílasýningum síðustu mánuði um allan heim. Þeir eru eins misjafnir og þeir eru margir en eiga það sameiginlegt að vera æði óvenjulegir.


Mercedes-Benz Ener-G-Force hugmyndabíllinn var kynntur til leiks á Los Angeles bílasýningunni sem haldin var í nóvember síðastliðnum.


Þessi netti rafbíll frá Nissan, Nissan New Mobility, var kynntur á CEATEC-sýningunni í Japan í október. Á sýningunni var verið að kynna það nýjasta í raf- og tækniiðnaði.


Hann er æði sportlegur Peugeot Onyx hugmyndabíllinn sem kynntur var á bílasýningu í París í september síðastliðnum.


Hugmyndabíllinn Citroën Survolt var sýndur á alþjóðlegu bílasýningunni í Sao Paulo í Brasilíu í október á síðasta ári.


Toyota kynnti Corolla Furia hugmyndabílinn á alþjóðlegu bílasýningunni í Detroit í vikunni.


„Fun-Vii“ er heitið á þessum sérstaka hugmyndabíl frá Toyota sem var til sýnis á Los Angeles bílasýningunni í nóvember. Ytra byrði bílsins þjónar tilgangi skjás sem birt getur myndir og skilaboð. Innréttingu bílsins er einnig hægt að breyta eftir skapi ökumannsins.



### BÍLALEIKIR Á NETINU

**Á netinu** er hægt, í þar til gerðum tölvuleikjum, að búa til sinn eigin bíl, breyta honum og bæta við óendanlegum fjölda aukahluta. Flestir leikjanna byggja á því að sá sem spilar fær mót af bíl í hendurnar og ýmsa möguleika til breytinga. Til dæmis er hægt að breyta lit bílsins eða setja á hann mynstur; eldglæringar og fleira. Mismunandi felgur, vindskeiðar, grill og húdd eru í boði. Litur á ljósum og gleri er einnig breytanlegur og býður upp á skemmtilega möguleika.

**Hægt er** að velja milli ýmissa leikja og breyta mismunandi tegundum bíla. Síður þar sem meðal annars má finna slíka leiki á eru www.gamepilot.com og www.keygames.com. Með því að slá inn „car games“ á leitarvél Google má svo finna fleiri síður sem hýsa sambærilega leiki. Á þessum síðum er einnig að finna margs konar kappakstursleiki í ýmsu formi; spyrnuleiki, rallýleiki eða æsandi eltingaleiki þar sem löggubíll reynir að ná bófabíl ásamt fleiri áhugaverðum bílaleikjum.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson, benediktj@365.is, s. 512-5411 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

Sportlegur að framan með 100 hljóðlát hestöfl undir húddinu.

# Og borgin varð orðlaus. Nýr Yaris Hybrid.




Mig langar í svona.

ahh ... útblásturinn aðeins 79g/km

## Nýr Yaris Hybrid. Sjáðu borgina þagna.

Umferðarljósin stoppa og stara á hann renna hljóðlaust hjá. Stöðumælarnir kyngja klinki af aðdáun meðan bensíndælurnar stinga fingrum í eyrun og láta sem hann sé ekki til. Fimmtán ára þróun Toyota á hybrid-tækninni hefur skilað sér í þessum hljóðláta snillingi, nýjum Yaris Hybrid sem með lágmarksútblæstri (79g/km) og aðeins 3,5 lítrum á hundraðið líður hávaðalaust um stræti og torg.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

**Verð: 3.480.000 kr.**

3,5 l /100km SPARAR BENSÍN — Notar aðeins frá 3,5 lítrum á 100 km í blönduðum akstri.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Corvettan fyllir sex tugi

Bílaframleiðandinn Chevrolet fagnar því að í ár eru liðin sextíu ár frá því fyrsti Corvette-sportbíllinn leit dagsins ljós. Á alþjóðlegu bílasýningunni í Detroit sem nú stendur yfir eru sýndar saman fyrsta og nýjasta kynslóðin af þessum goðumlíka ofurbíl.

Í byrjun sjötta áratugarins bar nokkuð á vinsældum opinna sportbíla sem framleiddir voru í Bretlandi. Sem bandarískt andsvar við þessum vinsældum ákvað General Motors að framleiða nýjan sportbíl fyrir Bandaríkjamenn og til varð Chevrolet Corvette. Corvettan var hugarfóstur Harley Earl, yfirhönnuðar General Motors, en hún var fyrst kynnt til leiks sem hugmyndabíll á GM Motorama árið 1953. Nafnið, Corvette, er komið frá Myron Scott sem nefndi bílinn eftir sérstakri gerð af herskipi sem ber sama nafn. Þó að fyrsta Corvettan hafi ekki þótt mikilfengleg hvað tæknina varðaði þótti útlit hennar einkar fallegt enda ólíkt öllu því sem áður hafði verið framleitt í Detroit. Um hönnun bílsins sem fór í framleiðslu sá Robert McLean sem vann undir Earl.

### C2 (1963–1967)

Önnur kynslóð Corvettunnar, sem oft hefur verið nefnd Stingray, var minni en sú fyrsta. Sjávardýr á borð við stingskötu (stingray) varð hönnuðinum Larry Shinoda að yrkisefni en hann var heillaður af samhverfu stingskötunnar. Þannig fékk hin nýja Corvetta flatan framenda og skarplega afmörkuð bretti.

### C3 (1968–1982)

Shinoda var áfram heillaður af sjávarlíffræði við gerð þriðju kynslóðar Corvette. Í þetta sinn byggði hann hönnun sína á Mako Shark II hugmyndabílnum og skýrði hana Manta Ray.

### C4 (1983–1996)

Fyrir fjórðu kynslóð Corvettunnar var bíllinn endurhannaður algerlega í fyrsta sinn frá árinu 1963. Framleiðsla bílsins tafðist vegna gæðavandamála og því fór svo að aðeins 43 frumgerðir af 1983 árgerðinni voru framleiddar og voru þeir bílar aldrei seldir.

### C5 (1997–2004)

Chevrolet notaði bíla á borð við Nissan 300ZX og Mazda RX-7 sem viðmið við hönnun á fimmtu kynslóð Corvettunnar. C4 hafði enda ekki komið sérlega vel út hjá gagnrýnendum í samanburði þeirra á Corvettunni og japönskum keppinautum. C5 þótti í alla staði taka fyrri gerðum fram bæði að gæðum og útliti.

### C6 (2005–2013)

Í sjöttu kynslóð Corvette var vélin áfram fram í og gírkassinn aftur í líkt og í C5, en að öðru leyti var bíllinn algerlega nýr. Framljósin voru sjáanleg í fyrsta sinn frá 1962, farþegarými var stækkað, Í bílnum var nú 6,0 l vél og nýtt fjöðrunarkerfi.

### C7 (2014- )

Sjöunda og nýjasta kynslóð Corvettunnar hefur nú litið dagsins ljós en ætlunin er að bíllinn fari í framleiðslu síðla þessa árs. Bíllinn er nú til sýnis á alþjóðlegu bílasýningunni í Detroit og stendur þar við hlið hinnar upprunalegu Corvettu frá árinu 1953. Ólíkt öðrum týpum dregur C7 að nokkru leyti dám af Corvette Stingray frá 1963.



Chevrolet Corvette Stingray 2014 er nú til sýnis á alþjóðlegu bílasýningunni í Detroit.



Chevrolet Corvette Stingray Coupe frá 1963.

Chevrolet Corvette 1997

Chevrolet Corvette árgerð 1968.

Chevrolet Corvette 1984.

Chevrolet Corvette 2005

Fyrsti Chevrolet Corvette árið 1953.

# Gríðarlega tímafrekt að smíða bíl

Rúdolf Jóhannsson bifvélavirki og sonur hans Kristinn, sem er rennismiður hjá Össuri, hafa dundað sér við smíði á eftirlíkingu af 1965 Pontiac í nokkur ár. Um er að ræða 1100 hestafla tryllitæki sem vonandi verður áberandi í kvartmílunni næsta sumar.

Feðgarnir Rúdolf og Kristinn byrjuðu á bílnum árið 2005 og eru enn að betrumbæta hann. En hvernig smíðar maður bíl frá grunni?

### Upphaf

Í fyrstu þarf að ákveða hvernig bíl á að smíða. „Við byrjuðum að ná okkur í plastboddý af Pontiac 65. Síðan smíðuðum við grind sem boddýið passar á.“ Í kvartmílu skiptir þyngd bíla miklu máli og því er allt gert til að gera þá sem léttasta. „Grindin er úr krómolí-stálrörum sem eru einstaklega þunn en sterkbyggð og um 40% léttari en ef við hefðum notað annað stál,“ segir Rúdolf.

### Framhald

Það fer mikill tími og vinna í að byggja bíl frá grunni og er að mörgu að hyggja. „Við smíðuðum í raun allt inn í bílinn úr áli, nema það sem fer undir ökumanninn, en þar er allt úr stáli. Það er út af öryggi þar sem meiri styrkur er í stálinu, en einnig út af brunaöryggi.“

### Fullkomnun

Bíllinn er ekki fyrir almennan akstur en vel búinn fyrir kvartmílukeppni. „Við prófuðum hann í fyrra og árið á undan en erum ekki búnir að ná því besta sem við teljum okkur geta náð út úr honum.“

Í kvartmílukeppni skiptir gríðarmiklu máli að bíllinn fari beint en rási ekki á veginum. „Ef einhver skekkja er einhvers staðar í bílnum getur hann farið að leita til hliðar. Ef það gerist í spyrnu þarf að slá af og þá er sú ferð ónýt. Þá reyna menn að laga það, mæla út og leita að skekkjunni. Þetta getur verið mjög tímafrekt.“



Hér er bíllinn að taka af stað á kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. MYND/B&B KRISTINSSON

Þannig reyna þeir feðgar að fínpússa bílinn sem enn hefur ekki farið í keppni en næsta sumar kemur vel til greina.

### Kvartmíluklúbburinn

Rúdolf er einn af stofnendum Kvartmíluklúbbsins sem á og rekur kvartmílubrautina í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. „Klúbburinn er kjörinn staður fyrir menn að hittast, spjalla saman, skiptast á ráðum og fleira. Þar er félagsheimili og auðvitað brautin.“

### Góður félagsskapur

Rúdólf hefur eignast marga vini í gegnum bílaáhugann og Kvartmíluklúbbinn. „Við erum saman í þessu feðgarnir. Sonur minn er búinn að vera hérna með mér síðan hann byrjaði að skríða. Þetta er fyrst og síðast áhugamál. Spyrnurnar og keppnirnar eru minnsti hlutinn því níutíu prósent tímans erum við á verkstæðinu og þar hittast menn og spjalla. Ég á nokkra gamla vini sem hanga með mér í þessu. Það er félagsskapurinn sem skiptir máli. Það er ekkert gaman að vera einn að puða með bíl út í horni.“



Vélin sem er í bílnum er 1.100 hestafla 517 Pontiac-vél. MYND/GVA


GRÆNIR BÍLAR
ergo
ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD
Engin lántökugjöld
á grænum bílalánum
Ergo vill aðstoða þig við að eignast farartæki.
Nú getur þú kíkt á ergo.is og kynnt þér yfir 50 nýjar tegundir grænna bíla og kosti grænna bílalána. Við bjóðum því græn bílalán án lántökugjalda til 15. mars 2013.
Reiknaðu með okkur á ergo.is
Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > www.ergo.is > ergo@ergo.is
ergo

# Askja með mestan hlutfallslegan vöxt

**Bílaumboðið Askja**, umboðsaðili Mercedes-Benz og Kia Motors, er með mestan hlutfallslegan vöxt í sölu milli ára af öllum bílaumboðum á Íslandi. Askja var með 11,3% markaðshlutdeild af sölu nýrra bíla hér á landi árið 2012 og jók markaðshlutdeild sína um 2,5% frá 2011.

Kia heldur áfram mikilli sókn hér á landi og á árinu sem er að líða seldust alls 775 nýir Kia-bílar. Kia er komið í þriðja sæti yfir mest seldu bíla landsins með um 110% söluaukningu frá síðasta ári og er Kia nú með 9,6% markaðshlutdeild í sölu nýrra bíla á Íslandi, sem jafnframt er sú hæsta í Evrópu. Mercedes-Benz var í öðru sæti yfir mest seldu lúxusbíla ársins en alls seldust 203 nýir bílar frá þýska lúxusbílaframleiðandanum hér á landi á árinu 2012, fólks- og atvinnubílar.

„Við hjá Öskju getum verið mjög sátt við árangurinn því fyrirtækið hefur bætt við sig markaðshlutdeild. Mercedes-Benz hefur átt góðu gengi að fagna hér á landi þrátt fyrir erfiða tíma í bílasölu og á mjög dyggan aðdáendahóp. Hinn nýi A-Class var valinn Bíll ársins af íslenskum bílablaðamönnum sem er frábær viðurkenning. Einnig komu nýir og endurbættir B-Class, M-Class og GLK en allir þessir bílar hafa verið vinsælir hjá okkur. Það eru spennandi tímar fram undan hjá Mercedes-Benz og nýr GL og CLA-Class eru væntanlegir á fyrri hluta ársins,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju.



Kia-bílarnir hafa verið mjög vinsælir og er merkið komið í þriðja efsta sæti yfir mest seldu bílana á Íslandi.

### Kia-bílarnir mjög vinsælir

Kia-bílarnir hafa verið mjög vinsælir og er merkið komið í þriðja efsta sæti yfir mest seldu bílanna á Íslandi. „Þetta eru mjög ánægjulegar fréttir en koma raunar ekkert mjög á óvart þar sem Kia hefur verið að koma fram með spennandi og fallega endurhannaða bíla á árinu. Þá eru bílarnir einnig sparneytnir og umhverfismildir og það er það sem bíleigendur leita í mjög auknum mæli eftir,“ segir Jón Trausti.

Hann segir að nýr og spennandi Kia Carens sé nú á leiðinni en bíllinn á að marka tímamót fyrir Kia í flokki stærri fjölskyldubíla eða svokallaðra margnotabíla sem kallaðir eru MPV á ensku. Carens er stór og rúmgóður sjö manna bíll með miklu farangursrými. „Carens verður í boði með eyðslugrönnum og umhverfismildum dísilvélum þannig að um hagkvæman fjölskyldubíl er að ræða. Þessi nýi bíll er framleiddur og hannaður með þarfir fjölskyldunnar í huga þannig að hann nýtist vel fyrir ferðalög og öll áhugamálin,“ segir Jón Trausti.




## GLÆSILEGUR OG KRAFTMIKILL GL JEPPI

**Mikil eftirvænting** ríkir eftir hinum nýja og kraftmikla Mercedes-Benz GL jeppa. Nú styttist óðum í þennan sjö sæta glæsivagn því hann verður frumsýndur hjá Öskju í febrúar. Nýr GL verður búinn nýjum og endurbættrum vélum, bæði fyrir dísel og bensín, sem munu bjóða upp á aukinn kraft samfara minni eyðslu og gerir jeppann sérlega umhverfisvænan. GL350 BlueTEC 4MATIC verður með þriggja lítra V6 díselvél sem skilar 258 hestöflum og 620 Nm í togi. Eyðslan er aðeins um 7,4 lítrar í blönduðum akstri samkævmt upplýsingum frá framleiðanda. GL500 verður með 4,7 lítra V8 bensínvél sem skilar 435 hestöflum og 700 Nm í togi. Hinn magnaði GL 63 AMG 4MATIC er sannkallað villidýr en hann skilar 557 hestöflum og togið er gríðarlegt eða alls 760 Nm. Jeppinn er aðeins 4,9 sekúndur í hundraðið sem eru ótrúlegar tölur miðað við svo stóran bíl.

Mercedes-Benz leggur mikið upp úr því að gera þennan glæsivagn sem bestan úr garði og er hvergi slegið af vandaðri hönnun og gæðum. Meðal staðalbúnaðar má nefna sérlega þægilegt Artico leðuráklæði, loftpúðafjöðrun, rafdrifinn afturhlera og sóllúgu. Þá er rafdrifin uppsetning á öftustu sætaröð. Mikið er lagt upp úr öryggi og má nefna Assist Plus og Crosswind Assist kerfi sem auðveldar m.a. akstur í hliðarvindi.

## SJÖ ÁRA ÁBYRGÐ Á KIA-BÍLUM

**Kia Motors** býður upp á 7 ára verksmiðjuábyrgð á öllum nýjum bílum sínum og er eini bílaframleiðandinn í heiminum sem býður svo langa ábyrgð.

Kia er einn mest vaxandi bílaframleiðandi heims og hefur undanfarna mánuði sent frá sér hvern endurhannaðan bílinn á fætur öðrum. Kia-bílarnir hafa undanfarið fengið mikið lof fyrir flotta og nútímalega hönnun og hafa sópað til sín hönnunarverðlaunum víða um heim. Kia-bílarnir teljast einnig einstaklega góðir í endursölu, sérlega sparneytnir og umhverfismildir.






Mercedes-Benz Citan

## Nýr og nettur sendibíll

Mercedes-Benz kynnir á næstunni nýjan sendibíl sem fengið hefur nafnið Citan. Mikil eftirvænting hefur verið eftir bílnum, bæði vegna þess að Daimler hefur ekki verið með sendibíl um nokkurt skeið í þessum stærðarflokki og þá mun Citan vera sérlega hagkvæmur í rekstri. Citan er nettur en öflugur sendibíll og er ætlað að efla sölu Mercedes-Benz enn frekar í flokki atvinnubíla, en Daimler AG, framleiðandi Mercedes-Benz er stærsti framleiðandi atvinnubíla í heiminum í dag. Aukinn markaður er fyrir bíla í þessum geira á mörgum markaðssvæðum og stefnir Mercedes-Benz á aukna markaðshlutdeild með tilkomu Citan. Fyrir er þýski lúxusbílaframleiðandinn með breiða línu sendibíla, s.s. Vario, Sprinter og Vito. Sprinter hefur til að mynda verið afar vinsæll og traustur bíll hér á landi, og einn mest seldi bíllinn í sínum flokki um árabil.

Citan verður í boði með eyðslugrönnum dísil- og bensínvélum sem allar hafa frekar lága koltvísýringslosun. Citan verður vel búinn m.a. með Blue EFFICIENCY-búnaði, eins og nýir lúxusbílar Mercedes-Benz eru búnir, en búnaðurinn eykur á sparneytni bíla og minnkar útblástur skaðlegra lofttegunda frá þeim. Citan verður einnig boðinn í ýmsum útgáfum, m.a. sem fjölnotabíll. Hægt verður að panta Citan í mismunandi lengd og hæð sem býður upp á fjölmarga notkunarmöguleika. Nýr Mercedes-Benz Citan kostar frá 3.590.000 kr. með virðisaukaskatti.

HVITA HÚSIÐ/SÍA – 13-0124

# Meistaraverk

## Komdu og skoðaðu glæsilegan Mercedes-Benz M-Class

Mercedes-Benz M-Class setur ný viðmið fyrir lúxusjeppa. Afburða hönnun, fjölmargar tækninýjungar, kraftur og framúrskarandi aksturseiginleikar hafa tryggt honum frábærar viðtökur. Eyðslan er frá aðeins 6,5 l/100 km í blönduðum akstri og $CO_2$ útblástur einungis 164 g/km.

Komdu við í sýningarsal okkar á Krókhálsi 11 og reynsluaktu glæsilegum M-Class.




**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
**Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi**

**Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“ á Facebook**



Rolls-Royce Phantom selst vel.

## SÖLUMET HJÁ ROLLS ROYCE

**Þrátt fyrir** efnahagskreppu í Evrópu og Bandaríkjunum selst lúxusbíllinn Rolls-Royce vel og sló öll sölumet á síðasta ári. Reyndar hafa verið slegin sölumet á hverju ári síðastliðin þrjú ár.

**Aldrei í** 108 ára sögu framleiðandans hefur Rollsinn selst betur. Á síðasta ári voru seldir 3.575 bílar víða um heim. Stærstu markaðirnir eru í Kína og í Bandaríkjunum. Í Þýskalandi voru seldir 15% fleiri Rollsar á síðasta ári en árið 2011. Ekki er nóg með það því það er lúxustegundin Phantom sem er mest seld og 95% kaupenda óska þar að auki eftir dýrum aukahlutum.



## KULDINN EYKUR BENSÍNEYÐSLU

**Töluverður munur** er á því hve miklu bensíni bílar eyða í heitu veðri og í miklum kulda. Getur munurinn á eyðslunni verið allt að tuttugu prósentum.

Á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda www.fib.is er greint frá ástæðum þessa en einnig hvernig minnka megi eldsneytisnotkun á köldum dögum. Þar segir meðal annars að ekki aðeins vél og gangverk bílsins sé þyngra á sér í kuldanum heldur taki raftæki bílsins, til dæmis rúðu-, spegla- og sætishitarar, til sín mikið rafmagn. Það þyngi mjög álagið á vélina að snúa rafalnum.

Bílar eyða mestu fyrstu mínúturnar eftir að þeir eru gangsettir og enn meir eftir því sem kuldinn er meiri. Mikill hluti orkunnar í eldsneytinu fer í að hita vélina upp í vinnsluhita en á köldum dögum og á stuttum vegalengdum nær bíll ekki að hitna til fulls. Oft er drepið á honum áður en hann nær að hitna almennilega og hann síðan ræstur aftur eftir að hafa kólnað niður. Við þetta slitnar vél og gangverk hraðar og bensíneyðslan verður afar mikil.

Á vef FÍB er mælt með að setja vélarhitara í bílinn. Ef hann er ekki til staðar má reyna þetta:

1. **Notaðu** sem minnst afturrúðu-, sæta- og speglahitarana.
2. **Sjáðu** til þess að loftþrýstingurinn í dekkjunum sé minnst sá sem hann á að vera samkvæmt handbók bílsins.
3. **Keyrðu** vélina á sem lægstum snúningi og láttu hana ekki erfiða.
4. **Smá** snattferðir á bílnum kosta mikið. Sparaðu slíkan akstur.

*Heimild: www.fib.is*


# Landsbankinn kynnir græna bílafjármögnun

**Landsbankinn býður** betri kjör á fjármögnun grænna bíla – 9,65% breytilegir óverðtryggðir vextir og ekkert lántökugjald.

Grænir bílar eru skilgreindir sem bílar með minnsta mögulegan útblástur, sem eru flokkar **A**, **B** eða **C** og losa 0-120 g af koltvísýringi á hvern ekinn kílómetra.

Stefna Landsbankans um samfélagslega ábyrgð hefur sett bankanum þau markmið að tengja starfshætti sína við efnahags-, samfélags- og umhverfismál.

9,65%* vextir

Ekkert lántökugjald

*9,40% fyrir Vörðufélaga.

**Skilmála og nánari upplýsingar** má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4800




## 20 - 50% AFSLÁTTUR
## AF SPORTVÖRUM!

MIKIÐ ÚRVAL AF FATNAÐI OG SKÓM
ASICS, CASALL, SEAFOLLY, CWX, EASTPAK O.FL.

**TILBOÐSVERÐ Á VÖLDUM CANADA GOOSE ÚLPUM**
**NÝJAR ÚLPUR Á 10% AFSLÆTTI Á MEÐAN**
**Á ÚTSÖLU STENDUR.**

# SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLALIND.is



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED 10/2005, ekinn 155 Þ.km, sjálfskiptur, leður ofl. Svakalega fallegt eintak. Verð 6.880.000. Raðnr.284760 - Sá flotti er í salnum!



LAND ROVER RANGE ROVER SPORT SE DIESEL 03/2006, ekinn 159 Þ.km, sjálfskiptur, leður, lúga, samlitur, og fullt af flottum aukahlutum. Verð 5.960.000. Raðnr. 284759 - Glæsijeppinn er í salnum!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

STÓRA BÍLASALAN



Hyundai Getz GLS 1.4 Árgerð 2008, ekinn 136þ.km, bsk. Bíll í toppstandi og er á staðnum! Ástandsskoðun til. Tilboðsverð aðeins 790þ.kr. Raðnr 154259. Sjá á www.stora.is



Peugeot 107 Árgerð 2006, ekinn 75þ. km, bsk. Ný tímareim og kúpling. Flottur bíll í góðu standi! Tilboðsverð 750þ.kr. Raðnr 153892. Sjá nánar á www.stora.is



KIA Sorento Ex Classic Árgerð 6/2012, ekinn 21þ.km, ssk, bakkmyndavél, ný vetrardekk. Ástandssk til. Er á staðnum. Verð 6.590þ.kr. Raðnr 133048. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

BÍLA KAUP
S:577.1111
bilakaup.com



TOYOTA Land Cruiser 100 VX.DÍSEL Árgerð 2001, ekinn 230 Þ.KM, sjálfskiptur. Verð 3.380.000. Rnr.261125.



SKODA Fabia classic. Árgerð 2000, ekinn 132 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 550.000. Allt að 100% lán. Rnr.103693.



RENAULT Megane berline. Árgerð 2008, ekinn aðeins 30 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Frábært verð 1.190.000. Rnr.205986.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

J.R.BÍLASALAN
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



FORD Transit 300l. Árgerð 2007, ekinn 52 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.790.000 + VSK. Rnr.154715.



HONDA Civic „r" type + dg. Árgerð 2007, ekinn 87 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.154566.



VW Caddy. Árgerð 2001, ekinn 118 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr.154603.



TOYOTA Land cruiser 90 „common rail". Árgerð 2002, ekinn 203 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.154726.



RENAULT Master stuttur háþekja. Árgerð 2008, ekinn 100 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.580.000.+ VSK Rnr.106475.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

100bílar.is bílasala



HONDA CRF 150 R. Árgerð 2008, 4 strokka, 23hö, umboðshjól í topp standi, Ásett verð 390.000. Rnr.117979. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Toyota Corolla árg'98, góður bíll. Útlitsgallaður. Verð 150.Þús. Uppl í S: 695-3600



Til sölu Toyota Avensis Árg. ,99. beinsk. Góður bíll. Verð aðeins 260.000. Uppl. s. 898-5254.



Renault Maxity Kassabíll m/lyftu árg 08, ek 90þús. Sumar og vetradekk, bakkmyndavél ofl. Verð 3.490 þús + vsk Uppl í s : 772 0000



MMC Lancer Station, ,98, ek.215þ. beinsk. 4x4, Vel með farinn bíll, nýleg dekk, nýskoðaður, eyðslugrannur. Verð: 290þ. S.856-4552

### 0-250 þús.



**SJÁLFSK SPARIBAUKUR 299 ÞÚS!**

PEUGEOT 106 COLOR LINE 1,4 árg'98 ek.130 þús, sjálfskiptur, ný sk. ,14, nýtt í bremsum, ný tímareim og fl. 5 dyra, lýtur mjög vel út ekkert ryð! Verð 299 þús S.841 8955

**TILBOÐ**

Land Rover Freelander árg.'99 ek. 167þús þarfnast smá viðhalds. Verð 215þús. S: 868 2352.

### Bílar óskast

**ÓSKA EFTIR JAPÖNSKUM FÓLKSBÍL**

Árg. ,01-03, má þarfnast lagfæringar. Verðhugmynd 150-350þús stgr. S. 699 4483.

**0-250 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**!!! 0-250ÞÚS STAÐGREITT !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri en ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

**0-200 Í PENING STRAX!**

óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús. stgr., helst ekki eldri en ,98 fólksbíl,smábíl eða jeppling skoða allt! má þarfnast lagfæringa, er með pening og pappira klara og get gengið frá því strax ef mér líst á S. 691 9374.

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Fjórhjól




Cam am outlander 800cc árg ,07. ek8þ. spil. hiti í handf.töskur ofl.alltaf geymt inni. ásett 1490þ tilb 1300þ hjólið er hjá Höfðabílum. s:577 4747

### Vinnuvélar



Ódýrir sanddreifarar á lager. Verð frá kr. 190.000. Aflvélar ehf, Vesturhraun 3, 210 Garðabæ, S:480-0000.

### Bátar




### Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**

Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

### Snjómokstur

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Gröfuþjónusta
• Snjómokstur
• Jarðvinna
Uppl. í s. 869 1008 Birgir

### Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is Ódýr sendibílaþj. S. 772 1450

### Garðyrkja

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
554 1989 • www.gardlist.is

### Bókhald

BETRI REKSTUR
Traust bókhaldsþjónusta
Suðurlandsbraut 8
Sími 519 7585 og 77 50 200
www.betrirekstur.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**- MÁLNINGARVINNA -**

Öll almenn málningar vinna Gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. Traust og ábyrg þjónusta. Ámundi: 7707997/ amundi@fyrirtak.is

Tökum að okkur stærri sem smærri verk. Vönduð vinnubrögð. Uppl. Í s. 865 7138

**MÁLARAMEISTARI**

Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Tek að mér alla málningavinnu. Góður afsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja. Hringdu og við semjum. Jón s. 843 9856.

**MÁLARI**

Er kominn tími til að mála ? Er sveppamyndun í gluggum, kverkum og loftum ? Ómar S.895-2927

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Húsaviðgerðir
www.husco.is
Sími 555-1947 Gsm 894-0217

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.



Parketslípun, parketlagnir, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketslipuninn.is S: 772 8100.




Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

### Tölvur

ÓDÝRAR
TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

### Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykavíkur. S. 690 9274 Zanna Volkova.

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 903 3090**

Ertu á tímamótum? Hvað viltu vita? Tarot og spilalestur. Trúnaður.

### Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**

Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

### Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.



LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Óskað eftir tilnefningum til verðlauna úr verðlaunasjóði Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar

Óskað er eftir tilnefningum til verðlauna að upphæð kr. 3.500.000 úr verðlaunasjóði Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar fyrir framúrskarandi árangur í vísindastörfum á sviði læknisfræði og skyldra greina.

Tilnefningar ásamt greinargerð sendist til Elínar Ísleifsdóttur, skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga, Landspítala háskólasjúkrahúsi fyrir 15. febrúar 2013.

Verðlaunahafi verður kynntur á ársfundi Landspítala vorið 2013.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun


## tilkynningar

# Þorrablót

**Þorrablót Húnvetningafélagsins og Húnakórsins verður haldið laugardaginn 19. janúar 2013 í Húnabúð, Skeifunni 11.**

Húsið opnað kl. 19.00. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Veislustjóri er rithöfundurinn Jón Björnsson. Kórdrengirnir sjá um dansfjörið.

Miðar verða seldir í Húnabúð þriðjudaginn 15. janúar kl. 18-21. Verð kr. 6.500. Tekið er við greiðslukortum. Hægt er að greiða inn á reikning 0338-13-221457. Vinsamlegast sendið kvittun á hunabud@gmail.com. Nánari upplýsingar gefa Þóra 865 7202 og Lilla 695 6679.

## Úthlutun vegna afnota á bókasöfnum

Af árlegri fjárveitingu Alþingis fyrir afnot á bókasöfnum er úthlutað til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra rétthafa, samkvæmt útlánum og afnotum verka þeirra á bókasöfnum. Um úthlutun gilda lög nr. 91/2007 með síðari breytingum og reglur nr. 323/2008. Athygli er vakin á að formálar sem nema að lágmarki 36 bls. og safnrit þar sem hlutur hvers höfundar nemur að lágmarki 36 bls. svo og hljóðrit og stafrænar útgáfur bóka sem samsvara að lágmarki 36 bls. í prentuðu formi veita rétt til greiðslu samkvæmt sérstakri umsókn.

Til að öðlast rétt til úthlutunar úr sjóðnum þurfa höfundar og rétthafar að sækja um á sérstökum eyðublöðum sem fást hjá Rithöfundasamband Íslands, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík, sími: 568 3190, rsi@rsi.is eða á heimasíðu, www.rsi.is/greidslur_vegna_bokasafna/

**Umsóknarfrestur er til 17. febrúar.**

Vakin er athygli á að þeir sem nú þegar hafa skilað skráningu þurfa EKKI að skrá sig aftur. Ný verk eru sjálfkrafa færð á skrá höfundar.

Sveitarfélagið ÁRBORG

Skipulags- og byggingardeild

## KYNNING Á BREYTINGU AÐALSKIPULAGS ÁRBORGAR 2010-2030

Áður en tillaga að breytingu á aðalskipulagi er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan og forsendur hennar kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 í landi Byggðarhorns.

Um er að ræða breytingu á landnotkun á tæplega 8ha landspildu. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er spildan skilgreind sem búgarðabyggð en skv. breyttu aðalskipulagi er gert ráð fyrir athafnasvæði á henni. Lýsing tillögunar verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins Árborgar auk þess sem hún verður til kynningar á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, þriðjudaginn 22. janúar 2013 frá kl. 10 til 16.

Bárður Guðmundsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nuddstofan Jera. Klassískt vöðva og slökunarnudd. Notarlegt umhverfi. Sími 659 9277.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Barnið




## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir hjúkrunarfræðingur hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**190 VOGAR - EINB. TIL LEIGU GOTT VERÐ !**
253fm einbýlishús til leigu með 5 herb. 2 baðherb. Verð 195þús. per mán. S. 660-7609 Hlynur

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

til leigu 2herb. íbúð við ástún í kóp. uppl.6964950

Til leigu 2 lítil skrifstofuherb. og rúmlega 100fm lagerhúsnæði m. innkeyrsludyrum í Smiðjuhverfinu í Kópavogi. Uppl. s. 699 3737

## Húsnæði óskast

58 ára karlmaður óskar eftir 1-2 herb. íbúð strax, í öruggri vinnu og reglusamur. Uppl. í síma: 8944868.

## Húsnæði til sölu

**GLÆSILEG ÍBÚÐ VIÐ SLÉTTUVEG 23**

**OPIÐ HÚS**
Óvenju glæsileg 2ja herb, 93 fm íbúð á 5. hæð við Sléttuveg 23, til sölu. Granít og parket á gólfum, granít í gluggabekkjum.
**Upplýsingar gefur Gísli hjá samtökum aldraða í s. 552 6410, íbúðin verður til sýnis n.k föstudag milli kl. 16-18**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsíbúðir.is

## Einkamál

**NÁIN KYNNI**
Ung kona (21) leitar karlmanns sem getur veitt henni það sem hún vill. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8486.

**NÝ UPPTAKA!**
Ung dökkhærð kona (25) í rauðum náttkjól skemmtir sér. Magnaður endasprettur! 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8199.

**NUDD OG DEKUR**
Afspyrnugott slökunarnudd í boði. Hún gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.

nr. 8919.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KVIKKFIX LEITAR AÐ STARFSFÓLKI.**
KvikkFix leitar að vönum bifvélavirkja, vönum smurmanni og starfsmanni á verkstæði.
**Fyrirspurnir sendist á orri@nrg.is**
**www.kvikkfix.is**

**RÆSTING OG UPPVASK**
Veitingastaðurinn Kringlukráin óskar eftir að ráða starfsmann í ræstingu.
Morgun vinna, starfshlutfall 50%. Reynsla af ræstingu æskileg.
**Upplýsingar á staðnum eða info@kringlukrain.is**

**SPRZ¹TANIE I ZMYWANIE NACZYÑ.**
Restauracja Kringlukráin poszukuje pracownika do sprzatania i zmywania naczyn. Poranna praca na pól etatu 50%. Wskazane doswiadczenie w sprzataniu.
**Informacje na miejscu lub info@kringlukrain.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

Vanur trésmiður getur bætt við sig vinnu. Sími: 844-8744

## þjónusta


**BETRI REKSTUR** bókhaldsþjónusta & rekstrarráðgjöf

Suðurlandsbraut 8
108 Reykjavík
Sími: **77 50 200**
**519 75 85**
kjartan@betrirekstur.is
www.betrirekstur.is

## „Bókhaldsþjónusta er mun ódýrari en ég hélt“

„Ég er góður málari en mér leiðist bókhald, og því fékk ég **BETRI REKSTUR bókhaldsþjónustu** til að sjá um það.

Fyrirtæki mínu gengur betur og ég spara peninga í vexti og kostnað. Allar skýrslur fara inn á réttum tíma og ég get einbeitt mér að því sem ég kann og geri vel, - að mála“.

*Eyþór Bergvinsson*
*málari*




Fáðu ráðgjafa frá okkur í heimsókn og við greinum í sameiningu hvernig pakki hentar þínu fyrirtæki - **án skuldbindinga.**

# ASUS FARTÖLVA

## EINSTAKT VERÐ FYRIR 15,6“ ASUS FARTÖLVU VEGNA HAGSTÆÐRA MAGNKAUPA !




## SÉRSTAKT
## MAGNKAUPAVERÐ

# 69.990

**AÐEINS KR. 6.377 Á MÁNUÐI**
vaxtalaust í 12 mánuði. Innifalið í mánaðargreiðslum er 3,5% lántökugjald og mánaðarlegt færslugjald.

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

ASUS Asus F501A-XX121V

**15,6“ fartölva sem fer létt með alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, 4 GB vinnsluminni, innbyggt Intel HD2000 skjákort og 320 GB harður diskur. Allt að 5 klukkutíma rafhlöðuending. Windows 7 Home Premium fylgir.**

### Asus gæðaframleiðsla og lág bilanatíðni
Tölvulistinn er umboðsaðili fyrir Asus á Íslandi. Asus er einn stærsti tölvuframleiðandi heims og fékk nú nýverið viðurkenningu hjá tæknitímaritinu T3 fyrir að vera besti tölvuframleiðandinn 2012. Við höfum selt þúsundir fartölva frá Asus á undanförnum árum og höfum mjög góða reynlsu af Asus. Bilanatíðni er mjög lág og ending fartölvanna framúrskarandi.

### Lengri ábyrgð og trygging fyrir óhöppum
Ábyrgð á Asus er 2 ár bæði á vinnu og varahlutum. Með því að bæta við fartölvutryggingu að upphæð kr. 14.990 lengist ábyrgðartíminn í 3 ár auk þess sem fartölvan er tryggð fyrir tjónum og þjófnaði án sjálfsábyrgðar í 3 ár.

### Vinnsla sem hentar flestum heimilum
Ef þú ert að leita að fartölvu fyrir hefðbundna heimilisnotkun, þá er þetta rétta vélin. Hentar vel fyrir netið, ritvinnslu og verkefni sem ekki krefjast mikillar grafískrar vinnslu eins og þungir leikir og myndvinnsluforrit. Intel Dual Core örgjörvi.

### Vandaður skjár, USB3 og endingargóð rafhlaða
15,6“ háskerpu skjár með LED baklýsingu. USB 3.0 tengi fyrir allt að tífaldan flutningshraða, HDMI tengi til að tengja við sjónvarp eða hljómtæki í fullkomnum gæðum og rafhlaða sem endist í allt að 5 klukkutíma.

### Hönnuð fyrir daglega notkun
Útlit sem sameinar notagildi og góða hönnun. Sterkbyggð umgjörð og flott svört áferð.

### Þunn, létt og meðfærileg
Hvort sem er í skóla, vinnu eða í annari notkun, þá skiptir miklu máli að það fari sem minnst fyrir fartölvunni. Hún er skemmtilega þunn og meðfærileg í samanburði við aðrar fartölvur í hennar verðflokki. Léttari og nettari.

### Tilbúin til notkunar
Kemur uppsett með Windows 7 Home Premium. Fyrir aðeins 2.500 krónur er hægt að uppfæra í Windows 8 hjá Microsoft. Uppfærslutilboðið gildir út janúar.

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




**OPIÐ**
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

tl.is
TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** hljóm, **8.** þvottur, **9.** mælieining, **11.** kringum, **12.** umstang, **14.** drykkjarílát, **16.** þegar, **17.** vafi, **18.** máleining, **20.** pfn., **21.** lokka.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mats, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fálm, **7.** andmæli, **10.** þreyta, **13.** gerast, **15.** reigingslegur gangur, **16.** úthald, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** óm, **8.** tau, **9.** mól, **11.** um, **12.** stúss, **14.** bikar, **16.** þá, **17.** efi, **18.** orð, **20.** ég, **21.** laða.

**LÓÐRÉTT: 1.** dóms, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** mótbára, **10.** lúi, **13.** ske, **15.** rigs, **16.** þol, **19.** ðð.






# Við Vilborg Arna

BAKPANKAR
Björns Þórs Sigbjörnssonar



Við erum misjafnlega dugleg. Sem betur fer. Til að þokkalegt jafnvægi haldist í samfélaginu þarf að vera einn latur á móti einum duglegum. Ef allir væru duglegir væri samfélagið á yfirsnúningi og ef allir væru latir gerðist ekki neitt.

**MÉR** sýnist að sumir séu alltaf duglegir og aðrir alltaf latir og þeir sem eftir standi flakki á milli flokka; séu stundum duglegir og stundum latir. Það er ágætt.

**SJÁLFUR** er ég í síðastnefnda flokknum og síðustu vikurnar hef ég verið latur. Það er að segja; ég hef verið latur til verka – ekki hugsana. Sjálfsagt er ekki rétt að afgreiða hugsandi fólk sem latt. Hugsanir útheimta orku og maður getur sannast sagna orðið dauðþreyttur á að hugsa.

**SÍÐUSTU** vikur hef ég einbeitt mér að því að hugsa um hana Vilborgu Örnu. Hugur minn hefur verið hjá henni svo að segja óskiptur. Ég hugsa til hennar þegar ég vakna á morgnana, fæ mér kaffi og lít í blaðið; þegar ég stend úti í búð og ákveð hvað ég eigi að kaupa í matinn; þegar ég ligg uppi í sófa og horfi á sjónvarpið; þegar ég dreypi á rauðvíni með góðum vinum; þegar ég leggst upp í hlýtt og mjúkt rúmið mitt.

**AÐ** ganga yfir Suðurskautslandið er gríðarleg þrekraun. Ég ætla ekki að reyna að draga upp mynd af aðstæðunum þar; læt nægja að segja að ég fæ hroll við tilhugsunina um að ég hefði ekki rúmið mitt, kaffið, blaðið, matvöruverslunina, sófann, sjónvarpið, já og rauðvínið. Svona lifir maður nú vernduðu lífi.

**VILBORG** Arna Gissurardóttir er á lokaspretti göngu sinnar sem hófst 19. nóvember. Fyrir næstum sextíu dögum! Við upphaf ferðarinnar setti hún sér gildi og með þau að vopni ætlaði hún að ná markmiði sínu. Gildin eru eftirfarandi: Númer eitt: Jákvæðni. Það stendur fyrir það að gefast ekki upp þótt á móti blási, segir hún. Númer tvö: Áræðni. Það stendur fyrir að koma hlutunum í verk. Númer þrjú: Hugrekki. Hún valdi það vegna þess að leið hugrekkis er leið hjartans og vegna þess að til að komast á leiðarenda þarf hún oftar en ekki að stíga langt út fyrir þægindahringinn.

**VIÐ** getum lært margt af Vilborgu Örnu. Ekki endilega hvernig á að ganga yfir Suðurskautslandið heldur um hugarfar og hvernig við getum tekið afstöðu til lífsins og daglegra viðfangsefna. Það er greinilega hægt að komast langt á jákvæðni, áræðni og hugrekki.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS
Eftir Frode Øverli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ
Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









NÝR 4BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
JANÚAR TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
3DAGA TILBOÐ
Performance
8GB VINNSLUMINNI
Super Talent Extreme Performance 1600MHz DDR3 vinnsluminni með króm kæliplötum
5.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
FISLÉTT OG ÖRÞUNN
Aðeins 8mm & 188gr
BEBOOK
PURE LESTÖLVA
6” E-Ink lestölva sem les íslenskar og erlendar rafbækur og geymir allt að 4000 bækur
19.900
MEÐ SNERTISKJÁ OG WIFI 29.900
SMART TV
Fyrir þitt sjónvarp, vafraðu á netinu, kíktu á Facebook, spilaðu kvikmyndir og tónlist, þráðlaust lyklaborð með músarfleti fylgir
29.900
SJÓNVARPIÐ LIFNAR VIÐ ;-)
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer
ASUS
hp
lenovo
packard bell
SAMSUNG
TOSHIBA



**ÞAU SJÁ UM TÓNLISTINA** Salon Islandus, Karlakór Reykjavíkur og Diddú leika og syngja sívinsæla Vínartónlist fyrir hlé.

# Svifið um gólfið undir svellandi tónlist

**Vínardansleikur verður í Hörpu nú á laugardaginn, 19. janúar, að undangengnum árlegum nýárstónleikum hljómsveitarinnar Salon Islandus. Þetta er nýjung í reykvísku skemmtanalífi og það er Sigurður Ingvi Snorrason tónlistarmaður sem stendur fyrir henni.**

„Við höfum haldið nýárstónleika í Salnum árlega frá 2004 en nú færum við okkur í Kaldalónssal Hörpu og efnum til dansleiks eftir hlé,“ segir Sigurður Ingvi Snorrason, klarínettuleikari og stjórnandi hljómsveitarinnar Salon Islandus.

„Við gerðum þennan sama hlut í Miðgarði í Skagafirði í fyrra með karlakórnum Heimi. Helga Rós Indriðadóttir stjórnaði kórnum og söng ásamt Óskari Péturssyni. Það var svo vel heppnað að við ákváðum að líkja eftir því og fara í Hörpu til að hafa nóg pláss,“ upplýsir Sigurður Ingvi. „Diddú er með okkur og líka Karlakór Reykjavíkur. Þar eru miklir vinir okkar hjónanna, Anna Guðný, kona mín, hefur verið meðleikari í kórnum í yfir 20 ár og á ferðalögum og í öðrum selskap hef ég verið eins og ein af eiginkonunum!“

Hljómsveitina skipa, ásamt Sigurði Ingva, þau Sigrún Eðvaldsdóttir og Zbigniew Dubik á fiðlur, Bryndís Halla Gylfadóttir á selló, Hávarður Tryggvason á kontrabassa, Martial Nareau á flautu, Anna Guðný Guðmundsdóttir á píanó og Pétur Grétarsson á slagverk. „Við ætlum að vera með um klukkutíma tónleika þar sem karlakórinn syngur með okkur, meðal annars frumútgáfuna af Dónárvalsinum sem Jóhann Strauss skrifaði upphaflega fyrir karlakór en breyttist síðan í þá mynd sem við heyrum oftast í dag,“ lýsir Sigurður Ingvi. „Svo spilar Sigrún Eðvaldsdóttir alltaf einleik í einu verki á nýárstónleikum og bregður ekki útaf því nú.“

Í hléinu verður gólfið rutt. „Fólk fær sér hressingu meðan það gengur yfir,“ stingur Sigurður Ingvi upp á. „Síðan verður stutt danssýning tveggja para, annað þeirra er Íslandsmeistari í samkvæmisdönsum. Svo verður bara slegið upp balli og þá getur almenningur svifið í vals, polka og tangó undir okkar tónum.“

Spurður hvort karlakórinn verði með hljómsveitinni líka eftir hlé svarar Sigurður: „Kórinn verður auðvitað ekki langt undan. Konur kórmanna verða í salnum svo þeir skella sér örugglega í dansinn. En hver veit nema þeir gefi eitt númer undir lokin.“

Sigurður Ingvi segir ekki hafa verið settar fram kröfur um sérstakan klæðnað á ballinu en kveðst reikna með að fólk verði prúðbúið. En hafa farið fram einhverjar dansæfingar? „Nei, en ef svona dansleikur verður að hefð gæti það leitt af sér áhuga á slíku. Það má ekki gleyma því að á þessum árstíma eru svona böll úti í Evrópu, að minnsta kosti í Vínarborg þar sem ég þekki til, og eru búin að vera í að minnsta kosti í hundrað ár. Þeirra frægast er auðvitað stóra ballið í ríkisóperunni í Vín þar sem austurríska Fílharmónían spilar fyrir dansi.“

Sigurður Ingvi kveðst vona að þessi nýbreytni heppnist vel og tekur fram að Davíð Ólafsson söngvari ætli að stjórna samkomunni og leiða bæði tónlistarfólk og gesti í gegnum dagskrána.

gun@frettabladid.is



**„Á þessum árstíma eru svona böll úti í Evrópu, að minnsta kosti í Vínarborg þar sem ég þekki til, og eru búin að vera í að minnsta kosti í hundrað ár.**

*Sigurður Ingvi Snorrason, stjórnadi*




# Leikið með togið

MYNNDLIST ★★★☆☆

**Aðdráttarafl – hringlaga hreyfing**
Björk Viggósdóttir
**HAFNARBORG**

Það var líf í tuskunum á opnun sýningar Bjarkar Viggósdóttur í Hafnarborg um síðustu helgi. Sýningin ber heitið Aðdráttarafl – hringlaga hreyfing, og börn og fullorðnir sveifluðu sér í tólf stórum eins konar hengirólum úr nælonefni, sem hanga í fjórum reglulegum röðum í aðalsal safnsins. Aðrir reyndu sig við svera og brakandi nýja kaðla í hliðarsalnum uppi, og reyndu að klifra eins hátt upp og þeir gátu, enda hvetur listamaðurinn til þess að fólk leiki sér í verkinu: „Gestum er velkomið að nota rólurnar og klifra í köðlunum. Farið varlega og gætið að börnunum,“ segir í skilaboðum á sýningunni.

Daginn eftir opnun var rólegra um að litast, undirritaður var einn í salnum og yfirbragðið ólíkt. Nú var maður eins og Palli sem var einn í heiminum og gat rólað sér óáreittur í öllum rólunum og klifrað í öllum köðlunum.

Kaðlarnir eru átta talsins og hengdir upp í hring í salnum. Þeir eru langir, og neðri endi þeirra hringast upp á gólfinu, eins og kóbraslanga hjá slöngutemjara. „Hringlaga hreyfingin“ heldur áfram í myndbandi í stóra salnum þar sem hringlaga form úr pappír hreyfast hægt í hringi undir seiðandi tónlist með austrænu ívafi.

Til viðbótar má segja að í hinu myndbandsverkinu, í hliðarsalnum hjá köðlunum, sé Björk í hringlaga hreyfingu einnig. Hún fer ofan í jörðina í hellaskoðun og upp í háloftin í flugvél, með viðkomu á jörðinni, hjá sjávarkletti og blaktandi fánaborg rauðra fána, en þessar svipmyndir eru síðan spilaðar í lúppu, hring eftir hring.

Hér er því í reynd um tvær innsetningar að ræða þar sem hlutir, hljóð og myndir spila saman. Sýningin er þó ekki eingöngu fyrir augað, því listamaðurinn er hér að vinna með hugmyndina um aðdráttarafl jarðar og togkraftana sem í því felast. Þetta vill Björk að maður upplifi með því að róla sér í rólunum og hífa sig upp á köðlunum, og myndböndin spila með á ljóðrænan hátt og tákna m.a. hreyfingu jarðar og augnablik í tíma og rúmi. „Aðdráttarafl jarðar er öryggisfesting sem heldur heiminum saman og okkur



á jörðinni. Það þarf tvo krafta til að halda hlutum á hreyfingu og togstreitan á milli átaks og hvíldar verður að leiðarstefi hér,“ segir í texta Klöru Þórhallsdóttur í sýningarskrá.

Það er heilmikill leikur í þessari sýningu. Hún er áferðarfalleg og formræn og að mörgu leyti má segja að verið sé að teikna inn í rýmið.

Helsti ókosturinn við sýninguna er að of margir kraftar eru að verki í einu, sem verður til þess að meginhugmyndin um togið verður veikari en ella. **Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Það er leikur í sýningunni, hún er falleg fyrir skynfærin, en hugmyndalega skortir upp á slagkraftinn.



**SIGRÍÐUR THORLACIUS** Var gestasöngkona á plötu Tríós Glóðar, Bjartar vonir, og kemur fram með því á laugardagskvöld.

# Glóðir flytja lög Oddgeirs og Jóns Múla

Tríó Glóðir og Sigríður Thorlacius flytja leikritalög Oddgeirs Kristjánssonar og Jóns Múla í Salnum í Kópavogi á laugardagskvöld.

Auk laga sem Oddgeir og Jón Múli sömdu fyrir leikrit eru á efnisskránni dúettar Oddgeirs sem finna má á plötu Tríós Glóða, Bjartar vonir, sem kom út í árslok 2011 en Sigríður Thorlacius var gestasöngvari. Má þar nefna lög eins og Glóðir, Svo björt og skær, Vor við sæinn, Án þín og Á Ljúflingshól.

Tríó Glóðir skipa Hafsteinn Þórólfsson söngvari, Jón Gunnar Biering Margeirsson gítarleikari og Ingólfur Magnússon bassaleikari.

# Ragna Róbertsdóttir sýnir í i8

Öll verkin eru unnin úr náttúrulegum efnum úr hafinu, meðal annars skeljasandi frá Vestfjörðum.

Sýning á nýjum verkum Rögnu Róbertsdóttur verður opnuð í i8 í dag. Þetta er þriðja einkasýning Rögnu í galleríinu.

Í tilkynningu frá i8 segir að hverfulleiki stundar og staðar einkenni verkin á sýningunni. Öll eru þau unnin úr náttúrulegum efnum úr hafinu, meðal annars úr skeljum og skeljasandi úr fjörum Arnarfjarðar. Þar hefur Ragna tínt skeljar og heillast af þeirri hringrás sem á sér stað þegar skeldýr vaxa, hvert með sínu einstaka sköpulagi og brotna svo niður í einsleitan mulning og gulan sand sem einkennir strendur fjarðarins.

Ragna vinnur enn fremur með sjávarsalt, bæði í sínu óbreytta formi eins og má sjá í einu veggverka hennar, og með þær ófyrirséðu kristallamyndanir sem verða við uppgufun vatns.



**RAGNA RÓBERTSDÓTTIR** Safnaði skeljum í Arnarfirði og heillaðist af hringrásinni þegar skeldýr vaxa og brotna svo niður og mynda gulan sand.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 17. JANÚAR 2013**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist Rangæinga og Skaftfellinga verður haldin í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir og gott með kaffinu.

### Tónlist

**21.00** Fuglabúr FTT verður á Café Rosenberg. Jónas Sig, Ómar Guðjóns og Kristjana Stefánsdóttir stilla þá saman strengi sína.

**22.00** Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika tónlist eftir The Rolling Stones á Ob-La-Dí-Ob-La-Da,Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben spilar á Heineken Music tónleikaröðinni á Slippbarnum. Röðin er samstarf Heineken og tónlistarveitunnar gogoyoko. Aðgangur er ókeypis.

### Listamannaspjall

**20.00** Björg Viggósdóttir ræðir við gesti um sýningu sína Aðdráttarafl - hringlaga hreyfing í Hafnarborg.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*




Fjárhagslegt og lagalegt

# Ójafnræði á Íslandi

í meðferð ríkisins gagnvart trúfélögum og lífsskoðunarfélögum

• Ásatrúarfélagið • Fjölskyldusamtök heimsfriðar og sameiningar
• Búddistasamtökin SGI á Íslandi • Siðmennt, félag siðrænna húmanista

**Kæru Íslendingar!**

**Við viljum vekja athygli ykkar á eftirfarandi staðreyndum:**

Ekkert breyttist við hina ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í október 2012. Með þjóðkirkjuskipan í lögum er enn mismunun og ójafnræði við lýði. **Ranglæti verður aldrei að réttlæti með meirihlutaatkvæði.**

Þjóðkirkjan og öll önnur trúfélög fá sóknargjöld fyrir hvern meðlim 16 ára og eldri en veraldleg lífsskoðunarfélög fá ekkert. Sóknargjaldið er 8.412,- kr. fyrir árið 2012. Þar með er þó sagan ekki öll sögð:

| Rikisframlög til trúfélaga í milljónum króna | Þjóðkirkjan | Önnur trúfélög (öll 38 saman) | Utan trúfélaga og ótilgreint |
|---|---|---|---|
| Sóknargjöld | 1604 m. kr. | 250 m. kr. | 0 |
| Jöfnunar-, Kirkjumála- og Kristnisjóðir | 600 m. kr. | 0 | 0 |
| Sérframlög til viðgerða á kirkjum | 35 m. kr. | 0 | 0 |
| Laun (Þk: 138 prestar, 3 biskupar og biskupsstofa) | 1405 m. kr. | 0 | 0 |
| Samtals: | 3644 m. kr. | 250 m. kr. | 0 |
| Hlutfall ríkisframlaga | 93.6% | 6.4% | 0% |
| Hlutfall meðlimafjölda | 76.8% | 12.5% | 10.7% |

Talsmenn Þjóðkirkjunnar segja að launin séu greidd vegna samnings og því sé hún sjálfstæð kirkja. Það fær ekki staðist því launagreiðslur til Þjóðkirkjunnar um alla framtíð í skiptum fyrir jarðir[1] hennar er ekki eðlilegur samningur.

**Allir Íslendingar eru í raun erfingjar hins kirkjusögulega arfs sem nær langt aftur fyrir tíma siðaskiptanna.**

Ef ríkið greiðir laun á þennan hátt er um ríkisstofnun að ræða en það getur ekki talist réttlætanlegt að eitt trúfélag sé að fullu ríkisrekið en önnur ekki. Víðast hvar í Vestrænum löndum standa trúfélög á eigin fótum því að þau tilheyra einkasviðinu. Með þjóðkirkju er verið að reka ríkistrú en það samræmist ekki jafnræði í lýðræðisríkjum.

**Þjóðkirkjan þjónar ekki öllum landsmönnum.** Reglur hennar[2] leyfa það ekki og fólk annarrar lífsskoðunar leitar sjaldnast eftir þjónustu hennar[3]. Í raun er hún því ekki og verður aldrei þjóðkirkja.

**Hvað kostar núverandi skipan mála okkur?**

Reiknað tillegg hvers tekjuskattsgreiðanda er tæp 25 þús. kr. til málaflokksins[4] en ekki 8.412 kr. sem svarar til eins sóknargjalds.

Ástæðan er sú að:

1. Þjóðkirkjan fær rúmlega tvöfalt (x2.3) fé fyrir hvern meðlim 16 ára og eldri.
2. Aðeins um 2/3 hlutar Íslendinga greiða tekjuskatt og þeir greiða því fyrir sóknargjöld hins 1/3 hlutans.




Graf: Heildarframlegg ríkisins til málaflokksins á hvern meðlim 16 ára og eldri í félögunum:

**Grundvallarréttindi allra íbúa Íslands eru að njóta jafnræðis og sömu meðferðar af hálfu ríkisins.**

1) Í krafti áhrifa og valds eignaðist Þjóðkirkjan 1/3 hluta allra jarða landsins en á 20. öldinni var arðvænlegra að selja þær ríkinu fyrir föst laun til óendalegs tíma.
2) Prestum Þjóðkirkjunnar er ekki leyfilegt að gifta hjónaefni nema að annað eða bæði séu í henni.
3) Þegar fólk utan Þjóðkirkjunnar, vegna aðstöðuleysis, hefur beðið um aðstöðu í kirkju eru til dæmi um bæði neitun og veitt leyfi.
4) Tekjuskattsgreiðendur eru 156.018 manns árið 2012 (Tíund, okt. 2012 bls. 178). Sóknargjöld fólks utan trúfélaga renna ekki til HÍ (lagabreyting frá 2009).

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS Klettasalat
**259** KR. 75gr

BÓNUS SPÍNAT
**359** KR. 200gr

## APPELSÍNUR FRÁ SPÁNI
**189** KR. KG

## SÆTAR KARTÖFLUR FRÁ USA
**298** KR. KG

## Colgate
COLGATE TANNKREM 2 X 75ml
Þrjár tegundir
MaxWhite
**379** KR. PK

## BÓNUS ÍS 2 LTR SÚKKULAÐI, VANILLU OG JARÐARBERJA
Súkkulaði ís 2 lítrar BÓNUS
Vanillu ís 2 lítrar BÓNUS
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR BÓNUS
**359** KR. 2 ltr

100 KR. VERÐLÆKKUN
CHICAGO TOWN
THE Deep DISH 2 FOUR CHEESE PIZZAS
FULL OF TASTE FROM BRIM TO BASE
**398** KR. PK
THE Deep DISH 2 PEPPERONI PIZZAS
FULL OF TASTE FROM BRIM TO BASE

**CHICAGO TOWN ÖRBYLGJUPIZZA**
með Osti eða Pepperoni
***2 PIZZUR Í PAKKA***

Myllu DANSKT RÚGBRAUÐ
2 fyrir 1 myllutvenna
**215** KR. 2 stk
**MYLLU DANSKT RÚGBRAUÐ 7 SNEIÐAR**
**TVEIR FYRIR EINN**

## SKÓLAOSTUR STÓRT STYKKI
284 KR. VERÐLÆKKUN VERÐ ÁÐUR: 1379 KR.KG
SKÓLA OSTUR TILBOÐ
**1095** KR. KG

Möndlukaka
2 fyrir 1 myllutvenna
**498** KR. 2 stk
**MYLLU MÖNDLUKAKA TVÆR FYRIR EINA**

Bónus-brauð Prigojolera
**198** KR. 600g
**BÓNUS 3JA KORNABRAUÐ 600 GRÖMM**

## Egils Kristall
Kristall
**198** KR. 2 ltr

## pepsi
**179** KR. 2 ltr

## QNT PRO
PRÓTEINDRYKKUR
50 GRÖMM HREINT PRÓTEIN
Í HVERRI FLÖSKUR
EASY TO DRINK 50 GRAMS PROTEIN QNT LOW CARB PRO SHAKE MUSCLE & SPORT PROTEIN DRINK
**398** KR. FL

***FULLKOMNAR PIZZUGERÐINA ÞÍNA HEIMA !***
BÓNUS PIZZABLANDA
BÓNUS **RIFIN PIZZABLANDA**
**198** KR. 200g

BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Kjöt og fiskur á góðu verði í Bónus

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI



1959 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



759 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI




259 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI



659 KR. KG
KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR

BÓNUS ÞORSKALÝSI




598 KR. 300stk
LÝSISPERLUR 300 stk.

498 KR.
ÞORSKALÝSI 500ml

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI

100% KJÖT



998 KR. KG
NAUT-LAMB-GRÍS BLANDAÐ HAKK

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI

FROSIÐ LAMBA KJÖT



359 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBAHJÖRTU

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI

FROSIÐ LAMBA KJÖT

HAUST SLÁTRUN 2011



229 KR. KG
KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBASVIÐ

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI

FROSIÐ LAMBA KJÖT



259 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSIN LAMBALIFUR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

FROSIÐ LAMBA KJÖT



895 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSINN LAMBABÓGUR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

FROSIÐ LAMBA KJÖT



1195 KR. KG
KAUPFÉL.SKAGFIRÐINGA FROSIÐ LAMBALÆRI

FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

norðanfiskur



1259 KR. KG
NORÐANFISKUR SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS

FISKUR Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS

norðanfiskur



998 KR. KG
NORÐANFISKUR ÞORSKBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR

KJÖT Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS KJÖT Á GÓÐU VEI



798 KR. 620G
298 KR. 620G
FROSIÐ NAUTAHAKK 620g 100% KJÖT
FROSIÐ KJÖRFARS 620g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

# 2013 verður Bowie-ár

Við Bowie-aðdáendur vöknuðum upp við þær óvæntu og ánægjulegu fréttir á 66 ára afmæli söngvarans 8. janúar að það var komið út nýtt lag með honum og fyrsta platan hans með nýju efni í tæp tíu ár væntanleg 11. mars.

Lagið, Where Are We Now, hefur fengið góðar viðtökur. Það er rólegt og melankólískt og maður heyrir að röddin er orðin eldri og viðkvæmari. Bowie sjálfur hefur ekki enn gefið kost á viðtali, en upptökustjórinn Tony Visconti, sem hefur mikið unnið með Bowie, hefur veitt nokkur viðtöl. Hann segir að þeir hafi unnið plötuna, The Next Day, á síðustu tveimur árum. Hann segist undrandi á valinu á fyrsta smáskífulaginu og segir að platan sé mun rokkaðri en þetta fyrsta lag gefur til kynna. Hann sagði líka þetta: „Þeir sem vilja sígilt Bowie-efni fá það og þeir sem vilja eitthvað nýtt fá það líka.“ Hljómar eins og fínasti auglýsingatexti ...




Um leið og fréttin barst af útgáfu The Next Day myndaðist mikil stemning. Fjölmiðlar kepptust um að fjalla um málið og platan fór beint á topp Amazon-listans í Bretlandi, þó að hún komi ekki út fyrr en eftir tvo mánuði. Bretar elska Bowie og sú hrifning minnkaði ekki þegar lagið Heroes var spilað undir innkomu heimamanna á setningarathöfn Ólympíuleikanna í fyrra. Tímasetningin á nýrri plötu er þess vegna fullkomin.

Það stefnir á að 2013 verði mikið Bowie-ár, því að auk nýrrar plötu verður stór yfirlitssýning um David Bowie opnuð í Victoria & Albert Museum í London 23. mars og stendur fram á sumar. Það verður að vísu engin tónleikaferð í kjölfar útgáfu The Next Day, en Bowie útilokar ekki að halda eina tónleika.

## Í spilaranum








**New Order** - Lost Sirens
**Pere Ubu** - Lady From Shanghai
**Ýmsir** - World Music from the Cold Seas



**NÚMER ÞRETTÁN** Ira Kaplan og félagar í tríóinu Yo La Tengo hafa gefið út sína þrettándu hljóðversplötu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Eftirlæti gagnrýnenda

Þrettánda hljóðversplata indírokkaranna í Yo La Tengo, Fade, er nýkomin út.

Bandarísku indírokkararnir í Yo La Tengo gáfu á þriðjudaginn út sína þrettándu hljóðversplötu, Fade. Tríóið nýtur mikillar virðingar og hefur lengi verið eftirlæti gagnrýnenda en meginstraumsvinsældir hafa verið takmarkaðar, enda tónlistin oft á tíðum tilraunakennd, lágstemmd og innhverf.

Yo La Tengo var stofnuð í bænum Hoboken í New Jersey af hjónunum Ira Kaplan og Georgia Hubley árið 1984. Fyrsta platan leit dagsins ljós tveimur árum síðar og hét Ride the Tiger.

Árið 1993 hóf Yo La Tengo samstarf sitt við útgáfuna Matador og segja má að boltinn hafi byrjað að rúlla fyrir alvöru með sjöttu plötunni, Painful, sem kom út sama ár. Það var sú fyrsta með núverandi bassaleikara, James McNew, um borð í öllum lögunum. Painful var einnig fyrsta platan með Roger Moutenot sem upptökustjóra og átti hann eftir að stjórna upptökum á næstu sex plötum sveitarinnar. Ein sú þekktasta, I Can Hear the Heart Beating as One, kom út 1997 við mjög góðar undirtektir gagnrýnenda. Síðar meir náði hún í 25. sætið á lista vefsíðunnar Pitchfork yfir bestu plötur tíunda áratugarins.

Yo La Tengo er þekkt fyrir að spila lög eftir aðra á tónleikum og á plötum sínum. Til að mynda tók hún Little Honda með Beach Boys á I Can Hear the Heart Beating as One og sömuleiðis lagið My Little Corner of the World, sem hljómaði í sjónvarpsþáttunum Gilmore Girls. Einnig kom hljómsveitin óvænt fram í kvikmyndinni I Shot Andy Warhol sem New York-sveitin The Velvet Underground.

Roger Moutenot er fjarri góðu gamni á Fade og í stað hans er sestur við takkaborðið John McEntire, liðsmaður síðrokksveitarinnar Tortoise. Hann hefur áður tekið upp fyrir Bright Eyes, Stereolab og Teenage Fanclub. Platan þykir vera afturhvarf til I Can Hear the Heart Beating as One og And then Nothing Turned Itself Inside Out, sem kom út 2000. Þar er góðum melódíum blandað saman við noise, shoegaze, strengja- og blásturshljóðfæri og alls kyns tilraunamennsku.

Ekki kemur á óvart að Fade hefur fengið fyrirtaksdóma. The Guardian gefur henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum, The Independent gefur henni þrjár af fimm en Pitchfork splæsir á hana 8,1 af 10 í einkunn og vefsíðurnar Drowned in Sound og Clashmusic 8 af 10.

freyr@frettabladid.is

## Störðu á skóna á tónleikum

Shoegaze-tónlistarstefnan tengist indírokki og kom fyrst fram í Bretlandi seint á níunda áratugnum og hélt vinsældum þar fram á miðjan tíunda áratuginn. Hún dró nafnið sitt af því að tónlistarmennirnir stóðu nánast kyrrir uppi á sviði án nokkurra afskipta af áhorfendum og virtust í eigin heimi. Talað var um að þeir væru að stara á skóna sína og þaðan er nafnið komið.

Flestar shoegaze-hljómsveitir notuðu mikið af bjöguðum gítareffektum í tónlist sinni. Helstu sveitirnar í þessum geira voru Cocteau Twins, The Jesus and Mary Chain og My Bloody Valentine. Meðal áhrifavalda shoegaze-stefnunnar voru The Velvet Underground og Sonic Youth.

## 10.01.20123 → 16.01.2013

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Valdimar | Yfir borgina |
| ▲ | 2 | Labrinth / Emeli Sandé | Beneath You're Beautiful |
| ▲ | 3 | Ásgeir Trausti | Nýfallið regn |
| ▲ | 4 | Moses Hightower | Háa C |
| ▼ | 5 | Blaz Roca / Ásgeir Trausti | Hvítir skór |
| ▼ | 6 | Retro Stefson | Julia |
| ▲ | 7 | Bruno Mars | Locked Out of Heaven |
| ▼ | 8 | Jónas Sigurðsson | Hafið er svart |
| ▲ | 9 | Ed Sheeran | Give Me Love |
| ▲ | 10 | Pink | Try |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▼ | 2 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▶ | 3 | Moses Hightower | Önnur Mósebók |
| ▼ | 4 | Valdimar | Um stund |
| ▶ | 5 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▶ | 6 | Jónas Sigurðsson | Þar sem himin ber við haf |
| ▼ | 7 | Sigurður Guðm. & Memfism. | Okkar menn í Havana |
| ▼ | 8 | Of Monsters And Men | My Head Is an Animal |
| ▲ | 9 | Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson | Stafnbúi |
| ▲ | 10 | Sverrir Bergmann | Fallið lauf |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

Röð og regla

Hillukerfi fyrir lagera og geymslur af öllum stærðum




PIPAR\TBWA • SÍA • 103288

Byggingadeild
www.sindri.is / sími 575 0000
SINDRI
Viðarhöfða 6 – Reykjavík

## Gerðu góð bílakaup í dag!

# Tryggðu þér traustan notaðan bíl

Settu gamla bílinn uppí notaðan bíl frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.



Tilboðsverð: 990.000 kr.
Citroën C3 (DH331)
1,6i 108 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2006. Ek. 82.000 km.
Verð: 990.000 kr.



Tilboðsverð: 2.490.000 kr.
Mazda3 Advance (AGB18)
1,6i 105 hö bensín beinskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 29.000 km.
Verð: 2.660.000 kr.
Afsláttur: 170.000 kr.



Tilboðsverð: 1.550.000 kr.
Ford Focus Trend (GXT39)
1,6i 100 hö bensín beinskiptur
Skrd. 02/2008. Ek. 61.000 km.
Verð: 1.690.000 kr.
Afsláttur: 140.000 kr.



Tilboðsverð: 3.350.000 kr.
Ford Focus Trend (NMS57)
1,6TDCi 95 hö dísil beinskiptur
Skrd. 3/2012. Ek. 17.000 km.
Verð: 3.350.000 kr.



Tilboðsverð: 2.650.000 kr.
Subaru Legacy Sport AWD (OAG86)
2,0i 149 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2008. Ek. 45.000 km.
Verð: 2.950.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.



Tilboðsverð: 3.480.000 kr.
Porsche Cayenne AWD (OE753)
3.2i V6 250 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2005. Ek. 112.000 km.
Verð: 3.900.000 kr.
Afsláttur: 420.000 kr.



Tilboðsverð: 1.890.000 kr.
Subaru Legacy Lux AWD (OT724)
2,0i 164 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 7/2006. Ek. 121.000 km.
Verð: 2.090.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.



Tilboðsverð: 3.490.000 kr.
Ford Explorer Limited 4x4 (TDR40)
4,6i V8 292 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 03/2008. Ek. 85.000 km.
Verð: 3.890.000 kr.
Afsláttur: 400.000 kr.



Tilboðsverð: 1.090.000 kr.
Ford Escape Limited AWD (UE731)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2004. Ek. 148.000 km.
Verð: 1.090.000 kr.



Tilboðsverð: 1.690.000 kr.
Ford Explorer XLT Sport 4x4 (TL260)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2003. Ek. 93.000 km.
Verð: 1.890.000 kr.
Afsláttur: 200.000 kr.



Tilboðsverð: 5.570.000 kr.
Ford Kuga Titanium S AWD (URT69)
2,0TDCi 163 hö dísil sjálfskiptur
Skrd. 6/2012. Ek. 20.000 km.
Verð: 5.570.000 kr.



Tilboðsverð: 1.290.000 kr.
Citroën C5 SX (LL625)
2,0i 143 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 9/2006. Ek. 65.000 km.
Verð: 1.580.000 kr.
Afsláttur: 290.000 kr.

## Komdu í dag

*Virka daga er opið milli kl. 9-17 og milli kl. 12-16 á laugardögum í Brimborg, Bíldshöfða 6 og 8 í Reykjavík og Tryggvabraut 5 á Akureyri.*

Smelltu á notadir.brimborg.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 og 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050.



**RÆÐIR VIÐ DEL TORO** Emma Stone á í viðræðum við leikstjórann Guillermo del Toro. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ræðir við del Toro

Leikstjórinn Guillermo del Toro vill fá leikkonuna Emmu Stone til að fara með hlutverk í nýrri kvikmynd eftir sig. Kvikmyndin er hrollvekja sem ber titilinn Crimson Peak.

Del Toro samdi handritið að Crimson Peak skömmu eftir að hann hafði lokið við gerð Pan's Labyrinth. Hann lýsir myndinni sem gotneskri ástarsögu í anda Brontë-systra. „Sagan gerist um aldamótin og er gotnesk ástarsaga með draugum. Hugtakið „gotnesk ástarsaga“ á ekki við stíl Barböru Cartland heldur meira í ætt við Brontë. Dökk, stormasöm og vindblásin,“ skrifaði del Toro á heimasíðu sinni.

Emmu Stone má sjá í glæpamyndinni Gangster Squad sem verður frumsýnd hér á landi á næstu dögum.

# Spagettívestri sem fjallar um erfiða sögu Bandaríkjanna

**Nýjasta kvikmynd Quentins Tarantino, Django Unchained, er frumsýnd annað kvöld. Myndin skartar þeim Christoph Waltz og Jamie Foxx í aðalhlutverkum. Hefur fengið góða dóma gagnrýnenda og áhorfenda.**

Kvikmyndin Django Unchained er frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er sú nýjasta frá leikstjóranum Quentin Tarantino, en hann skrifar einnig handritið. Tarantino endurnýjar hér samstarf sitt við leikarana Christoph Waltz og Samuel L. Jackson.

Django Unchained gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna tveimur árum fyrir borgarastríðið og segir frá vináttu þrælsins Django og þýska hausaveiðarans og fyrrverandi tannlæknisins King Schultz. Tannlæknirinn hefur uppi á Django í von um að hann aðstoði sig við leitina að eftirlýstum glæpamönnum sem kallast Brittle-bræður. Django hafði áður orðið fyrir barðinu á þeim bræðrum og þekkir þá því í sjón, nokkuð sem Schultz gerir ekki. Schultz kaupir Django með því loforði að hann muni öðlast frelsi þegar Brittle-bræðurnir eru allir. Þegar Django hefur öðlast frelsi sitt slæst hann í för með Schultz með því skilyrði að þegar vetri lýkur munu þeir hætta hausaveiðunum um stund og hafa uppi á eiginkonu Djangos sem seld var í þrældóm til alræmds þrælahaldara að nafni Calvin J. Candie.

Það er Jamie Foxx sem fer með hlutverk Django og austurríski leikarinn Christoph Waltz fer með hlutverk King Schultz. Kerry Washington fer með hlutverk hinnar þýskumælandi eiginkonu Django, Broomhildu von Shaft og með önnur hlutverk fara leikararnir Samuel L. Jackson og Leonardo DiCaprio.

Leikstjórn og handritsskrif voru í höndum Quentins Tarantino sem talaði um myndina fyrst í viðtali við The Daily Telegraph árið 2007. „Mig langar að búa til kvikmyndir sem gera hræðilega sögu Bandaríkjanna að umfjöllunarefni sínu, en mig langar að gera þær í anda spagettívestranna. Ég vil gera mynd sem fellur inn í ákveðna kvikmyndagrein en tekur um leið á öllu því sem Bandaríkin hafa ekki tekist á við vegna skammar,“ sagði Tarantino.

Myndin hefur fengið góða dóma meðal gagnrýnenda og á vefsíðunni Rottentomatoes.com hlýtur hún 89 prósent í einkunn frá gagnrýnendum og 94 prósent frá hinum almenna áhorfanda. Á vefsíðunni Imdb.com fær hún 8,9 í einkunn og má því ætla að Tarantino muni sem fyrr ekki svíkja aðdáendur sína.

- sm



**ÓLÍKLEG VINÁTTA** Christoph Waltz og Jamie Foxx fara með aðalhlutverkin í nýrri mynd leikstjórans Quentins Tarantino.

**5** tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna

**5** tilnefningar til Óskarsverðlaunanna

**3.** kvikmyndin sem ber titil þar sem „unchained“ er skeytt aftan við nafn höfuðpersónunnar.






**BRIMBRETTATÖFFARAR** Gerard Butler og Jonny Weston taka sig vel út í blautbúningnum í myndinni Chasing Mavericks sem býr yfir nokkrum flottustu brimbrettasenum kvikmyndasögunnar.

# Leyndarmál og brimbrettasnilld í bíó

**Auk Django verða tvær myndir frumsýndar um helgina, þar af er önnur rammíslensk.**

Leikararnir Ólafur Darri og María Birta fara með aðalhlutverkin í nýrri íslenskri mynd, XL, sem frumsýnd verður á morgun. Myndin er í leikstjórn Marteins Þórissonar og fjallar um fyrrverandi fjölskyldumann, Leif Sigurðsson, sem hefur misst allt niðrum sig. Áfengisþorsti hans og óstýrilæti gera það að verkum að hann nær illa að sinna starfi sínu sem þingmaður og er að lokum skikkaður í meðferð af vini sínum sem er forsætisráðherra Íslands og leikinn af Þorsteini Bachmann.

Áður en Leifur heldur í meðferðina ákveður hann þó að halda eitt svakalegt lokapartí þar sem ýmis leyndarmál koma í ljós og samband Leifs við tvítuga vinkonu dóttur hans meðal þess sem rifjað er upp. Gerard Butler snýr svo aftur á hvíta tjaldið um helgina í myndinni Chasing Mavericks. Þar skellir hann sér í blautbúninginn og leikur brimbrettasnillinginn Frosty Hesson. Hesson þessi er lærimeistari hins unga Jay Moriarity, sem ætlar sér að komast í fremstu raðir brimbrettakappa. Það er Jonny Weston sem fer með hlutverk Jay.

Talað er um að í myndinni sé að finna mögnuðustu brimbrettasenur sem hafa nokkru sinni verið kvikmyndaðar og þó að þeir Butler og Weston séu eflaust liprir á brettinu var ákveðið að fá nokkra af allra bestu brimbrettaköppum heims til aðstoða í nokkrum senum.

- trs

# FULLT OUTLET AF NÝJUM VÖRUM!

## CINTAMANI OUTLET

AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ





**MENN**
**SIGFÚS | 14.690** ~~20.990~~
*S-3XL*



**KONUR**
**SJÖFN | 13.990** ~~19.990~~
*XS-3XL*



**MENN**
**ELDAR | 25.890** ~~33.990~~
*S-3XL*



**KONUR**
**SILVÍA | 12.590** ~~17.990~~
*XS-3XL*



**KONUR**
**ELDBJÖRG | 22.990** ~~32.990~~
*XS-3XL*



**KRAKKAR**
**DODDI | 19.990** ~~29.990~~
*2-14 ÁRA*



**KRAKKAR**
**ÓLA | 14.990** ~~21.990~~
*2-14 ÁRA*

**CINTAMANI**
WWW.CINTAMANI.IS

Cintamani Outlet, Austurhrauni 3
mán - fös. 10-18 | lau. 11-14
533 3811



**Á ERFITT** Damian Lewis á erfitt með að yfirgefa fjölskyldu sína fyrir vinnuna. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill ekki yfirgefa börnin fyrir vinnuna

Damian Lewis þarf að dvelja fjarri fjölskyldu sinni.

Breski leikarinn Damian Lewis viðurkennir að það taki á að dvelja langdvölum frá fjölskyldu sinni sökum starfs síns. Lewis hefur slegið í gegn með leik sínum í sjónvarpsþáttunum Homeland.

Lewis er giftur leikkonunni Helen McCrory og eiga þau saman börnin Manon og Gulliver sem eru sex og fimm ára gömul. „Ég var að tala við Gully um eitthvað og skyndilega, án þess svo mikið sem að líta á mig, segir hann: „Veistu, pabbi? Þegar þú ert í burtu horfi ég stundum út um gluggann minn og kalla á þig og græt.“ Ég á erfitt með þetta. Börn vilja hafa foreldra sína nálægt. Ég held að það sé enginn sem geti komið í staðinn fyrir mann. Enginn er fullkominn, en það að vera til staðar er góð byrjun,“ sagði leikarinn í viðtali við Vogue.








**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Jón Þór heldur útgáfutónleika á föstudag.

## Jón Þór fagnar nýrri sólóplötu

Tónlistarmaðurinn Jón Þór, fyrrverandi söngvari og gítarleikari Lödu Sport og Dynamo Fog, heldur upp á útgáfu sinnar fyrstu sólóplötu, Sérðu mig í lit?, á Faktorý á föstudaginn.

Platan, sem kom út seint á síðasta ári, er kraftmikil en jafnframt persónuleg og sérstæð blanda af íslensku rokki og indípoppi. Lögin Tímavél og titillagið Sérðu mig í lit? hafa fengið þó nokkra spilun á öldum ljósvakans. Brimrokkbandið Gang Related hitar upp. Tónleikarnir hefjast klukkan 23 og er miðaverð 1.000 krónur.



**ÁHYGGJUFULLUR** Gítarleikaranum Graham Coxon lýst illa á uppgang stafræns niðurhals á tónlist.

## Vonsvikinn vegna HMV

**Margt tónlistarfólk hefur brugðist illa við þeim fréttum að breska tónlistarverslanakeðjan His Master‘s Voice (HMV) hafi verið slett í slitameðferð. Greint var frá grafalvarlegri fjárhagsstöðu fyrirtækisins á þriðjudag og er Graham Coxon, gítarleikari hljómsveitarinnar Blur, meðal þeirra sem hafa viðrað áhyggjur sínar af stöðu tónlistarinnar á samskiptavefnum Twitter.**

**„Einn daginn gætu þeir fundið leið til að troða öllu inn í tölvu … eggjum … körfum … stafrænt er svindl,“ er meðal þess sem Coxon lét hafa eftir sér um málið. Aðrir sem hafa tjáð sig um uppgang stafræns niðurhals á tónlist á samskiptamiðlum eru Professor Green, Ellie Goulding og hljómsveitin The Cribs.**



**HREINSKILINN** Fyrrverandi hjónin David Arquette og Courteney Cox eru góðir vinir. NORDICPHOTOS/GETTY

## Hreinskilinn við Cox

Courteney Cox og David Arquette standa í skilnaði um þessar mundir en það þýðir ekki að þeim sé ekki vel til vina. Cox mærði fyrrverandi eiginmann sinn í viðtalsþætti Ellen DeGeneres fyrir skemmstu og Arquette dásamaði Cox í nýlegu viðtali við People.

„Hún er einstök. Ég elska hana og hún er dásamleg og falleg manneskja. Samband okkar er gott því við komum hvort fram við annað af virðingu og hreinskilni,“ sagði leikarinn. Hann og Cox eiga saman dótturina Coco sem er átta ára gömul.

# Segir allt meira kósí á nýjum 800 Bar

Tæpt ár er liðið síðan 800 Bar brann á Selfossi. Nýr staður verður opnaður í bænum í vor.

800 Bar á Selfossi verður opnaður á nýjan leik á Selfossi í vor við Austurveg 52 hjá gömlu slökkvistöðinni. „Þetta er við aðalgötuna. Það er traffík þarna framhjá og þetta er mjög góður staður,“ segir Eiður Birgisson, sem á nýja staðinn ásamt Sverri Rúnarssyni.

Tæpt ár er liðið síðan 800 Bar brann til kaldra kola við Eyraveg eftir að eldur kom upp í röraverksmiðju en breiddist svo út í skemmtistaðinn.

Þá var Eiður einnig annar eigendanna. 800 Bar naut mikilla vinsælda og voru þar haldnir bæði tónleikar og ýmis skemmtikvöld, þar á meðal Dirty Night. „Það var allt reynt þar og allt prufað. En það verða ekki sömu lætin hérna,“ segir hann. „Þetta er töluvert minni staður en sá gamli. Hann mun heita það sama en það verða nýjar áherslur og allt meira kósí.“

Spurður nánar út í hvernig dagskrá verður í boði segir Eiður það eiga eftir að koma í ljós. „Maður gerir sér ekki grein fyrir því hvað stærðin býður upp á. Við ætlum að byrja rólega. Það verður einhver lifandi tónlist og svo sjáum við bara til.“

Eiður segist vera búinn að jafna sig á áfallinu sem hann varð fyrir við brunann í fyrra. „Það var hræðilegur dagur en ég er löngu búinn að jafna mig á því. Það þýðir ekki að grenja í eitt ár heldur verður maður að snúa sér að því næsta.“

800 Bar var upphaflega stofnaður í maí 2008 og lifði því aðeins í fjögur ár þangað til hann brann. „Stefnan er að þessi staður lifi um ókomin ár.“ - fb




**Á NÝJUM 800 BAR** Eiður Birgisson (til vinstri) og Sverrir Rúnarsson á hinum nýja 800 Bar sem verður opnaður á Selfossi í vor. Sá gamli brann til kaldra kola fyrir tæpu ári.



**LÍTILLÆKKUÐ** Megan Fox fannst kynbombustimpillinn lítillækkandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lítillækkandi stimpill

Megan Fox fannst hún vanmáttug eftir að hún var stimpluð kynbomba af fjölmiðlum. Þetta kemur fram í viðtali sem leikkonan veitti Esquire.

„Mér fannst ég vanmáttug. Mér fannst ég ekki sterk. Stimpillinn át alla aðra þætti persónuleika míns, ekki persónulega heldur í því hvernig fólk sá mig. Það var ekkert annað sem því þótti vert að vita eða sjá. Það gerði lítið úr mér. Ég var ímynd. Ég var uppstilling,“ sagði Fox, sem hefur að mestu dregið sig í hlé frá leiklistinni og frægðinni.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin spilar á Live at Jodrell Park 30. ágúst.

## Á slóðum stjarnvísinda

**Sigur Rós spilar á tónleikunum Live at Jodrell Park á Englandi 30. ágúst. Tónleikarnir eru óvenjulegir að því leyti að þeir eru haldnir á svæði þar sem Bretar hafa stundað stjarnvísindi frá árinu 1945.**

**Árið 2011 voru haldnir þar í fyrsta sinn rokktónleikar undir yfirskriftinni Jodrell Bank Live, þar sem fram komu The Flaming Lips, British Sea Power, OK Go og fleiri sveitir. Í fyrra spilaði þar enska sveitin Elbow við góðar undirtektir.**

**Sigur Rós leggur af stað í tónleikaferðalag um heiminn í næsta mánuði. Fyrstu tónleikarnir verða í Portúgal 13. febrúar.**






SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
DJANGO
5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR BESTA MYNDIN
2 VERÐLAUN
FRANSKA KVIKMYNDAHÁTÍÐIN 11.- 24. janúar
OPNUNARMYNDIN
RYÐ OG BEIN
ÁST
5 ÓSKARSTILNEFNINGAR
JARÐAFÖRIN HENNAR ÖMMU
BANEITRAÐ
Dagskrá og miðasala á Miði.is
græna ljósið
3 ÓSKARSTILNEFNINGAR
3 ÓSKARSTILNEFNINGAR
11 ÓSKARSTILNEFNINGAR

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| DJANGO FORSÝNING | KL. 8 | 16 |
| DJANGO FORSÝNING LÚXUS | KL. 8 | 16 |
| THE MASTER | KL. 6 - 9 | 14 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 4 - 6 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 - 8 | 12 |
| THE HOBBIT 3D LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.15 - 8 - 10.45 | 10 |
| GOÐSAGNIRNAR FIMM | KL. 3.50 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| DJANGO FORSÝNING | KL. 9 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 9 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 6 | 10 |
| THE MASTER | KL. 5.20 | 14 |
| GRIÐARSTAÐUR | KL. 8 | L |
| RYÐ OG BEIN | KL. 10.29 | L |
| JARÐAFÖRIN HENNAR ÖMMU | KL. 6 | L |
| ÁST | KL. 8 - 10 | L |
| BANEITRAÐ | KL. 6 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE MASTER | KL. 5.30 | 14 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 5.50 - 9 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 8 - 10.10 | 10 |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%
TOM CRUISE IS JACK REACHER
SÝND Í 3D OG Í 3D(48 ramma)
THE HOBBIT
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
LIFE OF PI
11 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| JACK REACHER | 5.30, 8, 10.30 | 12 |
| THE HOBBIT 3D (48 ramma) | 10.15 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 7 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | 10.30 | 10 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
5 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
DJANGO FORSÝND
GOLDEN GLOBE BESTA HANDRIT BESTI AUKALEIKARI
"IT'S PART JASON BOURNE, PART DIRTY HARRY." TOTAL FILM
THE LAW HAS LIMITS HE DOES NOT
TOM CRUISE IS JACK REACHER
THE IMPOSSIBLE
NAOMI WATTS TILNEFND TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
7 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
ARGO
FRÁ FRAMLEIÐENDUM "PARANORMAL ACTIVITY" OG "INSIDIOUS"
SINISTER
STRANGLEGA BÖNNUÐ BÖRNUM
3 ÓSKARSTILNEFNINGAR
HOBBIT

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| JACK REACHER VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D | KL. 5 - 8:30 | 12 |
| HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 2D | KL. 6 - 10 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:50 - 8 - 8:20 - 10:30 | 12 |
| SINISTER | KL. 10:40 | 16 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| SINISTER | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DJANGO UNCHAINED FORSÝNING | KL. 8 | 16 |
| JACK REACHER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5:20 - 10:30 | 10 |
| ARGO | KL. 5:20 - 8 | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| JACK REACHER | KL. 5:20 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| SINISTER | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| SKYFALL | KL. 5:10 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| SINISTER | KL. 10:30 | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is



# Hinn mystíski draumaheimur

## Fyrsta EP-plata hljómsveitarinnar Oyama, I Wanna, er óður til svefnsins.

Hljómsveitin Oyama gefur út sína fyrstu EP-plötu á mánudaginn. Hún nefnist I Wanna og inniheldur sex lög, þar á meðal fyrsta smáskífulagið Everything Some of the Time.

Sveitin hóf störf fyrir um ári og spilar melódískt hávaðarokk. „Í kringum páskaleytið í fyrra kom Júlía söngkona loksins inn og þá varð þetta eins og þetta er núna,“ segir bassaleikarinn Bergur Anderson. Meðlimirnir koma úr ýmsum hljómsveitum af höfuðborgarsvæðinu, eða Swords of Chaos, Sudden Weather Change, Útidúr, We Painted the Walls og Me, the Slumbering Napoleon.

Platan er unnin algjörlega af hljómsveitinni sjálfri. Hún er óður til svefnsins og tengjast öll lögin svefni á einhvern hátt. Einnig koma við sögu draugar, draumar, nostalgía, melankólía og aðrir lífsins fylgifiskar. „Hinn mystíski draumaheimur svefnsins er mjög áhugaverður út af fyrir sig. Hvað gerist á meðan og hvaða leyndarmál koma upp á yfirborðið án þess að maður viti af því? Hið ómeðvitaða og hið frjálsa ræður ríkjum,“ segir Bergur.

Útgáfutónleikar verða haldnir á Faktorý föstudaginn 25. janúar. Einnig koma fram Tilbury og Samaris. Tónleikarnir hefjast upp úr klukkan 22. - fb



**GEFUR ÚT** Hljómsveitin Oyama gefur út sína fyrstu EP-plötu á mánudag.
MYND/MAGNÚS ANDERSON OG HREFNA SIGURÐARDÓTTIR

# Áhugavert tölvuleikjaleikhús

TÖLVULEIKIR ★★★☆☆

### Black Knight Sword

Reverb Communications

Í síðasta mánuði kom tölvuleikurinn Black Knight Sword í netverslanir PlayStation 3 (PSN) og Xbox 360 (XBLA). Eins og aðrir leikir sem gefnir eru út í netverslunum leikjatölvanna eru þeir mun ódýrari og styttri í spilun en flestir hefðbundnir tölvuleikir. Leikurinn samanstendur af fimm borðum og tekur um 20 til 50 mínútur að klára hvert þeirra.

Spilarinn fær lítið sem ekkert að vita út á hvað saga leiksins gengur. Í byrjun leiks sést hengur lík manns með snöru um hálsinn fellur á gólfið og vaknar skyndilega til lífs og umbreytist í svartan riddara sem er vopnaður stóru sverði. Spilarinn stjórnar riddaranum í gegnum söguþráð leiksins, sem er stútfullur af fantasíu, drungalegum stöðum og súrrealískum óvinum á borð við gangandi höfuð, grænar slímkúlur og eldspúandi risahænu.

Spilun leiksins er einföld, í raun svo einföld að hún verður fljótt óáhugaverð. Í leiknum er fátt annað að gera en að hoppa yfir holur og drepa óvini á einhæfan hátt með sverði eða göldrum. Leikurinn reynir þannig að fanga einfaldleika gömlu tölvuleikjanna en því miður er útkoman frekar óspennandi. Aftur á móti býður Black Knight Sword upp á glæsilegt útlit og áhugaverða tónlist sem blæs lífi í leikinn. Leikurinn er settur upp eins og leikrit og rauð leikhústjöld ramma inn sviðið þar sem riddarinn fer með aðalhlutverkið. Leikurinn nær fljótt að fanga spilarann með listrænni framsetningu, sem lofar góðu til að byrja með. Umhverfið líkist eins konar strengjabrúðuleikhúsi þar sem allt er búið til úr pappa og nær 2.5D grafík leiksins að gera þetta tölvuleikjaleikhús enn áhugaverðara. Grafík, útlit og hljóð leiksins minna óneitanlega á teiknimyndabrotin frægu eftir Terry Gilliam úr bresku grínþáttunum Monty Python's Flying Circus, sem býður upp á góða samblöndu af furðuverum, súrrealisma og húmor.



**BLACK KNIGHT SWORD** „Í leiknum er fátt annað að gera en að hoppa yfir holur og drepa óvini á einhæfan hátt með sverði eða göldrum.“

Leikurinn fær stjörnurnar þrjár fyrst og fremst fyrir listræna framsetningu sem gerir hann skemmtilegri að horfa á en að spila. Framsetningin er það sem heldur leiknum uppi en annars fengi hann líklega lakari lokaeinkunn. **Bjarki Þór Jónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Skemmtileg og listræn framsetning bjargar annars frekar einhæfum leik.

# Alvitað leyndarmál

## Victor Graber segir kynhneigð sína ekki leyndarmál.

Leikarinn Victor Garber staðfesti í viðtali við bloggarann Greg Hernandez að hann væri samkynhneigður. Hann sagði kynhneigð sína ekki vera neitt leyndarmál, enda hefði hann verið í sambúð með kærasta sínum, listamanninum Rainer Andreesen, í þrettán ár.

„Ég tala ekki um þetta en allir vita af því. Rainer verður viðstaddur SAG Awards með mér. Við höfum verið saman í næstum þrettán ár og búum í Greenwich Village. Við elskum báðir New York,“ sagði Garber.

Leikarinn kanadíski er hvað þekktastur fyrir hlutverk sitt í spennuþáttunum Alias þar sem hann lék á móti Jennifer Garner. Hann hefur einnig leikið í myndum á borð við Argo, Legally Blonde, Milk, The First Wives Club og Sleepless in Seattle.



**Í SAMBANDI** Victor Garber staðfesti kynhneigð sína í viðtali fyrir stuttu.
NORDICPHOTOS/GETTY

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas
BÍÓ ★ PARADÍS
Chicken with plums
djúpið
ÓSKARSDAGAR: BEASTS OF THE SOUTHERN WILD ROYAL AFFAIR SEARCHING FOR SUGAR MAN
FIMMTUDAGUR: CHICKEN WITH PLUMS (14) 18:00, 20:00, 22:00 ■ TAKE THIS WALTZ (14) 22:00 ■ WADJDA (L) 20:20, 22:10 ■ SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 ■ DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.) 20:00 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (16) 18:00 ■ BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12) 20:00
BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# ÚTSALA

## ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

**JABRA HANDFRJÁLS BÚNAÐUR MEÐ 30-40% AFSLÆTTI**

**OLYMPUS MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI**

TOSHIBA 46WL863N
**46" LED**
TOSHIBA
FULLT VERÐ 229.990
**TILBOÐ 169.990**
AFSL. 60.000

FINLUX 55FLSY985LHC
**55" LED**
FINLUX
FULLT VERÐ 249.990
**TILBOÐ 199.990**
AFSL. 50.000

FINLUX 47FLSY910LHC
**47" LCD**
FINLUX
FULLT VERÐ 159.990
**TILBOÐ 129.990**
AFSL. 30.000

THOMSON 32FU5253W
**32" LED**
THOMSON
FULLT VERÐ 99.990
**TILBOÐ 79.990**
AFSL. 20.000

PANASONIC TXP50X50
**50" Plasma**
Panasonic
FULLT VERÐ 179.990
**TILBOÐ 139.990**
AFSL. 40.000

FINLUX 42FLSY930LHC
**42" LED**
FINLUX
FULLT VERÐ 149.990
**TILBOÐ 129.990**
AFSL. 20.000

JBL hátalarar með allt að 70.000 kr. afslætti

Panasonic tökuvélar með allt að 36% afslætti

Vöggur fyrir iPad/iPhone/iPod/Android með miklum afslætti

Tasco sjónaukar með allt að 30% afslætti

KENWOOD PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED
INTENSO JBL harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox.

OPIÐ LAUGARDAG 11 -16 SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

HANDBALL 2013

## A RIÐILL

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Brasilía - Túnis** | **27-22 (13-11)** |
| **Þýskaland - Svartfjallaland** | **29-21 (13-11)** |
| **Argentína - Frakkland** | **23-35 (6-19)** |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Frakkland | 4 | 4 | 0 | 0 | 112-81 | 8 |
| Þýskaland | 4 | 3 | 0 | 1 | 116-96 | 6 |
| Brasilía | 4 | 2 | 0 | 2 | 96-102 | 4 |
| Túnis | 4 | 2 | 0 | 2 | 101-105 | 4 |
| Argentína | 4 | 1 | 0 | 3 | 87-104 | 2 |
| Svartfjallaland | 4 | 0 | 0 | 0 | 4 92-116 | 0 |

## B RIÐILL

**ÚRSLIT**

| | |
|---|---|
| **Makedónía - Rússland** | **29-29 (13-16)** |
| **Síle - Katar** | **23-31 (9-16)** |

**Ísland - Danmörk 28-36 (13-16)**

**Ísland - Mörk (skot):** Kári Kristján Kristjánsson 7 (8), Snorri Steinn Guðjónsson 6 (8/1), Guðjón Valur Sigurðsson 5/1 (9/2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (8), Ólafur Gústafsson 2 (4), Aron Pálmarsson 2 (8), Arnór Þór Gunnarsson 1 (1), Ernir Hrafn Arnarson 1 (1), Þórir Ólafsson 1/1 (2/2),

**Varin skot:** Björgvin Páll Gústavsson 8 (31/3, 26%), Aron Rafn Eðvarðsson 4 (17/1, 24%),

**Hraðaupphlaup:** 3 ( Guðjón Valur Sigurðsson 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1, )

**Fiskuð víti:** 5 (Kári Kristján Kristjánsson 2, Snorri Steinn Guðjónsson 1, Guðjón Valur Sigurðsson 1, Vignir Svavarsson 1,)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**Danmörk - Mörk (skot):** Anders Eggert 7/4 (7/4), Hans Lindberg 7 (9), Mikkel Hansen 7 (11), Henrik Möllgaard 5 (6), Rasmus Lauge 3 (4), Nikolaj Markussen 3 (7), Jesper Nöddesbo 2 (2), Kasper Söndergaard Sarup 2 (4),

**Varin skot:** Niklas Landin 11/1 (35/3, 31%), Jannick Green 3/1 (7/1, 43%),

**Hraðaupphlaup:** 9 (Anders Eggert 2, Hans Lindberg 2, Mikkel Hansen 1, Henrik Möllgaard 2, Nikolaj Markussen 1, Jesper Nöddesbo 1, )

**Fiskuð víti:** 4 ( Hans Lindberg 1, Rasmus Lauge 1, René Toft Hansen 2,)

**Utan vallar:** 6 mínútur.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | 4 | 4 | 0 | 0 | 151-106 | 8 |
| Rússland | 4 | 2 | 1 | 1 | 115-107 | 5 |
| Makedónía | 4 | 2 | 1 | 1 | 112-110 | 5 |
| Ísland | 4 | 2 | 0 | 2 | 114-107 | 4 |
| Katar | 4 | 1 | 0 | 3 | 110-127 | 2 |
| Síle | 4 | 0 | 0 | 4 | 97-142 | 0 |

Ísland verður að vinna Katar í lokaumferðinni og treysta á að Danir vinni Makedóníu. Danir hafa hins vegar að engu að keppa í leiknum við Makedóníumenn því þeir eru búnir að tryggja sér sigur í riðlinum.

## C RIÐILL

**Í DAG**
**14.45 Slóvenía - Hvíta-Rússland**
**17.00 Sádi-Arabía - Suður-Kórea**
**19.15 Pólland - Serbía**
**Í beinni á Sport 3.**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Serbía | 3 | 3 | 0 | 0 | 95-70 | 6 |
| Slóvenía | 3 | 3 | 0 | 0 | 91-73 | 6 |
| Pólland | 3 | 2 | 0 | 1 | 76-61 | 4 |
| Hv. Rússland | 3 | 1 | 0 | 2 | 76-78 | 2 |
| S. Kórea | 3 | 0 | 0 | 3 | 69-91 | 0 |
| S. Arabía | 3 | 0 | 0 | 3 | 56-90 | 0 |

## D RIÐILL

**Í DAG**
**15.45 Ástralía - Alsír**
**18.00 Ungverjaland - Spánn**
**Í beinni á Stöð 2 Sport og HD.**
**20.15 Króatía - Egyptaland**
**Í beinni á Stöð 2 Sport og HD.**

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Spánn | 3 | 3 | 0 | 0 | 107-49 | 6 |
| Króatía | 3 | 3 | 0 | 0 | 87-45 | 6 |
| Ungverjaland | 3 | 2 | 0 | 1 | 87-56 | 4 |
| Egyptaland | 3 | 0 | 1 | 2 | 71-85 | 1 |
| Alsír | 3 | 0 | 1 | 2 | 58-82 | 1 |
| Ástralía | 3 | 0 | 0 | 3 | 37-130 | 0 |

2 SPORT HD

**Í DAG**
**17.50 Ungverjaland - Spánn**
**19.10 Pólland - Serbía (sport 3)**
**20.05 Króatía - Egyptaland**
**22.00 HM-samantekt**



**ALLT OF STERKIR** Aron Pálmarsson og félagar í íslenska landsliðinu náðu sér ekki á strik á móti sterku dönsku liði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vörnin brást gegn Dönum

Firnasterkir Danir léku varnarmenn Íslands grátt í 36-28 sigri á HM á Spáni. Jákvæð merki í sóknarleik Íslendinga, sem þurfa að stóla á Dani í lokaumferðinni. Katar er lokaprófverkefni Íslands í riðlinum.

HM 2013 Á SPÁNI




**Sigurður Elvar Þórólfsson** seth@365.is
**Vilhelm Gunnarsson** villi@365.is


Danska landsliðið sýndi það í gærkvöld að það er mætt til leiks á heimsmeistaramótið á Spáni til þess að fara alla leið. Átta marka sigur Dana gegn Íslandi, 36-28, var öruggur og þeir léku vörn Íslands grátt. Danir eru öruggir með efsta sæti B-riðilsins eftir sigurinn í gær en Íslendingar þurfa að landa sigri gegn Katar á morgun, föstudag, og stóla á að Danir vinni Makedóníu til þess að enda í þriðja sæti riðilsins.

Danska liðið er firnasterkt og Danir unnu í Víkingalottóinu þegar þeir fengu leikauppsetninguna í riðlakeppninni í Sevilla. Gátu leyft sér að hvíla lykilmenn daginn fyrir leikina gegn Rússlandi og Íslandi. Þökk sé Síle og Katar.

Á heimsmeistaramótum er álagið gríðarlegt og það sást greinilega í gærkvöld að lykilmenn danska liðsins voru með „frískari fætur“ en þeir íslensku. Guðjón Valur Sigurðsson klikkaði úr opnum færum, sem er ekki líkt honum, og þeir Vignir Svavarsson og Sverre Jakobsson voru ekki alveg eins þéttir fyrir og gegn Makedóníu. Það er reyndar til mikils ætlast að þeir geti ávallt leikið varnarleikinn með þeim hætti. Sóknarnýting Dana var 73% í fyrri hálfleik – sem segir allt um varnarleik Íslands.

Ulrik Wilbek, þjálfari Dana, lagði gríðarlega áherslu á hraðar sóknir ef Íslendingar skoruðu – og oftar en ekki náðu þeir Sverre og Vignir ekki að skipta við sóknarmennina eins og þeir eru vanir. Í þeirri stöðu var íslenska vörnin opin og Danir fundu ávallt leiðir til að skora. Hans Lindberg, sem á íslenska foreldra, klíndi boltanum hvað eftir annað í markvinkilinn úr hægra horninu. Hann var besti maður liðsins og lék varnarleikinn einnig vel þar sem hann tók Aron Pálmarsson nánast úr umferð.

Wilbek tók þá ákvörðun að láta Henrik Möllgaard standa vaktina í vörninni en hann er jafnframt frábær skotmaður. Möllgaard reyndist íslenska liðinu erfiður og þá sérstaklega í síðari hálfleik, þar sem hann skoraði fjögur af alls fimm mörkum sínum. Öll eftir hraða miðju eða hraðaupphlaup á meðan íslenska liðið var að skipta.

Aron Pálmarsson setti tvö skot í þverslá og stöng í fyrri hálfleik – en hann var duglegur að finna Kára Kristján Kristjánsson á línunni eftir að hann fór í leikstjórnandahlutverkið. Ólafur Gústafsson svaraði kalli fyrirliðans og var ekkert „súkkulaði“ þegar hann kom inn á í vinstri skyttuna. Dúndraði inn tveimur mörkum í fyrri hálfleik – engin púðurskot þar á ferð. Ernir Arnarson kom einnig snemma inn á og leysti Ásgeir Örn Hallgrímsson af í hægri skyttunni. Ernir komst fljótlega á blað og gerði það sem óskað var eftir frá honum.

Þegar 6 mínútur voru eftir af fyrri hálfleik náði Arnór Þór Gunnarsson að minnka muninn í eitt mark, 11-12, en íslenska liðið náði ekki að fylgja því eftir. Hraðaupphlaup og brottrekstrar hjá Vigni Svavarssyni og Sverre gerðu Íslendingum erfitt fyrir. Danir nýttu sín færi og voru yfir í hálfleik, 16-13. Danir náðu strax fjögurra marka forskoti í upphafi síðari hálfleiks – 14-18 – og lögðu þar með grunninn að sigrinum. Danir sýndu stórkostleg tilþrif í sóknarleiknum – gegnumbrot, langskot og mörk úr hornum og línu. Anders Eggert trítlaði síðan af og til af varamannabekknum og skoraði úr vítaköstum. Maðurinn er með meistarapróf í þessari iðngrein. Ótrúlega öruggur. Íslendingar nýttu aðeins tvö af alls fimm vítum í leiknum.

Varnarleikur íslenska liðsins var dapur í gær. Sóknarleikurinn var það sem lýsti upp myrkrið. Snorri Steinn Guðjónsson lék vel í síðari hálfleik og það er jákvætt, hann skoraði alls 5 mörk. Snorri þarf að brjóta ísinn hvað varðar vítin en hann tók eitt undir lok leiksins og það varði Niklas Landin. Snorri hefur ekki skorað úr víti í landsleik frá því á ólympíuleikunum síðasta sumar. Kári Kristján Kristjánsson var öflugur í sóknarleiknum og var markahæsti leikmaður liðsins með alls átta mörk úr níu tilraunum – sem er afar jákvætt fyrir leikinn gegn Katar.

# Danirnir náðu að slíta okkur í sundur

Aron Kristjánsson segir að ekkert annað en sigur komi til greina í lokaleiknum á móti Katar á morgun.

**HANDBOLTI** „Danirnir náðu að slíta okkur í sundur í varnarleiknum. Náðum ekki að hreyfa vörnina og reyndum að breyta ýmsu en það gekk ekkert upp. Við notuðum mikla orku í leikinn gegn Makedóníu þar sem við vorum komnir í þá stöðu að það var lykilleikurinn fyrir okkur eftir tapið gegn Rússum. Það kemur ekkert annað en sigur til greina gegn Katar,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska landsliðsins, eftir 36-28 tapið gegn Dönum í gær.

„Sóknarleikurinn var frábær hjá Dönum og þeir skoruðu úr öllum færum. Við náðum ekki að leysa skiptingarnar úr sókn og vörn nógu vel. Danirnir fórnuðu ákveðnum leikmönnum í vörninni til þess að efla seinni bylgjuna í hraðaupphlaupunum – og það réðum við ekki við. Við töpuðum stórt og vorum teknir í kennslustund en ég sé samt jákvæða punkta. Sérstaklega í sókninni. Snorri Steinn Guðjónsson fann sig vel í seinni hálfleik, Kári Kristján Kristjánsson var öflugur og Ásgeir Örn Hallgrímsson náði að sýna það sem ég vissi að býr í honum. Það var aðeins farið að draga af Aroni Pálmarssyni og Guðjóni Val Sigurðssyni – enda ekkert skrýtið eftir það sem þeir lögðu í leikinn gegn Makedóníu,“ sagði Aron.

Kári Kristján Kristjánsson nýtti færin sín vel á línunni í gær, en hann markahæstur í íslenska liðinu með 8 mörk úr 9 skotum. „Danir eru með gríðarlega mikla breidd og þeir eru skynsamir í öllum sínum aðgerðum. Við áttum ekki svör gegn þeim – því miður. Það er fúlt að tapa en við getum tekið eitthvað jákvætt með okkur í framhaldið. Hvað sjálfan mig varðar var sjálfstraustið meira en áður og það voru fleiri sem fundu sig í sókninni – og það er jákvætt fyrir liðið upp á framhaldið,“ sagði Kári. -seth



**ARON KRISTJÁNSSON** Ánægður með sóknina en vörnin klikkaði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Útsala í Betra Baki!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



**Chiro Deluxe dýna** (aukahlutir á mynd botn og lappir)
Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.205 • 180x200 cm. Verð nú kr. 162.000,-

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl

## Vandaðir hægindastólar

20% afsláttur



**Verðdæmi**
**LEVANTO**
hægindastóll
með skemli
**Kr. 111.840**
Verð kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu
og rauðu leðri.

## Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



HOLLANDIA
**stillanlegt að þínum þörfum!**

## Sængurver í sérflokki !

20% afsláttur




30%
afsláttur



**McGREGOR**
ESTABLISHED NEW YORK 1921
**Úrval af baðsloppum
– allar stærðir –
fyrir dömur og herra**

## Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur
Útsöluverð **kr. 8.950**
Verð kr. 17.900

TEMPUR
DÝNUR OG KODDAR



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar **25% afsláttur**

## Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200
**kr. 33.162**
Verð kr. 47.375



TEMPRAKON

## Vandaðar C&J heilsudýnur!

25% afsláttur

**Verðdæmi**

**C&J** Platinum heilsurúm

| Dýna botn og lappir | **TILBOÐ** | |
|---|---|---|
| 160x200 – kr. 173.900 | **129.900** | |
| 160x200 – kr. 112.773 | **84.500** | (Bara dýna) |
| 180x200 – kr. 189.900 | **139.900** | |
| 180x200 – kr. 124.170 | **93.100** | (Bara dýna) |

**C&J** Gold heilsudýna

| Dýna botn og lappir | **TILBOÐ** | |
|---|---|---|
| 160x200 – kr. 199.900 | **149.925** | |
| 160x200 – kr. 139.679 | **104.760** | (Bara dýna) |
| 180x200 – kr. 219.900 | **164.800** | |
| 180x200 – kr 154.371 | **115.770** | (Bara dýna) |



Charlotte & Julien
Dream your world™

**Frábært verð!**

## Edward svefnsófi

50% afsláttur



**EDWARD** svefnsófi
Afsláttarverð **kr. 104.500**
Verð kr. 209.000

**Betra BAK**
**Leggur grunn að góðum degi**

www.betrabak.is

**betrabak@betrabak.is**
**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477**
**Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566**
**Opið virka daga frá kl. 10-18**
**Laugardaga frá kl. 11-16**

# Sjóðandi heitur fyrir utan 3ja stiga línuna

Jón Ólafur Jónsson valinn bestur í fyrri umferðinni.

**KÖRFUBOLTI** Jón Ólafur Jónsson, leikmaður Snæfells, var í gær valinn besti leikmaðurinn í fyrri umferð Dominos-deildar karla en Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs frá Þorlákshöfn, var við sama tilefni kosinn besti þjálfarinn.

Jón Ólafur var með 22,1 stig og 9,1 fráköst að meðaltali í leik í leikjunum ellefu í fyrri hlutanum og Snæfellsliðið vann átta þeirra. Jón Ólafur var sjóðandi heitur fyrir utan þriggja stiga línuna en hann nýtti yfir 60 prósent þriggja stiga skota sinna í fyrri umferðinni (31 af 51).

Hittni Jóns Ólafs fyrir utan þriggja stiga línuna átti þátt í mörkum sigurleikjum Hólmara en hann var með 67 prósenta þriggja stiga nýtingu og þrjá þrista að meðaltali í leik í sigurleikjunum.

Benedikt Guðmundsson stýrði Þórsliðinu til sigurs í 8 af 11 leikjum í fyrri umferðinni.

Justin Shouse í Stjörnunni, Samuel Zeglinski í Grindavík, Darrel Lewis í Keflavík og Marvin Valdimarsson úr Stjörnunni voru valdir í úrvalsliðið ásamt Jóni.

Sigmar Egilsson í Skallagrími var kosinn dugnaðarforkurinn og Sigmundur Már Herbertsson var valinn besti dómarinn. óój



**JÓN ÓLAFUR** Mátti ekki frá frítt skot í fyrri hlutanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Leikmenn fá greitt eins og sjómenn

Grindavík réð Milan Stefán Jankovic sem þjálfara meistaraflokks í gær. Hann tekur við starfinu af Guðjóni Þórðarsyni. Grindvíkingar, sem féllu í 1. deild síðasta sumar, hafa tekið reksturinn rækilega í gegn. Leikmenn hafa tekið á sig 25 prósenta launalækkun og Grindavík hefur tekið upp hlutaskiptakerfi sjómanna.

**FÓTBOLTI** Grindvíkingar tóku þá ákvörðun á síðasta ári að ráða Milan Stefán Jankovic sem þjálfara karlaliðs félagsins. Félagið gat þó ekki gengið frá ráðningunni fyrr en Guðjón Þórðarson hafði formlega lokið störfum sem þjálfari. Það gerðist nú um áramótin.

„Janko var með samning við félagið til 2015 og við breyttum bara titlinum. Hann fær líka litla launahækkun með aukinni ábyrgð," segir Jónas Þórhallsson, formaður knattspyrnudeildar Grindavíkur.

Jankovic er búinn að vera á Íslandi í tæpt 21 ár og þar af hefur hann verið í Grindavík í nítján. Það er einnig mögnuð staðreynd að hann er að taka við Grindavíkurliðinu í þriðja sinn.

„Hann hætti að spila 1999 og tók þá við liðinu hjá okkur og var með það til 2001. Hann fór í tvö ár til Keflavíkur en kom svo aftur sem aðstoðarþjálfari. Hann tekur svo við liðinu af Sigurði Jónssyni á sínum tíma. Þetta verður því í þriðja sinn sem hann verður aðalþjálfari. Það er líklega einsdæmi, sem og að hann sé búinn að starfa fyrir okkur á einn eða annan hátt í tæp 19 ár."



**ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER** Milan Stefán Jankovic er orðinn aðalþjálfari karlaliðs Grindavíkur í þriðja skiptið á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Allt í góðu milli okkar Guðjóns

Það tók sinn tíma að ganga frá málum varðandi Guðjón Þórðarson en það mál endaði í höndum lögfræðinga. Jónas segir að því máli sé nú lokið.

„Af okkar hálfu er þessu lokið. Samningur hans rann út um áramót. Það voru engin illindi á milli okkar þó svo að lögfræðingar væru í spilinu. Við höfum lokið okkar skyldum gagnvart þeim samningi."

Grindvíkingar verða í 1. deildinni næsta sumar og þurfa að haga seglum eftir vindi. Þar á meðal þurfa þeir að endurskoða fjárhaginn og það hafa þeir gert. Allir leikmenn liðsins hafa tekið á sig 25 prósenta launalækkun og svo fá leikmenn greitt í níu mánuði í stað tólf mánuða.

„Þetta byrjaði núna 1. janúar og menn fá greitt út september. Þetta er jákvæð þróun finnst mér," segir Jónas, sem hefur einnig tekið upp nýtt launakerfi sem hann hefur lengi talað fyrir.

„Þetta er það sem við köllum hlutaskiptakerfi sjómanna. Ef menn ná árangri þá ná þeir verulegri bætingu á sínum kjörum. Byrjunarliðsmenn fá 100 prósent greitt, varamenn sem koma inn á af bekknum 50 prósent en þeir sem sitja á bekknum fá 25 prósent. Ég hef talað fyrir þessu lengi og ég hef fengið jákvæð viðbrögð víða. Meðal annars fengið símtal úr Vesturbænum þar sem menn voru að spyrja mig út í þetta."

Jónas segir að fjármál knattspyrnudeilda almennt hafi verið í ólestri lengi og að hans mati er þetta eina raunhæfa kerfið í rekstur á knattspyrnudeild.

„Þetta er ekki flókið. Það sem kemur inn fer út til leikmanna. Þetta var orðið glórulaust. Það er fjöldi félaga í miklum vanda þar sem þau geta ekki staðið við sínar skuldbindingar. Þegar menn skrifa undir samning hér þá geta menn treyst því að staðið sé við samninginn. Það hefur alltaf verið þannig í Grindavík og við erum stoltir af okkar góða orðspori."

> **Þetta er ekki flókið. Það sem kemur inn fer út til leikmanna. Þetta var orðið glórulaust.**
>
> *Jónas Þórhallsson*

Grindvíkingar ætla sér stóra hluti á næstu árum. Þeir hafa slegið í klárinn í yngri flokka starfinu, eru búnir að styrkja meistaraflokk kvenna mikið og ætla sér ekki að dvelja lengi í 1. deild með meistaraflokk karla.

„Við viljum byggja sterkt félag í grunninn. Markmiðið er að vera á meðal þeirra bestu í karla- og kvennaflokki en á okkar forsendum. Stefnan er að koma karlaliðinu beint upp næsta sumar. Við erum ekki búnir að kaupa leikmenn en fimm leikmenn sem spiluðu lítið síðasta sumar vegna meiðsla eru komnir aftur. Það er því eins og við höfum fengið fimm nýja leikmenn og það eru allt sterkir strákar sem styrkja okkur mikið," segir Jónas.

henry@frettabladid.is


HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012


ÞÚ SPARAR 200 KR./M2
Vnr. 0113452
Plastparket, eik, þriggja stafa, 193x1380x6 mm.
990 kr./m2
FULLT VERÐ: 1.190 kr./m2
ÞÚ SPARAR 8.000 KR.
Vnr. 42371570
DENVER dvd spilari DVH-1212, með HDMI.
5.990 kr.
FULLT VERÐ: 13.990 kr.
Vnr. 42372654
Black & Decker rafhlöðuborvél, 12V.
6.900 kr.
FULLT VERÐ: 12.900 kr.
ÞÚ SPARAR 6.000 KR.
ALLT Á AÐ SELJAST
LAGERHREINSUN
LAGER-HREINSUN!
4. - 19. JANÚAR
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
Vnr. 78001002
Hefilbekkur úr birki, 126x61x84 cm.
19.989 kr.
FULLT VERÐ: 35.989 kr.
ÞÚ SPARAR 16.000 KR.
ÞÚ SPARAR 3.000 KR.
Vnr. 88011269
Fjarstýrður bíll.
3.990 kr.
FULLT VERÐ: 6.990kr.
ÞÚ SPARAR 1.000 KR.
Vnr. 38910030
SMARTY járnhilla, 138x70x30 cm.
1.995 kr.
FULLT VERÐ: 2.995 kr.
ÞÚ SPARAR 1.000 KR.
Vnr. 50170179
MILLARCO trappa með 2 þrep.
2.990 kr.
FULLT VERÐ: 3.990 kr.
ÞÚ SPARAR 4.600 KR.
Vnr. 65103203
SINBO halogenofn, 900W.
9.990 kr.
FULLT VERÐ: 14.590 kr.
Vnr. 41100105
Matar- og kaffistell,gyllt mynstur, 4 manna, 20 stk.
3.990 kr.
FULLT VERÐ: 6.190 kr.
ÞÚ SPARAR 2.200 KR.
ÞÚ SPARAR 800 KR.
Vnr. 42367545
Vatnsglös, 4 stk. í pakka.
999 kr.
FULLT VERÐ: 1.799 kr.
ÞÚ SPARAR 3.000 KR.
Vnr. BU1300W
BIONAIRE rakatæki, stillanlegt rakastig, næturlýsing og gufustútur með snúningi.
5.995 kr.
FULLT VERÐ: 8.995 kr.
Vnr. 93941802
Gúmmívettlingar, bláir eða rauðir.
119 kr.
FULLT VERÐ: 519 kr.
ÞÚ SPARAR 400 KR.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum. Gildir meðan birgðir endast.
EXPO · www.expo.is

# DAGSKRÁ



## Popptíví kl. 20.35
### The Carrie Diaries

Glamúrgellan Carrie Bradshaw varð að tískufyrirmynd og sérlegum kynlífs- og ástarráðgjafa kvenna um allan heim þegar þættirnir Sex and the City slógu í gegn á árunum í kringum síðustu aldamót. Í þessum glænýju þáttum er farið aftur í tímann, til þess þegar Carrie var ung, óreynd og ástarsamband hennar við New York-borg var rétt að byrja. Það kemur í hlut leikkonunar AnnaSophia Robb að feta í fótspor Sarah Jessica Parker og leika Carrie á sínum yngri árum.

## Í KVÖLD



### Outnumbered

**RÚV KL. 20.40** Hugh Dennis og Claire Skinner leika hjónin Pete og Sue í þessum bresku gamanþáttum. Hjónin eiga í mestu erfiðleikum með að ala upp börnin sín þrjú, Jake, Ben og Karen, sem eru hvert öðru uppátektarsamara.

TV.COM 8,9 IMDb 8,2



### Quantum of Solace

**SKJÁR 1 KL. 22.00** Eftir að konan hans var myrt er James Bond niðurbrotinn og í hefndarhug. Ferðalög hans leiða hann að róttækum umhverfisverndunarsinna sem ætlar sér ýmislegt illt. Það er Daniel Craig sem fer með hlutverk 007 og Olga Kurylenko er honum innan handar.

Rotten Tomatoes 64% IMDb 6,7



### The Amazing Race

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Sextánda þáttaröðin um tveggja manna keppnisliðin sem flakka um heiminn og leysa ýmsar þrautir, í þeirri von að sigra kapphlaupið og vinna eina milljón dollara. Átta lið eru eftir og ferðast þau frá Argentínu til Þýskalands.

9,4 (U) IMDb 7,5

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sunnudagsspjall um hugmyndir, gamlar og nýjar **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Ástardrykkurinn **21.28** Fólkið sem erfir landið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: ...einsamalt vatnið augun sjá **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.48 Stundin okkar**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Dýraspítalinn** *(7:9) (Djursjukhuset)* Sænsk þáttaröð. Sofiu Rågenklint þykir vænt um dýrin og í þáttunum slæst hún í lið með dýralæknum og sinnir dýrum sem á því þurfa að halda.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Framandi og freistandi 3** *(4:9)* Í þessari nýju syrpu heldur Yesmine Olsson áfram að kenna okkur framandi og freistandi matreiðslu.
**20.40 Enginn má við mörgum** *(3:7) (Outnumbered)*
**21.15 Neyðarvaktin** *(2:13) (Chicago Fire)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð - Grunsamleg hegðun** *(6:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)* Bandarísk þáttaröð um rannsóknarsveit innan Alríkislögreglunnar. Meðal leikenda eru Forest Whitaker og Janeane Garofalo. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Downton Abbey** *(9:9) (Downton Abbey) (e)*
**00.35 Kastljós** *(e)*
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**10.50 Marmaduke**
**12.15 Azur og Asmar**
**13.50 The Deal**
**15.30 Marmaduke**
**16.55 Azur og Asmar**
**18.35 The Deal**
**20.15 If I Had Known I Was a Genius**
**22.00 The Dilemma**
**23.50 Inhale**
**01.10 If I Had Known I Was a Genius**
**02.50 The Dilemma**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(9:22)*
**08.30 Ellen** *(76:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(63:175)*
**10.15 White Collar** *(16:16)*
**11.00 Beint frá býli** *(1:7)*
**11.45 The Block** *(3:9)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(11:22)*
**13.25 The Last Song** Rómantísk gamanmynd um unga stúlku (Miley Cyrus) sem er send til föður síns (Greg Kinnear) yfir sumarið.
**15.10 Evrópski draumurinn** *(5:6)*
**15.45 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(77:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(3:23)*
**19.40 The Middle** *(17:24)*
**20.05 The Amazing Race** *(4:12)* Skemmtileg þáttaröð þar sem keppendur flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum.
**20.50 NCIS** *(6:24)* Áttunda þáttaröð þessara spennuþátta um sérsveit lögreglumanna í Washington.
**21.35 Person of Interest** *(13:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.20 Breaking Bad** *(7:13)* Fjórða þáttaröðin um Walter White fyrrverandi efnafræðikennara og fjölskyldumann.
**23.10 Mannshvörf á Íslandi** *(1:8)*
**23.35 The Mentalist** *(7:22)*
**00.20 Boardwalk Empire** *(8:12)*
**01.20 Anna Nicole** Kvikmynd byggð á ævi fyrirsætunnar sem lifði hratt og dó ung.
**02.45 The Last Song**
**04.30 NCIS** *(6:24)*
**05.15 The Big Bang Theory** *(3:23)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 HM í handbolta - samantekt** Guðjón Guðmundsson fer yfir leikina.
**11.10 HM 2013: Ísland - Danmörk**
**12.35 HM 2013: Maked. - Rússland**
**14.00 HM: Þýskal. - Svartfjallaland**
**15.25 HM 2013: Ísland - Danmörk**
**16.50 Þorsteinn J. og gestir** Hitað upp fyrir leikina á HM í handbolta.
**17.50 HM 2013: Ungverjaland - Spánn** BEINT frá leik í D-riðli.
**19.30 Spænsku mörkin**
**20.05 HM 2013: Króatía - Egyptaland** BEINT frá leik í D-riðli.
**21.45 HM í handbolta - samantekt**
**22.15 HM 2013: Pólland - Serbía**
**23.40 HM 2013: Ungverjal. - Spánn**
**01.05 HM 2013: Króatía - Egyptaland**
**02.30 HM í handbolta - samantekt**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Southampton**
**16.40 Chelsea - Southampton**
**18.20 Everton - Swansea**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 Premier League Review Show 2012/13**
**21.25 Football League Show 2012/13**
**21.55 Stoke - Chelsea**
**23.35 Sunderland - West Ham**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.55 UKI**
**09.05 Elías**
**09.20 Strumparnir**
**09.45 Ofurhundurinn Krypto**
**10.10 Lukku láki**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurhetjusérsveitin**
**17.45 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(1:22)* Þáttur kvöldsins verður með óhefðbundu sniði og verður boðið upp á þrjár stuttmyndir að hætti hússins.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(2:22)* Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**19.00 Friends** *(22:23)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(16:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(18:23)*
**20.10 Game Tíví**
**20.35 The Carrie Diaries** *(1:13)* Bandarísk þáttaröð um Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City. Í þessum glænýju þáttum er fylgst með Carrie þegar hún var yngri og að stíga sín fyrstu spor á framabrautinnni.
**21.20 Pretty Little Liars** *(23:25)* Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**22.05 Eastwick** *(4:13)*
**22.50 FM 95BLÖ**
**23.10 Game Tíví**
**23.35 The Carrie Diaries** *(1:13)*
**00.20 Pretty Little Liars** *(23:25)*
**01.05 Eastwick** *(4:13)*
**01.50 FM 95BLÖ**
**02.15 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** *(115:175)*
**19.00 Ellen** *(77:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Stelpurnar** *(13:20)*
**20.25 Fóstbræður**
**21.00 Friends** *(24:24)*
**21.25 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**22.25 Strákarnir**
**22.50 Stelpurnar** *(13:20)*
**23.10 Fóstbræður**
**23.45 Friends** *(24:24)*
**00.10 Í sjöunda himni með Hemma Gunn**
**01.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 7th Heaven** *(2:23) (e)*
**16.55 Rachael Ray**
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Necessary Roughness** *(6:16) (e)*
**19.10 The Office** *(11:27) (e)*
**19.30 Hæ Gosi** *(1:8) (e)*
**19.55 Will & Grace** *(10:24) (e)*
**20.20 Happy Endings** *(12:22)* Bráðfyndnir þættir um skrautlegan vinahóp. Brad liggur á hleri og kemst að miður skemmtilegum sannleika sem hann ákveður að nota sér til framdráttar.
**20.45 30 Rock** *(22:22)* Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof gagnrýnenda. Í þessum lokaþætti fylgjumst við með Liz, Jack, Jennu og Tracy verða sér til skammar.
**21.10 House** *(18:23)* Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House. Læknateymið rannsakar dularfullt mál drengs sem er nær dauða en lífi eftir martraðir.
**22.00 Quantum of Solace**
**23.50 Excused** Nýstárlegir stefnumótaþáttur um ólíka einstaklinga sem allir eru í leit að ást.
**00.15 Parks & Recreation** *(10:22) (e)*
**00.40 CSI: Miami** *(16:19) (e)*
**01.30 Happy Endings** *(12:22) (e)*
**01.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Golfing World **09.00** Abu Dhabi Golf Championship *(1:4)* **13.00** Sony Open **2013** *(4:4)* **15.00** Golfing World **15.50** Abu Dhabi Golf Championship *(1:4)* **19.35** Inside the PGA Tour *(3:47)* **20.00** Humana Challenge **2013** *(1:4)* **00.00** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun






ÚTSALA!
ÚTSALA!
Allt að 60% afsláttur

20-40% afsláttur AF ÖLLUM ETHNICRAFT-HÚSGÖGNUM

habitat

TEKK COMPANY

KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400 OPIÐ MÁNUDAGA - LAUGARDAGA KL. 11-18 OG SUNNUDAGA KL. 13-18


Úrval ljósa á betra verði
ÚTSALA
10-70% afsláttur
Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16
www.rafkaup.is
Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

## DRYKKURINN



**„Uppáhellt svart kaffi, helst frá Kaffismiðjunni."**

Hjörtur Matthías Skúlason, nemi í vöruhönnun.

# Vörur sem börnin geta erft

Gunnar M. Pétursson opnar vefverslun sem selur eigulegar hönnunarvörur.

„Í Reykjavík er fullt af góðum hönnunarverslunum en samt er smá kimi sem vantar inn í," segir Gunnar M. Pétursson myndlistarmaður, sem opnar vefverslunina Skekk innan skamms. Í versluninni fást helst handunnar hönnunarvörur úr náttúrulegum efnivið.

„Ég einblíni á handgerðar vörur úr náttúrulegum efnivið, ég vildi bjóða upp á vöru sem unnin er af vandvirkni og kemur ekki beint af færibandi. Mér er sérstaklega í nöp við það sem kallast „throw away-ismi" og vil sjálfur helst kaupa eigulegar vörur sem börnin mín gætu erft," útskýrir Gunnar. Flestar vörurnar fann hann á netinu og segist hann aðeins selja vörur sem hann er sjálfur hrifinn af.



Nafn vefverslunarinnar er viðurnefni sem festist við Gunnar fyrir mörgum árum síðan. Nafnið er röng stafsetning orðsins „skegg". „Við erum margir Gunnararnir og Skekk var notað til að aðgreina mig frá hinum og festist svo á endanum."

Sjá má myndir af vörunum á facebook.com/skekkhome. „Síðan er fyrst og fremst til að láta fólk vita hvaða vörur verða fáanlegar. Ég hef bara fengið jákvæð viðbrögð, þeir neikvæðu hafa greinilega haldið sínum skoðunum fyrir sig," segir Gunnar. - sm



**SKEKK** Gunnar M. Pétursson opnar vefverslunina Skekk innan skamms. Þar fást handunnar vörur úr náttúrulegum efnivið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Alveg einstakur persónuleiki

Bjartur, heimilisköttur Kattholts, kvaddi þennan heim á þriðjudag. Halldóra Björg Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri Kattholts, segir mikinn söknuð í Kattholti enda hafi Bjartur verið ljúfur og góður köttur.

„Hann var búinn að vera veikur, með tannsýkingu og sýkingu í beinum, og hættur að borða eins og dýr gera þegar þau gefast upp. Dýralæknar voru búnir að meðhöndla hann eins og hægt var og að lokum tókum við þá erfiðu ákvörðun um að láta svæfa hann," segir Halldóra Björk Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri Kattholts, um heimilisköttinn Bjart sem kvaddi þennan heim á þriðjudag. Bjartur var mörgum vel kunnur, enda sinnti hann hlutverki móttökustjóra Kattholts.

Bjartur fagnaði fjórtán ára afmæli sínu í október síðastliðnum og náði því háru elli.

Bjartur fannst á vergangi í Mosfellsbæ fyrir rúmum sjö árum og var þá fluttur í Kattholt. Þar kom í ljós að hann var örmerktur, en þegar haft var samband við eiganda hans vildi sá ekkert með köttinn hafa. Úr varð að Bjartur settist að í Kattholti og tók við hlutverki heimiliskattar samtakanna.

„Það er mikill sjónarsviptir að honum Bjarti og við söknum hans mikið. Hann var alveg einstakur persónuleiki, ljúfur og góður, og aldrei neitt vesen á honum. Hann var hvers manns hugljúfi," segir Halldóra.

Bjartur bjó á Kattholti í sjö ár og tók við hlutverki heimiliskattar samtakanna af Emil. Halldóra segir að tíminn muni leiða í ljós hvort nýr köttur finnist í þetta starf. „Það þarf alveg sérstakan kött í þetta starf, næsti heimilisköttur gæti þess vegna verið læða, þetta erfist ekki í karllegg."

Fréttablaðið flutti síðast frétt af Bjarti í október þegar hann var viðstaddur kynjakattasýningu í þeim erindagjörðum að safna fé til styrktar Kattholti sem hefur glímt við nokkra fjárhagsörðugleika. Fólk borgaði þá hundrað krónur fyrir að fá að klappa Bjarti og á tveimur dögum safnaði hann yfir hundrað þúsund krónum með þolinmæðinni einni saman. - sm



**HEIMILISKÖTTURINN** Bjartur, heimilisköttur Kattholts, kvaddi þetta líf á þriðjudag. Hann var titlaður móttökustjóri samtakanna og var mörgum vel kunnur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**LEIKSTJÓRI** Marteinn Þórsson leikstýrði kvikmyndinni XL sem fjallar um þingmanninn Leif Sigurðarson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# XL er dæmisaga alkóhólískrar þjóðar

Kvikmyndin XL fjallar um örlagakafla í ævi þingmanns sem er á leið í meðferð.

Kvikmyndin XL verður frumsýnd á föstudaginn. Hún fjallar um örlagakafla í ævi þingmanns sem er skikkaður í vímuefnameðferð.

Í aðalhlutverki er Ólafur Darri Ólafsson og leikstjóri er Marteinn Þórsson, sem leikstýrði Ólafi Darra einmitt líka í Roklandi. Með önnur helstu hlutverk fara María Birta Bjarnadóttir, Þorsteinn Bachmann, Helgi Björnsson og Elma Lísa Gunnarsdóttir.

Aðspurður segir Marteinn það hafa verið yndislegt að vinna með Ólafi Darra. „Við náum rosalega vel saman. Við erum báðir óþolandi smámunasamir og viljum báðir prófa að gera eitthvað nýtt og ögra okkur," segir leikstjórinn. „Við viljum búa til bíó sem okkur finnst spennandi og er kraftur í. Maður hefði getað tekið mynd um stjórnmálamann og alkóhólista og gert leiðinda Bergman-drama sem enginn hefði nennt að horfa á," segir hann. „Í staðinn vildi ég gera hálfgerða „aksjón"-mynd úr þessu þar sem alltaf er eitthvað í gangi. Við erum inni í hausnum á honum [þingmanninum Leifi Sigurðarsyni] allan tímann. Það mun engum leiðast á þessari mynd."

Stikla myndarinnar er sukksöm í meira lagi þar sem áfengi og kynlíf fá stóran sess. Marteinn segir XL vissulega ekki vera fyrir börn en að unglingar og fullorðnir eigi að geta notið hennar. „Það eru djarfar senur í henni. Það fylgir þessu. Maðurinn er svolítill hömluleysingi. Hann er ekki bara fíkill í áfengi, heldur kynlíf, mat, völd, peninga og bara allt. Hann er svolítið rómverskur," segir hann og hlær. „Hann er líka að glíma við skilnað, er með hjákonur og svo er ljótt í fortíð hans sem er rauði þráðurinn í einu aðalplottinu."

Ólafur Darri og Elma Lísa Gunnarsdóttir komu að máli við Martein þegar þau léku í Roklandi um að þau vildu gera mynd um alkóhólista. Nokkru síðar gerðu þau saman stuttmyndina Prómill og í framhaldinu byrjaði Marteinn að skrifa handritið ásamt Guðmundi Óskarssyni, höfundi verðlaunaskáldsögunnar Bankster. „Þessi mynd er með stærri vísun. Hún er svolítið um íslenskt samfélag og hrun á siðferði. Hún er dæmisaga alkóhólískrar þjóðar. Leifur er svolítið samnefnari fyrir þetta feðraveldi, þá karla sem hafa verið við völd hér og eru hrokafullir, eiga peninga og er dálítið skítsama um fólkið í kringum sig."

freyr@frettabladid.is

## Tekin upp á aðeins nítján dögum



Upptökur á XL stóðu yfir í aðeins nítján daga í Reykjavík. Það er óvenju stuttur tími þegar um heila kvikmynd er að ræða. „Við vildum brjótast úr þessu hefðbundna ferli, þessu langa þróunarferli á bíómyndum. Með nýrri tækni er þetta mögulegt. Það er svo mikið sem verður til þegar maður gerir hlutina aðeins hraðar," segir Marteinn. „Meiri spenna, meiri æsingur, meiri gredda og allir eru meira á tánum. Það skilar sér alveg í myndinni. Þetta mætti alveg gera oftar. Við getum gert myndir sem eru flottar og „kúl" og meira okkar, heldur en að apa eftir öðrum, hvort sem það eru Hollywood- eða evrópskar staðalmyndir."

DRAUMARÚM

30-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RÚMUM

# TRYGGIR ÞÉR GÓÐAN SVEFN

**Rafmagnsrúm á verði frá 190.049**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **16.732**

**Tvíbreið heilsurúm á verði frá 129.360**



12 mánaða vaxtalaus greiðsludreifing **11.497**

## JANÚARTILBOÐ: Tökum gamla rúmið uppí nýtt!



## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Mesta úrval landsins af heilsudýnum.

Heilsudýnur í öllum stærðum - úr öllum efnum.

Eini aðilinn á íslandi sem býður uppá legugreiningu

## Janúartilboð á arineldstæðum 20-65% afsláttur







– Mikið úrval af eldstæðum –

## ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 *í síma 551-1012.***


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Egill leikur Egil

Útvarpshúsið í Efstaleiti var undirlagt kvikmyndagerðarfólki í gær. Þar var á ferðinni lið á vegum bandaríska leikstjórans Bill Condon, sem var að undirbúa tökur á atriði fyrir Wikileaks-kvikmyndina The Man Who Sold the World. Í einu atriði myndarinnar munu tvær af aðalsöguhetjunum, Julian Assange og þingkonan Birgitta Jónsdóttir, mæta í viðtal í Silfur **Egils Helgasonar**. Greint hefur verið frá því að Benedict Cumberbatch og Carice van Houten muni fara með hlutverk Assange og Birgittu, en það var hins vegar ekki leitað langt yfir skammt eftir manni í hlutverk Egils, því að hann mun túlka sjálfan sig í myndinni. Eftir því sem næst verður komist er þetta hans fyrsta kvikmyndahlutverk. Atriðið verður sem áður segir tekið upp í stúdíói Silfurs Egils í dag.



### Vill stimpil á yndishús

Óskað hefur verið eftir leyfi borgarinnar fyrir svokölluðu „yndishúsi“ sem reist var í heimildarleysi við einbýlishús í Vesturási. Húsið er í eigu **Arons Péturs Karlssonar**, sem nýlega var dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir fjársvik í tengslum við sölu á húsnæði til kínverska sendiráðsins. Yndishúsið er 24 fermetrar og þar með nánast eins og bílskúr að umfangi. Því tilheyrir meðal annars heitur pottur og girðing sem vantar leyfi fyrir.

**- sh, gar**



### Mest lesið VÍSIR

1 Aron varar við auknu eftirliti
2 Réttargæslumaður gagnrýnir kynferðisbrotadeildina harkalega
3 Bílnum stolið á meðan barnið sat í aftursætinu
4 Vill hafa gætur á arðgreiðslum ISNIC
5 Er þetta furðulegasta myndbandið á internetinu í dag?


RISA ÚTSALA
YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR
ALLT AÐ 75% AFSL.
SJÓNVÖRP ÚTVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI DVD SPILARAR MAGNARAR HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR REIKNIVÉLAR VÖFFLUJÁRN OFNAR FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR ÖRBYLGJUOFNAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR ÞVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ÍSSKÁPAR SAMLOKUGRILL KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR HELLUBORÐ RYKSUGUR HRÆRIVÉLAR UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR ÞURRKARAR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500





Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

HEILSURÚM